

Forsetakosningar
**HILLARY OG REPÚBLIKANARNIR**
▶38



**STJÖRNUFERILL ÓLAFS DARRA**
▶66

Flugsæti á góðu verði
plús FERÐIR
www.plusferdir.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
18. apríl 2015
90. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014



# MÆÐGUR DEILA LEYNDARMÁLI

**Þóra Karítas Árnadóttir leikkona hefur skrifað bók um æsku móður sinnar, Guðbjargar Þórisdóttur, og þannig rjúfa þær þögn sem hefur fylgt fjórum kynslóðum fjölskyldunnar.** ▶ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FÁAR KONUR Á TOPPINN**
Konur finna sig í völundarhúsi vinnupólitíkur og leikreglna karla á vinnustaðnum. ▶ 28



Jón Freyr og Matthildur
**DANSA Í GEGNUM LÍFIÐ**
▶36



**Í HVERJU VAR DORRIT?**
Klæðnaður forsetafrúarinnar í afmæli Danadrottningar hefur vakið umtal.
▶ 82






Bókaðu sól, sand, strönd og sumarævintýri frá kr. 69.900

Heimsferðir

## VEÐUR




**Suðlæg átt.** Búast við að hvasst verði á norðanverðu Snæfellsnesi, en annars víða 8-15 m/s. Skýjað og úrkomulítið sunnan- og vestanlands, hiti gæti náð 17 stigum.

SJÁ SÍÐU 58

## GLEÐIFRÉTTIN

### Afskrifar ekki sumarblíðu



**Trausti Jónsson** veðurfræðingur segir alls ekki bara rigningu og ömurlegheit í öllum kortum. Hann segir óþarfa að afskrifa sumarið strax. Fréttir af lágum sjávarhita suðvestur í hafi séu ekki staðfesting á slæmu sumri. Trausti segist þó ekki vera að spá nokkrum hlut.

Annar drengjanna sem festust í Reykdalsstíflu kominn úr öndunarvél:

# Yngri drengurinn vaknaði í gær

**BJÖRGUN** Yngri drengurinn sem lenti í sjálfheldu í fossi sem rennur af Reykdalsstíflu í Hafnarfirði síðastliðinn þriðjudag komst til meðvitundar í gær og er kominn úr öndunarvél samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum. Hann er þó enn afar veikburða eftir slysið.

DV greindi frá því að drengurinn hefði komist til meðvitundar síðdegis í gær. Fjölskylda drengsins segir í samtali við DV að þau séu þeim sem komu að björgun og hjúkrun óendanlega þakklát.

Lögreglan hefur verið með málið til rannsóknar en samkvæmt skýrslu lögreglunnar var yngri drengurinn að sækja bolta út í fossinn þegar hann festist í hyl undir fossinum. Eldri drengurinn fór út í fossinn til að hjálpa bróður sínum. Sá eldri komst til meðvitundar á slysstað eftir endurlífgunartilraunir lögreglu. **- ak / srs**



**BJÖRGUN** Aðstandendur eru þakklátir björgunarfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hemlaði ekki í tæka tíð:

## Ók á dreng á Suðurnesjum

**LÖGREGLUMÁL** Ungur drengur sem var að hlaupa yfir götu varð í vikunni fyrir bíl í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum. Drengurinn var með hópi barna sem var að koma úr rútu sem stöðvuð hafði verið í vegkanti.

Ökumaður sem ók eftir götunni var að horfa eftir hópnum sem var kominn yfir þegar drengur sem hafði dregist aftur úr hljóp yfir götuna. Ökumaðurinn náði ekki að hemla í tæka tíð og ók á drenginn sem slasaðist á fótum og var fluttur með sjúkrabíl á spítala þar sem gert var að meiðslum hans. **- vh**

Björgólfur áfram formaður:

## Ný stjórn atvinnurekenda

**VIÐSKIPTI** Ný stjórn Samtaka atvinnulífsins var kjörin á aðalfundi samtakanna sem fram fór á fimmtudag. Nýir stjórnarmenn eru Árni Stefánsson Húsasmiðjunni, Bjarni Bjarnason Orkuveitu Reykjavíkur, Jens Garðar Helgason Eskju, Gylfi Gíslason Jáverki, Jón Ólafur Halldórsson Olíuverzlun Íslands og Rannveig Grétarsdóttir Hvalaskoðun Reykjavíkur.

Björgólfur Jóhannsson var endurkjörinn formaður í rafrænni atkvæðagreiðslu meðal aðildarfyrirtækja samtakanna með 98 prósentum greiddra atkvæða. **- fbj**



**KOMIN TIL AÐ VERA** „Hvað sem verður, þá eru þessi lyf komin til að vera," segir Kolbeinn og telur tímabært að allir aðilar fræðist um kosti og hugsanlega galla þessarar nýju tækni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Óvissa um hvernig nota má lyf Alvotech

Sex líftæknilyfshliðstæður hafa verið í þróun hjá Alvotech síðustu ár. Íslensk yfirvöld hafa ekki tekið afstöðu til þess hvernig þau verða notuð í stað þeirra sem fyrir eru.

**HEILBRIGÐISMÁL** Framkvæmdir við höfuðstöðvar Alvogen í Vatnsmýrinni eru langt komnar og tugir Íslendinga hafa gengið til liðs við fyrirtækið síðustu vikur og mánuði. Sex líftæknilyfshliðstæður (e. biosimilar) hafa verið í þróun hjá Alvotech í samvinnu við erlenda samstarfsaðila síðustu tvö ár og fyrstu lyf fyrirtækisins fara á markað árið 2018 þegar einkaleyfi þeirra renna út. Alvotech er dótturfyrirtæki Alvogen sem mun sjá um markaðssetningu lyfjanna.

Kolbeinn Guðmundsson, yfirlæknir Lyfjastofnunar, segir flest lönd heims sýna varkárni þegar kemur að því að skipta út frumlyfi fyrir líftæknilyfshliðstæður. Framleiðsla lyfjanna er flókin og þörf er á ítarlegum klínískum rannsóknum og tilraunum á sjúklingum áður en þau teljast örugg. Þó er mikill hagur talinn af lyfjum sem þessum, þau eru ódýrari en frumlyfin. „Útskiptanleiki frumlyfs og hliðstæðunnar er það sem heilbrigðisyfirvöld margra landa heims vilja verjast," segir Kolbeinn og segir varkárnina almenna í öllum heiminum. Sjálfsagt sé að hefja meðferð nýrra sjúklinga á hliðstæðu en það sé fræðileg áhætta í því fólgin að skipta á milli frumlyfs og hliðstæðulyfs og sérstaklega ef það er gert endurtekið. „Þetta er aðalhitamálið, yfirvöld sýna varkárni vegna þessarar fræðilegu áhættu lyfjanna og íslensk yfirvöld hafa ekki tekið afstöðu til þessa," segir hann og telur tímabært að það verði gert.

„Kostirnir eru hins vegar þeir að það er engin ástæða til að draga gæðin í efa og verðið ætti að verða eitthvað lægra en verð frumlyfja. Reyndar verður verðmunurinn líklega ekki eins mikill og á samheitalyfjamarkaðnum vegna þess hve framleiðslan er flókin," segir hann.

> **Þetta er aðalhitamálið, yfirvöld sýna varkárni vegna þessarar fræðilegu áhættu lyfjanna**
>
> *Kolbeinn Guðmundsson, yfirlæknir Lyfjastofnunar*

Kolbeinn útskýrir hvað líftæknilyfshliðstæða er. Hann byrjar á því að útskýra frumlyfin sem stendur til að gera hliðstæðu af. „Líftæknilyf er sá lyfjaflokkur sem vex einna hraðast í dag. Insúlín er líftæknilyf, svo dæmi sé tekið. Lyfin sem Alvotech og önnur fyrirtæki þróa eru hliðstæður líftæknilyfja sem eru ekki lengur varin einkaleyfi. Það er mikill munur á líftæknilyfshliðstæðum og samheitalyfjum og aðalmunurinn felst í því hversu flókin þau eru í framleiðslu."

kristjanabjorg@frettabladid.is



**DAUÐAGANGAN** Þátttakendur feta í fótspor fanganna úr Auschwitz. AFP PHOTO / JANEK SKARZYNSKI

„Leið hinna lifandi" ætlað að vara við þjóðernisöfgum:

## Feta í spor þeirra dauðadæmdu

**PÓLLAND Stúlka með ísraelskan fána gengur „leið hinna lifandi" sem er hluti af alþjóðlegu menntaverkefni sem gefur ungmennum kost á að kynna sér útrýmingarbúðirnar í Auschwitz. Markmið verkefnisins er að vara ungmenni við þjóðernisöfgum og fræða fólk um voðaverk seinni heimsstyrjaldarinnar. Viðburðurinn, sem haldinn er árlega, hefur farið fram frá árinu 1988.**

**Göngu hinna lifandi er ætlað að líkja eftir svokölluðum dauðagöngum sem fangar í útrýmingarbúðunum þurftu að ganga undir lok styrjaldarinnar en þeir þurftu að ganga frá Auschwitz til Birkenau-útrýmingarbúðanna við hrikaleg skilyrði.** **- srs**




Veiðifélag krefst þess að komið verði í veg fyrir skaða vegna virkjunar:

# Vilja nýtt umhverfismat Þjórsár

**NÁTTÚRA** Stjórn Veiðifélags Þjórsár telur að nýtt umhverfismat sé nauðsynlegt vegna virkjanahugmynda Landsvirkjunar í neðri hluta árinnar. Í nýrri ályktun stjórnar kemur fram að síðan umhverfismat var framkvæmt á árunum 2001 og 2002 hafi laxgengd stóraukist og hrygningarstöðvar og búsvæði vaxið. Sérstaða laxastofnsins í Þjórsá sé mikil enda stærsti sjálfbæri laxastofninn í Norður-Atlantshafi.

Nauðsynlegt sé að komið verði í veg fyrir að unninn verði skaði á stofnum árinnar, enda hagsmunir miklir. Félagið krefst þess að væntanlegir framkvæmdaaðilar búi yfir – svo hafið sé yfir allan vafa – fullnægjandi þekkingu á fjölmörgu er varðar stofnstærð, gönguhegðun, áhrif botnfalls í lónum og áhrif gríðarlegra rennslisbreytinga í farvegum milli lóna. Eins hvernig tryggt verður að lágmarksrennsli fari ekki niður fyrir þau mörk sem sannanlega eru fullnægjandi að mati óháðra vísindamanna og Veiðifélags Þjórsár, virkni seiðaveitna og áhrif á lífslíkur fiska sem fara um vélar virkjana, sérstaklega Urriðafossvirkjunar.

„Ætla má að ekki sé til sá fiskifræðingur, starfsmenn Veiðimálastofnunar meðtaldir, sem telur að sjóbirtingsstofn Þjórsár muni ekki bíða skaða af tilkomu virkjana í neðri hluta Þjórsár. Engar upplýsingar eru til um stofna né gönguhegðun. Þar af leiðir að ekki er minnst á mótvægisaðgerðir af hendi Landsvirkjunar gagnvart sjóbirtingi og látið eins og hann sé ekki til," segir í ályktuninni. **- shá**



**URRIÐAFOSS** Sérstökum áhyggjum er lýst af Urriðafossvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

50 FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI
TOYOTA
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

TOYOTA
ALWAYS A
BETTER WAY

# VEISLAN HELDUR ÁFRAM!

Glæsileg afmælissýning laugardaginn 18. apríl kl. 12-16
hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi




**Ertu efni í kappakstursshetju?**
Aktu til sigurs í GT86 kappakstursherminum
**í Kauptúni – spennandi verðlaun í boði**



**Sjáðu Toyota TS030 Hybrid með eigin augum**
**– kappakstursbílinn úr Le Mans keppninni í Kauptúni**



Land Cruiser 150
**ADVENTURE**

**Eigðu** **Skilaðu** **Endurnýjaðu**

Við kynnum **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið



Yaris
**TREND**

## FARSÆLT SAMBAND Í HÁLFA ÖLD

Um helgina fögnum við 50 árum Toyota á Íslandi með glæsilegri afmælissýningu. Sjáðu Le Mans kappakstursbílinn Toyota TS030 Hybrid og sýndu ökuhæfileika þína í GT86 kappakstursshermi. Við sýnum gullfallegar afmælisútgáfur af Land Cruiser 150 og Yaris Trend ásamt því að kynna Toyota FLEX - nýja og bráðsnjalla leið til að eignast Toyota bifreið.

Fagnaðu með okkur farsælu sambandi hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi kl. 12–16 á laugardag **eða á sunnudeginum hjá Toyota Kauptúni milli 12-16** þar sem sýningin stendur yfir bæði 18. og 19. apríl.

Athugið að GT86 og TS030 verða eingöngu í Toyota Kauptúni.

**Nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur**
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá
nýja Toyotu afhenta í apríl**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## 13.4.2015 → 19.4.2015

**90%**

landsmanna vilja að Kiwanis-hreyfingin og Eimskip fái að gefa grunnskólabörnum reiðhjólahjálma og fræðsluefni.

**100 TONN**
af sandi voru notuð til hálkuvarna í þjóðgarðinum á Þingvöllum árið 2014.

**6 milljarða**
króna framkvæmdir eru fyrirhugaðar í Bláa lóninu.


**20 KÍLÓUM**
af fíkniefnum reyndu hollenskar mæðgur að smygla til landsins.


**24 farþegar**
voru færðir frá borði hvalaskoðunarbáts þegar reykur kom upp í vélarrými.


**17 til 70%**
krófur eru uppi hjá stéttarfélögunum.


**422 sveppasýni**
frá 143 stöðum á landinu voru greind hjá Náttúrufræðistofnun árið 2014.


**100 króna**
gistináttaskattur hefur skilað 670 milljónum frá 2012.


**10-15 milljarða**
mun nýtt 5 stjörnu hótel við hlið Hörpu kosta.
★★★★★

**900 hjúkrunarfræðingar**
mega hætta störfum sökum aldurs á næstu þremur árum – 400 til 500 hjúkrunarfræðingar útskrifast á tímabilinu.


**4.000 tonn**
af metanóli er framleiðslugeta Carbon Recycling Int. eftir stækkun verksmiðju.

# Upplýsingum um umgengnismál ábótavant segir þingmaður

Sýslumannsembættið á Sauðárkróki og embættið á Höfn hafa aðeins einu sinni úrskurðað viku og viku umgengni foreldra við börn sín frá 1. janúar 2013. Önnur embætti aldrei, en óljóst er um höfuðborgarsvæðið.

**SAMFÉLAGSMÁL** Sýslumannsembætti utan höfuðborgarsvæðisins hafa aðeins tvisvar úrskurðað um umgengni forræðislauss foreldris sjö daga af hverjum fjórtán síðan þeim var veitt heimild til þess. Heimildin var veitt þegar breytingar á barnalögum tóku gildi 1. janúar 2013.


**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**

Þetta kemur fram í svari innanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar, formanns Bjartrar framtíðar.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki og sýslumaðurinn á Höfn hafa í hvort skiptið úrskurðað um slíka umgengni en önnur sýslumannsembætti ekki. Á árunum 2013 og 2014 hafa þessi embætti úrskurðað í alls 33 málum. Í þessum málum hefur niðurstaðan verið umgengni við föður í 25 skipti en móður í fimm skipti.

Guðmundur segir það vonbrigði að aðeins hafi verið úrskurðað tvisvar um jafna umgengni, viku og viku. „Það er ekkert minnst á mjög umfangsmiklar rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessu á Íslandi sem sýna að jöfn umgengni kemur mjög vel út fyrir börn. Ég óttast að sýslumannsembættin og ráðuneytið séu ekki alveg nógu víðsýn þegar kemur að þessu,“ segir Guðmundur.

Í svarinu er tekið fram að umgengnismálum hjá sýslumönnum geti lokið með öðrum hætti en með úrskurði, til að mynda með samkomulagi um umgengni, sem er algengast.

Í svarinu kemur einnig fram að úrskurðir í umgengnismálum séu ekki birtir almenningi, heldur aðeins á sérstökum úrskurðavef sem eingöngu sýslumenn hafa aðgang að. Guðmundur gagnrýnir þetta fyrirkomulag.

„Mér finnst þetta undarlegt. Alls konar úrskurðir í alls konar viðkvæmum persónulegum málum eru birtir, auðvitað undir nafnleynd og eiga ekki að vera persónurekjanlegir. Mér finnst ráðuneytið ekki svara nægilega fyrir það af hverju þetta er bara birt á lokuðum vef. Þetta eru viðkvæm mál en það er þess vegna mjög mikilvægt að þau séu meðhöndluð vel og gagnsæi er ein besta leiðin til að skapa hvata fyrir kerfið til að meðhöndla viðkvæm mál vel. Því er ábótavant þarna,“ segir Guðmundur.

**fanney@frettabladid.is**


**VERA SAMAN** Guðmundur Steingrímsson þingmaður segist óttast að sýslumannsembætti og ráðuneyti séu ekki nægilega víðsýn þegar kemur að jafnri umgengni foreldra við börn sín. NORDICPHOTOS/GETTY

### UMGENGNISFORELDRAR AÐALLEGA FEÐUR

Í svari innanríkisráðuneytisins fást ekki tölur um skiptingu úrskurða um umgengni milli kyns foreldra eða aldurs barna frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, en á þessum tveimur árum úrskurðaði embættið í 88 málum. Ljóst er að umsvif þess embættis eru langsamlega mest í þessum málaflokki.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sem óskaði eftir gögnunum frá ráðuneytinu, segir bagalegt að nánari upplýsingar fáist ekki frá sýslumannsembætti höfuðborgarsvæðisins. „Mig langaði að sjá tölfræðina á bak við þessa úrskurði. Þessar niðurstöður styðja grunsemdir manns um að það séu aðallega feður sem eru umgengnisforeldrar og ég geri ráð fyrir að þetta sé eins á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar.“


**HÁTT SETTUR** Izzat var varaforseti byltingaráðsins í Írak. MYND/AFP

Izzat Ibrahim drepinn í Írak:

## Drápu hægri hönd Saddams

**ÍRAK** Izzat Ibrahim al-Douri, fyrrverandi varaforseti byltingarráðsins í Írak og einn helsti bandamaður Saddams Hussein, er talinn hafa verið drepinn í skotbardaga norður af Bagdad í gær.

Izzat Ibrahim er einn þeirra sem náðu að flýja Írak í kjölfar innrásar Bandaríkjanna árið 2003. Hann varð 72 ára í ár. Lítið hefur spurst til hans síðan en talið er að hann hafi verið einn af heilunum á bak við hernaðaraðgerðir Íslamska ríkisins. Hann var drepinn í skotbardaga við stjórnarher Íraka í Salahuddin-héraðinu í Norður-Írak. Fréttastofan Al-Arabiya birti myndir af líki sem talið er vera líkamsleifar Izzats Ibrahim. **- srs**

Gúmmíþétting gæti losnað:

## Askja innkallar Mercedes Benz

**NEYTENDUR** Innkalla þarf þrjár Mercedes Benz-bifreiðar af gerðinni E-Class og CLS-Class samkvæmt tilkynningu bílaumboðsins Öskju til Neytendastofu. „Ástæða innköllunarinnar er að möguleiki er á að gúmmíþétting í vélarsal gæti losnað og komist í snertingu við pústið. Auka þarf klemmur sem halda þéttikanti í vélarsal,“ segir í umfjöllun Neytendastofu. Þá kemur fram að umboðið komi einnig til með að hringja í eigendur bifreiðanna vegna innköllunarinnar. **- óká**




Nær allir nemendur í Réttó fylkja sér að baki aðstoðarskólastjóranum:

## Tökum ekki annan en Jón í mál

**SKÓLAMÁL** Nemendur í Réttarholtsskóla vilja að aðstoðarskólastjórinn Jón Pétur Zimsen taki við sem skólastjóri nú þegar Hilmar Hilmarsson er að hætta.

„Við tökum ekki annað í mál og óskum eftir því að Jón Pétur Zimsen taki við stöðu skólastjóra,“ segir í yfirlýsingu sem fulltrúar nemendaráðsins í Réttó afhentu í gær Ragnari Þorsteinssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Með fylgdu undirskriftir langflestra af ríflega 300 nemendum skólans. Jón Pétur er einn tæplega tuttugu sem sóttu um stöðuna.

„Jón Pétur Zimsen er opinn og heiðarlegur og vill öllum vel og er jafnframt mikill gleðigjafi,“ segir í yfirlýsingu nemendanna. „Réttarholtsskóli er okkar annað heimili og okkur vill líða vel hér og það er stefna Jóns Péturs, hann er eins konar pabbi nemenda.“

Nemendurnir vonast til að mark verði tekið á þeim, „þar sem við höfum líka rödd og svo Réttarholtsskóli geti haldið áfram að vera ein stór fjölskylda í komandi framtíð.“

Einn nemendaráðsmanna undirstrikar að nemendurnir standi að málinu á eigin spýtur. „Þetta er alfarið við að hugsa um framtíð annarra krakka. Okkur finnst eins og Reykjavíkurborg sé löngu búin að ákveða sig að ráða konu til að fá jafnrétti. En okkur finnst ekki að kyn eigi að skipta máli heldur aðeins hæfni reynsla og árangur – þar sem Jón skorar 10 í öllum flokkum,“ segir Styrmir Steinn Sverrisson. **- gar**


**VEL TEKIÐ** Fulltrúar úr nemendaráði Réttó segjast hafa fengið frábærar móttökur þegar þau afhentu Ragnari Þorsteinssyni undirskriftirnar í gær.


STÓRI DAGURINN
Lexus sýnir ástsælustu bíla sumarsins í Kauptúni um helgina.
Sýnum í dag og á morgun kl. 12-16.
Sjáðu glæsilegt úrval Lexus bíla og smakkaðu á brúðartertunni í leiðinni. Tilvonandi brúðhjón eru sérstaklega boðin að skoða blómaskreytingar og brúðkaupsskreyttan Lexus en í sumar munum við lána tilvonandi brúðhjónum glæsilegan Lexus til afnota á brúðkaupsdaginn.
lexus.is
NÝ GIFT
Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400
LEXUS
AMAZING IN MOTION

www.yummy.is
GÓÐUR
THAILENSKUR MATUR
BANTHAI YAM YUMMI YUMMI na na thai
www.banthai.is www.yummy.is www.yam.is

Íslenskir aðalverktakar og Landsnet hafa gert 340 milljóna króna samning:

# Byggja tengivirki fyrir Landsnet

**ORKUMÁL** Landsnet undirritaði í gær samkomulag við Íslenska aðalverktaka (ÍAV) um byggingu á nýju tengivirki Landsnets í Helguvík. Samningurinn hljóðar upp á 341 milljón króna og er miðað við að framkvæmdum verði að fullu lokið í árslok 2015.

Nýja tengivirkið, sem hefur fengið nafnið Stakkur, er við hlið kísilvers United Silicon (USi) og hannað með hugsanlega stækkun í huga.

Undirbúningur tengivirkisins hófst hjá Landsneti haustið 2014 í framhaldi af samningi um flutning raforku til kísilvers USi í Helguvík, en auk þess felur verkefnið í sér uppsetningu á nýjum rofa í tengivirkinu á Fitjum og níu kílómetra langan 132 kW jarðstreng milli Fitja og Helguvíkur.

Gengið var frá samningum um kaup á jarðstreng og spenni árið 2014. Samið var við þýska fyrirtækið Nexans um jarðstrengskaupin og verður hann lagður sumarið 2015. **- shá**



**HANDSALAÐ** Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, og Karl Þráinsson, forstjóri ÍAV, við undirritun samkomulagsins í gær. MYND/LANDSNET

Rannsóknasjóður síldarútvegsins

Rannsóknasjóður síldarútvegsins auglýsir styrki sem skipt er í tvo flokka:

a) Rannsóknaverkefni vegna rannsókna á líffræði síldar, veiðum, vinnslu og markaðssetningu afurða og annarra uppsjávarfiska. Styrkinum er úthlutað til doktorsverkefna og heitir Sigurjónsstyrkur eftir prófessor Sigurjóni Arasyni.

b) Fræðslu- og kynningarverkefni í sjávarútvegi. Sjóðurinn styrkir námsefnisgerð í grunnskólum og fyrir sjávarútvegstengt nám á framhaldsskólastigi. Gerð er krafa um að fræðslu- og kynningarefni styrkt af sjóðnum verði öllum aðgengilegt á netinu án gjalds.

Umsóknarfrestur er 15. maí
og nánari upplýsingar er að finna á vefnum www.sf.is

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

# Sæti ekki í stjórn án laga um kynjakvóta

Hlutfall kvenna í stjórnum íslenskra fyrirtækja fer úr 31 prósenti í 45,5 prósent eftir breytingar á lögum er varða kynjakvóta í stjórn. Þóra Hallgrímsdóttir situr í stjórn Arion banka og segist ekki mundu sitja í stjórn án laga um kynjakvóta.

**ATVINNULÍF** Þóra Hallgrímsdóttir lögfræðingur situr í stjórn Arion banka eftir að sett voru lög um kynjakvóta í stjórnir fyrirtækja. Áður var hún varamaður í stjórn. Hún segist ekki mundu sitja í stjórninni ef ekki væri fyrir lögin. „Ég er ansi hrædd um að lögin hafi verið nauðsynleg. Ég get fullyrt að ég sæti ekki í stjórn Arion banka ef ekki væri fyrir tilstilli þeirra. Fyrst þegar ég fékk boð um stjórnarsetu, þá hugsaði ég með mér af hverju mér væri boðin stjórnarseta. Hvort það væri bara fyrir tilstilli laganna. Ég þurfti að eiga samtal við sjálfa mig og sættast við forsendurnar, sem ég gerði.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að nokkrum konum hafi borist bréf þar sem þær eru spurðar hvort þær hafi tíma til að sinna stjórnarsetu í fyrirtækjum. Í þessum tilfellum hafa konurnar í krafti reynslu og sérþekkingar tekið að sér að sitja í stjórnum nokkurra fyrirtækja samtímis.

Fjármálaeftirlitið hefur það hlutverk að meta hæfi einstaklinga til að sitja í stjórnum eftirlitsskyldra aðila. Einn af þeim þáttum sem geta komið til álita, ef viðkomandi er í mjög mörgum stjórnum, er hvort hann hafi hreinlega tíma til að sinna því starfi. Stjórnarmenn sem sitja í mörgum stjórnum eru í einhverjum tilvikum beðnir skriflega um sjónarmið varðandi það hvort þeir telji sig hafa tíma til að sinna stjórnunarstörfum.

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir kynið ekki skipta máli þegar kemur að stjórnarsetu í fleiri en einu fyrirtæki. Smæð samfélagsins sé ástæða þess að fólk með þekkingu og reynslu situr í nokkrum stjórnum fyrirtækja. „Samfélag okkar er svo smátt. Það getur jafnvel verið vandasamt í stærri samfélögum en okkar.“

Hún segir framkvæmd laga um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja hafa gengið vel. „Það hefur verið góður vilji hjá fyrirtækjum landsins. Það getur tekið tíma hjá fyrirtækjum að ná þessu takmarki.“

Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja með fimmtíu starfsmenn eða fleiri er nú um það bil 45,5 prósent en var 31 prósent í fyrra samkvæmt nýlegri athugun Viðskiptablaðsins.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**



**HÆFISMATIÐ ERFITT** Þóra þurfti að hugsa sig um þegar henni bauðst sæti í stjórn Arion banka. „Ég þurfti að eiga samtal við sjálfa mig og sættast við forsendurnar, sem ég gerði.“ MYND/ARION



**„Samfélag okkar er svo smátt. Það getur jafnvel verið vandasamt í stærri samfélögum en okkar.**

*Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME.*




Ekki víst að dóttirin hafi vitað af efnunum sem falin voru í farangri mæðgnanna:

# Líklega flutt í barnaverndarúrræði

**LÖGREGLUMÁL** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki víst að sautján ára stúlkan sem tekin var á föstudaginn langa, ásamt móður sinni, hafi vitað af fíkniefnum sem falin voru í farangri mæðgnanna.

Mæðgurnar voru teknar við komuna til landsins með tæp 20 kíló af fíkniefnum í fórum sínum. Um var að ræða 10 kíló af MDMA, 9 kíló af amfetamíni og 0,2 kíló af kókaíni. Styrkleiki efnanna liggur ekki fyrir en við þyngd dóma er oft litið til styrkleika og hættueiginleika efnanna.

Móðirin hafði komið tvisvar áður hingað til lands á síðustu mánuðum.

Stórri og viðamikilli tálbeituaðgerð var beitt eftir að mæðgurnar voru teknar í því skyni að hafa uppi á þeim sem þær áttu að koma efnunum til. Það leiddi til þess að íslenskur karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn á hótelherbergi í Reykjavík. Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu en ekki tengt málum af sömu stærðargráðu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru mæðgurnar taldar vera burðardýr sem hafi átt að fá greiðslu fyrir að koma með efnin hingað en ekki er talið að þær hafi komið að skipulagningu innflutningsins.

Dóttirin, sem er aðeins 17 ára gömul og því samkvæmt lögum barn, verður líklega send í vistun á vegum barnaverndaryfirvalda á næstu dögum.

Ekki er útilokað að fleiri aðilar tengist málinu. Um mikið magn fíkniefna er að ræða og því ljóst að mikið fé hefur þurft til að fjármagna kaupin. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki talið að maðurinn sem situr í gæsluvarðhaldi vegna málsins sé skipuleggjandi smyglsins heldur hafi hann verið sendur til að taka við efnunum. **- vh**



**KVENNAFANGELSIÐ** Mæðgurnar eru nú vistaðar í Kópavogsfangelsi en á næstu dögum er líklegt að dóttirin verði flutt í vistun á vegum barnaverndaryfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# GLEÐILEGT SUMAR!

## SUMARLEIKFÖNG Í MIKLU ÚRVALI







**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, birtir samanburð á launakostnaði í fiskvinnslu á milli landa:

# Samherji segir launakostnað hæstan hér á landi

**KJARAMÁL** Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, skrifar starfsfólki sínu á heimasíðu fyrirtækisins þar sem hann fer yfir launakjör fiskvinnslufólks sem þar vinnur samanborið við þá sem vinna sömu störf í Noregi og Þýskalandi.

Þorsteinn segir launakostnaðinn hæstan hér. Í samanburðinum er tekið tillit til þess að í norskri fiskvinnslu eru einungis greiddir 7,5 tímar fyrir dagvinnu sem krefst átta tíma viðveru en á Íslandi eru greiddir átta tímar fyrir sömu viðveru og sömu neysluhlé. Þetta er vegna þess að á Íslandi kveða kjarasamningar á um að greiða starfsfólki í fiskvinnslum öll neysluhlé en svo er ekki í Noregi og Þýskalandi.



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON**

Samkvæmt útreikningum Samherja nemur launakostnaður á klukkustund að meðaltali 3.501 krónu í fiskvinnslu Samherja á Dalvík. Kostnaðurinn er næsthæstur í bolfiskvinnslu í Noregi þar sem hann nemur 3.433 krónum. Lægstur er hann í bolfiskvinnslu í Þýskalandi þar sem kostnaðurinn nemur 2.207 krónum.

Launatengd gjöld vega þungt í útreikningnum þar sem þau eru mishá milli landa.

Tryggingargjald í Noregi er lægra en á Íslandi sem og greiðslur atvinnurekenda í lífeyrissjóði. Önnur launatengd gjöld eru svipuð milli landanna.

Þorsteinn segir að meðaltímalaun í frystihúsi á Íslandi nemi 1.560 krónum. Samtals nemi laun starfsmanna með orlofi að meðaltali 2.687 krónum á klukkustund. Launatengdur kostnaður atvinnurekenda nemur hins vegar 814 krónum. - fbj



**FISKVINNSLA** Þorsteinn Már segir launakostnað í fiskvinnslu Samherja á Dalvík vera 3.501 krónu á klukkustund.



**Í DÓMKIRKJUNNI** Fjöldi manns vottaði fórnarlömbunum virðingu sína. OLIVER BERG/AFP

Þjóðverjar enn í áfalli:

## Fórnarlamba minnst í Köln

**ÞÝSKALAND** Ættingjar þeirra sem létust í flugvél Germanwings 2. apríl síðastliðinn komu saman til minningarathafnar í dómkirkjunni í Köln í gær. Talið er að aðstoðarflugmaðurinn Andreas Lubitz hafi brotlent flugvélinni af ásettu ráði með þeim afleiðingum að 150 manns létust.

Auk ættingja fórnarlambanna voru Angela Merkel, kanslari Þýskalands, Joachim Gauck, forseti Þýskalands, spænskir og franskir ráðherrar og forsvarsmenn flugfélagsins Germanwings viðstödd athöfnina. Alls voru þar saman komin 1.400 manns.

Joachim Gauck, forseti Þýskalands, sagði í samtali við BBC að þjóðin væri enn í áfalli. - srs



**HEILSUDRYKKUR** Rannsókn sýnir að kaffi verndar gegn brjóstakrabbameini. NORDICPHOTOS/GETTY

Kaffi gott fyrir heilsuna:

## Veikjast síður aftur af krabba

**HEILBRIGÐISMÁL** Vísindamenn segjast nú vita hvers vegna kaffi á þátt í því að koma í veg fyrir að einstaklingar sem fengið hafa brjóstakrabbamein fái það aftur. Á vef Sænska dagblaðsins segir að koffín loki boðleiðum sem krabbameinsfrumur þurfa til að vaxa.

Sænskir og breskir vísindamenn rannsökuðu 1.100 konur en rúmlega 500 þeirra tóku lyfið tamoxifen. Af þeim sem tóku lyfið og drukku að minnsta kosti tvo kaffibolla á dag var hættan á að veikjast aftur nær helmingi minni en hjá þeim drukku minna eða ekkert kaffi.

Kaffi er einnig talið hafa fyrirbyggjandi áhrif. - ibs

# Gríðarlegt átak þarf í öldrunarhjúkrun

Fjölga þarf fagfólki á hjúkrunarheimilum, bæði hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Einstaklingar koma miklu veikari inn en áður. Öldruðum sem dvelja heima og þurfa hjúkrun fjölgar. Sérstakt diplómanám í öldrunarhjúkrun hefst í haust.

**HEILBRIGÐISMÁL** Gríðarlegt átak þarf að gera í öldrunarhjúkrun vegna fjölgunar aldraðra. Þetta segir doktor Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun. „Það þarf að fjölga fagfólki inni á hjúkrunarheimilum, bæði hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Við þurfum einnig fleiri hjúkrunarfræðinga sem sérmennta sig í öldrunarhjúkrun. Viðfangsefnin eru orðin svo flókin á hjúkrunarheimilunum. Einstaklingar koma nú miklu veikari þangað inn en fyrir nokkrum árum. Allar erlendar rannsóknir sýna að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks skiptir máli varðandi gæði hjúkrunar og líðan einstaklinganna. Öldruðum sem dvelja heima og þurfa hjúkrun fjölgar einnig," bendir Ingibjörg á.



**INGIBJÖRG HJALTADÓTTIR**

Hefja á sérstakt diplómanám í öldrunarhjúkrun við Háskóla Íslands í haust. „Slíkt nám var í boði frá 2007 til 2009 og þá útskrifuðust 20. Það hefur greinilega aukið gæði þjónustunnar. Svo hafa nokkrir hjúkrunarfræðingar lokið meistaranámi í öldrunarhjúkrun," segir Ingibjörg.

Nú útskrifast um 150 hjúkrunarnemar á hverju ári úr almennu hjúkrunarnámi. Samkvæmt könnun Félags hjúkrunarfræðinga íhuga um 30 prósent hjúkrunarfræðinga að flytja af landi brott á næstu tveimur árum. 80 prósent á aldrinum 24 til 34 ára íhuga flutning en 35 prósent þeirra sem eru 45 ára og eldri. Um 900 hjúkrunarfræðingar mega hætta störfum sökum aldurs á næstu þremur árum.

Það er mat Ingibjargar að fjölga þurfi nemaplássum í hjúkrunarfræði til muna, ekki bara til þess að mæta fækkun vegna þeirra sem hætta heldur þurfi að fjölga í stéttinni. „Það er hins vegar ekki nóg að útskrifa nema, það þarf líka að halda í útskrifaða hjúkrunarfræðinga og leiðrétta launakjörin. Íslenskir hjúkrunarfræðingar eru eftirsóttur starfskraftur, ekki bara á spítölum heldur einnig í önnur störf. Þeir eru jafnframt eftirsóttir erlendis vegna góðrar menntunar." Von er á skýrslu frá Félagi hjúkrunarfræðinga um þær áherslur sem þarf að leggja í öldrunarhjúkrun. Skýrslan verður afhent velferðarráðuneytinu, að sögn Ingibjargar. „Skýrslan verður mikilvægt innlegg í umræðuna og gefur vísbendingar um það sem þarf að gera." ibs@frettabladid.is



**ALDRAÐIR** Erlendar rannsóknir sýna að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks skiptir máli varðandi gæði hjúkrunar og líðan einstaklinganna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íhuga að flytja úr landi
→ **30%** allra hjúkrunarfræðinga
→ **80%** á aldrinum 24 til 34 ára

Félag tæknifólks í rafiðnaði

**AÐALFUNDUR Félags tæknifólks í rafiðnaði**

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn í húsnæði RSÍ að Stórhöfða 31, Grafarvogsmeginn miðvikudaginn 22. apríl 2015 kl. 17.

Reykjavík 10.04.2015

Stjórn

*Félags Tæknifólks í rafiðnaði*

Leggja til sameiningu stofnana, aukna samþættingu og samstarf:

# Samstarf við náttúruvöktun

**STJÓRNSÝSLA** Stýrihópur umhverfisráðuneytisins og nokkurra stofnana hefur skilað umhverfis- og auðlindaráðherra skýrslu um frumathugun á samlegð stofnana sem vakta náttúru Íslands. Í skýrslunni er lagður til flutningur verkefna á milli stofnana, sameiningar og aukið samstarf.

Stýrihópurinn leggur til að Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn sameinist, að verkefni verði flutt frá Umhverfisstofnun til Veðurstofu Íslands og að komið verði á samstarfi Veðurstofu Íslands og Íslenskra orkurannsókna, ásamt fleiri tillögum. Eitt af meginmarkmiðum stýrihópsins var að leggja mat á það hvort sameining stofnana, aukið samstarf og samþætting verkefna sé góður kostur. Þær stofnanir sem voru til skoðunar voru Náttúrfræðistofnun Íslands, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, Umhverfisstofnun, Íslenskar orkurannsóknir, Rannsóknastöðin í jarðskjálftaverkfræði og Veðurstofa Íslands.



**SKÝRSLU SKILAÐ** Tillögurnar auka faglega upplýsingaöflun. MYND/UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Framtíðarsýnin sem felst í tillögunum er að fram fari öflugt og faglegt starf á sviði gagnaöflunar, rannsókna og vöktunar á náttúru Íslands. Þá eru þær til þess fallnar að vanda við upplýsingamiðlun og ákvarðanatöku við viðbúnað gagnvart hvers lags náttúruvá.

Þá telur stýrihópurinn ekki tímabært að sameina allar stofnanir umhverfisráðuneytisins sem vakta náttúru Íslands í eina stofnun heldur verði frekar mörkuð heildstæð stefna um vöktun náttúrunnar. - srs

Þjóðminjasafn Íslands býður til opnunarhátíðar

# Safnahússins og sýningarinnar Sjónarhorn

ferðalag um íslenskan myndheim

# laugardaginn 18. apríl




ð 23. apríl* Ókeypis aðgangur til og með 23. apríl* Ókeypis aðgangur til og með 23. ap

Eftirtaldar stofnanir tóku höndum saman um gerð sýningarinnar:
Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn
Listasafn Íslands
Náttúruminjasafn Íslands
Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands

21. og 22. apríl kl. 12:
Sýningarstjóraspjall
með Markúsi Þór
Andréssyni

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

Safnahúsið
Hverfisgata 15

101 Reykjavík
www.safnahusid.is

Opnunarathöfn kl. 14
Húsið er opið frá kl. 11–17

sjónarhorn points of view

* lokað mánudaginn 20. apríl

NÁTTBLINDA




**BELLAVISTA** náttúrulegt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum

Ríkisstjórnin hefur veitt meira en milljarð í stofnanir vegna eldgossins í Holuhrauni:

# Aukaframlög samþykkt vegna eldgossins

**ELDGOS** Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær aukafjárframlög til þeirra stofnana sem hafa stundað vöktun, mælingar og viðbúnað við eldgosinu í Holuhrauni.

Aukin fjárframlög nema 448 milljónum króna árið 2015 auk þess sem ónýttar fjárheimildir að upphæð 100 milljónir frá árinu 2014 verða nýttar. Ríkisstjórnin hefur því veitt stofnunum sem vinna að aðgerðum í kringum eldsumbrotin alls 1,1 milljarð króna frá því að eldgosið hófst í fyrra.

„Það starf sem eftirlits- og viðbragðsaðilar hafa unnið til þessa hefur verið sérlega farsælt. Þó að mesta hættan virðist liðin hjá er nauðsynlegt að standa vaktina áfram og tryggja fyllsta öryggi á svæðinu, sérstaklega yfir ferðamannatímann. Einnig er mikilvægt að efla það vísindastarf sem náttúruhamfarir sem þessar kalla á,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.

Tillaga um aukin fjárframlög kom frá samráðshópi ráðuneytisstjóra um viðbrögð við náttúruvá. Hópurinn telur að þó að gosinu sé lokið sé mikilvægt að stofnanir haldi áfram vöktun og mælingum við hraunið. - srs



**ELDSUMBROT** Forsætisráðherra segir viðbragðsstörf hafa verið farsæl. MYND/ MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
hin eigu rétt á vernd gegn einelti.

# Kortlögðu sjávardvöl laxa fyrstir allra

Veiðimálastofnun hefur fyrst allra náð að kortleggja sjávardvöl laxa í heild sinni. Upplýsingar eru í hendi um atferli laxins sem og ferðir hans í hafinu. Frekari rannsóknir eru nauðsynlegar en tækni Stjörnu-Odda var nýtt við rannsóknina.

**RANNSÓKNIR** Tímamótarannsókn Veiðimálastofnunar hefur leitt vísindin ögn nær því að skilja sjávarvist laxa, en aldrei áður hefur tekist að fylgjast með laxi frá því hann gengur til sjávar að vori og aftur í ána sína sumarið eftir.

Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, segir að fram til þessa hafi fiskur verið merktur, siglt með hann út á sjó og heimferðin verið kortlögð. Eins hafi seiðum verið fylgt til sjávar sem svo hafa tapast og nýlega hafa menn merkt hoplax og fylgst með honum sumarið áður en hann gengur aftur í ána.

Gönguseiðum var sleppt í Kiðafellsá í Kjós vorin 2005 og 2006 og voru seiðin merkt með mælimerkjum sem komið var fyrir í kviðarholi þeirra. Mælimerkin voru framleidd af íslenska hátæknifyrirtækinu Stjörnu-Odda og mældu hita og dýpi á klukkustundar fresti. Fimm laxar endurheimtust úr sleppingunni 2005 og tveir laxar úr sleppingunni 2006.

Í ljós kom að laxarnir sem fóru úr Kiðafellsá héldu sig í byrjun sjávardvalarinnar fyrir vestan og svo suðvestan við Ísland. Um haustið fóru laxarnir í austur sunnan við Ísland langleiðina til Færeyja en sneru svo við og dvöldu það sem eftir lifði vetrar suðvestur af Íslandi uns þeir héldu af stað heim á leið í Kiðafellsá.

Sigurður segir að komið hafi í ljós að íslenski laxinn dvelji mögulega á ákveðnu belti sem gengur þvert yfir Norður-Atlantshafið frá suðvestri til norðausturs um Ísland. Eins að hann sýni dægurатferli – laxinn heldur sig dýpra á daginn en á nóttinni en það var ekki vitað fyrr en nú.

Seinna árið voru laxarnir sunnar en það fyrra. Þetta sýnir að lax dvelur á slóðum þar sem vænta má mikillar fæðu og er við tiltölulega háan sjávarhita sem nauðsynlegur er til hraðs vaxtar.

„Hann heldur sig í straumskilum þar sem er gríðarleg framleiðsla á svifdýrum og fiski. Hann er að elta þessi skilyrði en ekki sérstaka staði,“ segir Sigurður. Sigurður segir að þegar vitað er hvar laxinn heldur sig á hverjum tíma sé hægt að skoða betur umhverfisaðstæður á þeim slóðum og finna skýringar á mismunandi góðum vexti og afföllum laxins milli ára. Þetta sé ekki síst mikilvægt fyrir marga þegar miklar sveiflur eru í veiði í íslenskum ám, en margar kenningar eru uppi um hvað hefur farið úrskeiðis í sjávardvöl laxins, til dæmis áður en lax gekk í ár í fyrrasumar.

svavar@frettabladid.is



**Á SKURÐARBORÐINU** Mælimerki sett inn í laxaseiði áður en því var sleppt í Kiðafellsá – sjö sneru til baka eftir ár í sjó af 600 alls. MYND/VMST



> **Hann heldur sig í straumskilum þar sem er gríðarleg framleiðsla á svifdýrum og fiski.**
>
> *Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar.*

Ryksuguúrval
MÚRBÚÐARVERÐ



Model-LD801
**Cyclon** ryksuga
Kraftmikil
9.990,-

7.590,-
**Drive** ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgihluta

**Spandy** heimilisryksugan
• 1600W
• afar hljóðlát
• mikill sogkraftur > 18KPA
• margnota poki
6.990,-

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Félag íslenzkra símamanna F·Í·S 100 ára 1915 – 2015

## AÐALFUNDUR

### Félags íslenskrasímamanna

Aðalfundur Félags íslenskra símamanna 2014 verður haldinn að Stórhöfða 31 1.hæð (gengið inn að neðanverðu) miðvikudaginn 22.apríl kl. 18.10

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf:
   a. Skýrsla stjórnar
   b. Reikningar félagsins
   c. Kosningar
2. Kosning fulltrúa á þing RSÍ
3. Önnur mál

*Stjórn Félags ísl. símamanna*

Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði gefur bænum fjögurra vikna lokafrest:

# Skili uppdrætti eða rífi golfhús

**STJÓRNSÝSLA** Skipulags- og byggingarfulltrúi í Hafnarfirði hefur gefið Hafnarfjarðarbæ og Golfklúbbnum Keili fjögurra vikna frest til að skila inn uppdráttum að golfskemmu í Steinholti eða fjarlægja húsið.

Keilir á 20 prósent í skemmunni og Hafnarfjarðarbær 80 prósent. Húsið var upphaflega byggt 1982 undir háhyrninga Sædýrasafnsins. Í því er nú púttaðstaða og afgreiðsla fyrir starfsemi Keilis.

Réttum uppdráttum að skemmunni hefur aldrei verið skilað inn þrátt fyrir eftirgangsmuni byggingarfulltrúa sem hefur því aldrei gefið út byggingarleyfi og er nú loks búinn að missa þolinmæðina. „Verði ekki brugðist við erindinu innan fjögurra vikna mun skipulags- og byggingarfulltrúi leggja dagsektir á eigendur, 20.000 krónur, frá og með 1. júní 2015,“ segir byggingarfulltrúinn. - gar



**PÚTTSKEMMA KEILIS** Þar sem áður voru háhyrningar eru nú kylfingar að pútta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Nýr og betri Passat** hefur verið valinn bíll ársins í Evrópu 2015. Framúrskarandi hönnun og tæknibúnaður skapa fullkomna blöndu þæginda, krafts og glæsileika. Komdu og skoðaðu allar nýjungarnar í þessum magnaða verðlaunabíl á **frumsýningu í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16.** Hlökkum til að sjá þig!

CAR OF THE YEAR 2015

**Volkswagen Passat kostar frá:**

**3.990.000 kr.**

**Das Auto.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Dísilbílar losa fimm til tíu sinnum meira af verri mengunarefnum en sambærilegir bensínbílar samkvæmt mælingum:

# Ótímabær dauðsföll hafa orðið vegna loftmengunar

**UMFERÐ** Talið er að ótímabær dauðsföll vegna loftmengunar á Íslandi hafi verið 35 til 72 árið 2011 samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar Evrópu.



ÞORSTEINN JÓHANNSSON

„Þessar tölur eru ekki byggðar á heilbrigðisupplýsingum frá hverju landi heldur á mengunartölum frá hverju landi. Þær mengunartölur ásamt upplýsingum um íbúafjölda og hversu margir íbúar hvers lands búa í hversu mikilli mengun eru settar inn í reiknilíkan. Forsendur reiknilíkansins eru meðal annars rannsóknir sem hafa sýnt fram á hversu mikil aukning verður á dánartíðni í ákveðið mikilli mengun,“ útskýrir Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, sem hélt í vikunni erindi á málþingi um loftgæði í Reykjavík.

Sýnt hefur verið fram á tengsl svifryksmengunar og dánartíðni, að sögn Þorsteins. Hann segir svifryk hafa áhrif á öndunarfæri en einnig hjarta- og æðakerfið.

Þorsteinn bendir á að á Íslandi séu talin vera 18 ótímabær dauðsföll á ári vegna loftmengunar á hverja 100 þúsund íbúa. „Þetta er skást hér og kemur ekki á óvart. Ísland er stórt land miðað við fólksfjölda. Þetta er ekki af því að við séum svo rosalega umhverfisvæn. Við eigum fjölda bíla og keyrum mikið.“

Þorsteinn greinir frá því að mengun frá dísilbílum sé í raun verri en frá bensínbílum. Dísilbílar losi meira af verri mengunarefnum, það er fyrst og fremst sót og nituroxíðsambönd. Mengunin frá dísilbílum sé fimm til tíu sinnum meiri en frá sambærilegum bensínbílum. - ibs



**UMFERÐ** Dísilbílar losa meira af verri mengunarefnum en bensínbílar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Noregur eigi að gera betur:

## Vilja taka við 10.000 manns

**NOREGUR** Norski Verkamannaflokkurinn samþykkti á landsfundi sínum í gær að Noregur skyldi gera betur í flóttamannamálum. Verkamannaflokkurinn vill að Noregur taki við 10.000 sýrlenskum flóttamönnum árin 2015 og 2016.

Leiðtogi Verkamannaflokksins, Jonas Gahr Støre, hefur upp á síðkastið verið gagnrýndur fyrir að skila auðum seðli í flóttamannamálum. Talið er að þetta útspil sé til að sýna fram á að leiðtoginn geti tekið staðfastar ákvarðanir.

Talsmenn norska Framfaraflokksins hafa gagnrýnt tillöguna og benda á að Verkamannaflokkurinn gerði afar lítið í málefnum flóttamanna þegar flokkurinn sat í ríkisstjórn. - srs

Frelsissvipting í Hlíðunum:

## Fengu skilorðsbundna dóma

**DÓMSMÁL** Ríkharð Júlíus Ríkharðsson, Davíð Fjeldsted og Magnús Sigurjón Einarsson hlutu allir skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir aðkomu sína að frelsissviptingarmáli í Hlíðahverfinu í Reykjavík í desember árið 2010. Dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Ríkharð hlaut tveggja og hálfs árs dóm, Davíð tveggja ára dóm og Magnús Sigurjón eins árs dóm. Dómar Ríkharðs og Davíðs eru skilorðsbundnir til þriggja ára en dómur Magnúsar til tveggja ára. Þeir þurfa að greiða eina milljón króna í bætur ásamt vöxtum til fórnarlambsins og eina og hálfa milljón króna ásamt vöxtum til föður hans. - ktd, vh



**ÓEIRÐIR** Fyrir utan Jeppies Hostels í Jóhannesarborg stóð þessi kona, þakin sóti, og hrópaði ókvæðisorð að útlendingum sem búa þar. NORDICPHOTOS/AFP

# Útlendingar ofsóttir í borgum S-Afríku

Kröfur um að útlendingar hafi sig á brott frá Suður-Afríku hafa verið háværar undanfarnar vikur. Ofbeldi gegn útlendingum hefur kostað nokkur mannslíf. Um 4 til 10 prósent íbúa eru innflytjendur. Sonur forsetans hefur varað við þeim.

**SUÐUR-AFRÍKA** Að minnsta kosti sex manns hafa látið lífið í ofbeldisbylgju gegn útlendingum í Suður-Afríku undanfarna daga. Ofsóknirnar hafa vakið reiði nágrannaríkjanna, en suðurafrísk stjórnvöld hafa óskað eftir aðstoð frá öðrum Afríkuríkjum við að draga úr spennunni.

Víða um land hefur múgur manns farið um og hrakið burt alla útlendinga. Reiðin hefur ekki síst beinst að verslunum og öðrum fyrirtækjum í eigu útlendinga. Margir hafa flúið að heiman og þora ekki að snúa til baka.

Óeirðirnar hófust í hafnarborginni Durban en undanfarna daga hafa þær verið verstar í Jóhannesarborg. Tugir manna hafa verið handteknir.

Nokkur hundruð manns hafa leitað skjóls á lögreglustöð í hverfinu Jeppestown. Gwede Mantashe, framkvæmdastjóri Afríska þjóðarráðsins, segir allt stefna í að koma þurfi upp flóttamannabúðum í landinu.

Talið er að í Suður-Afríku búi að minnsta kosti tvær milljónir innflytjenda, hugsanlega allt að fimm milljónir. Þetta eru á bilinu 4 til 10 prósent af rúmlega 50 milljónum íbúa landsins alls.

Innflytjendurnir eru sakaðir um að taka störf frá heimamönnum, koma með fíkniefni inn í landið og jafnvel ætla að taka þar öll völd.

Ofbeldishrinan hófst um miðjan síðasta mánuð eftir að Goodwill Zwelithini, konungur Súlúmanna, hafði ávarpað fjölmennan útifund í KwaZulu-Natal þar sem hann sagði nauðsynlegt að útlendingar færu úr landi.

„Við skorum á alla útlendinga að pakka saman föggum sínum og hafa sig á brott,“ sagði Zwelithini á fjölmennum fundi í KwaZulu-Natal, yfirráðasvæði Súlúfólksins, um miðjan síðasta mánuð. Í byrjun apríl tók svo Edward Zuma, elsti sonur Jacobs Zuma forseta, undir þessi ummæli: „Við verðum að gera okkur grein fyrir því að í þessu landi sitjum við á þeirri tímasprengju að þeir taki yfir landið,“ er haft eftir honum á fréttasíðum suðurafríska dagblaðsins Mail and Guardian.

**2-5** milljónir af um 50 milljónum íbúa Suður-Afríku eru innflytjendur.

Faðir hans, Zuma forseti, hvetur fólk hins vegar til að halda ró sinni og láta af þessu ofbeldi.

Fyrir sjö árum reið yfir landið sams konar bylgja ofsókna gegn útlendingum. Ofbeldið þá kostaði tugi manna lífið.

gudsteinn@frettabladid.is



**HAUSKÚPUR** Maður tekur mynd af hauskúpum á Choeung Ek-safninu í Kambódíu. TANG CHHIN SOTHY/AFP

40 ár frá blóðugri valdatöku Rauðu khmeranna í Kambódíu:

## Drápu um tvær milljónir manna

**KAMBÓDÍA** **Í gær voru 40 ár frá því að herafli Rauðu khmeranna sigraði stjórnarher Kambódíu í höfuðborginni Phnom Penh og sigraði þar með í blóðugri borgarastyrjöld. Þó að styrjöldinni hafi lokið markaði fall borgarinnar upphafið að hryllilegri stjórnartíð khmeranna sem einkenndist af pólitískum aftökum, hungursneyð og þrælkunarvinnu. Rúmlega tvær milljónir manna létust í Kambódíu fyrir tilstilli ógnarstjórnarinnar.**

**Myndin er tekin í safni við Choeung Ek sem byggt var til að minnast þjóðarmorðanna. Safnið stendur á fjöldagröf og hauskúpur fórnarlambanna koma þaðan og eru nú til sýnis á safninu.** - srs

FUNDARBOÐ: 47. AÐALFUNDUR

BFÍ BYGGINGAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur BFÍ verður haldinn þann
30. apríl kl. 17:30, í samkomusal VFÍ, Engjateigi 9

Allir byggingafræðingar eru hvattir til að mæta og láta hagsmuni starfsstéttar okkar sig varða.

Starfshópur ráðherra er harðorður í skýrslu:

## Mistök skýra myglu

**HEILBRIGÐISMÁL** Helstu orsakir raka- og mygluvandamála í húsnæði virðast vera röng vinnubrögð við hönnun og mannvirkjagerð, vanræksla við viðhald og röng notkun á húsnæði, að mati starfshóps umhverfis- og auðlindaráðherra sem fjallað hefur um myglusvepp og tjón af hans völdum.

Tækifæri til úrbóta felast helst í aukinni fræðslu, leiðbeiningum, menntun fagaðila og auknum rannsóknum á sviðinu sem leitt gæti til nýrra og bættra vinnubragða og byggingaraðferða. - shá



**MYGLA** Myglusveppur í húsnæði getur verið alvarlegt heilsufarsvandamál.




**GE Bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurl.**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**iB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
490 9090

HYUNDAI
Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200


DAGSKRÁ LAUGARDAGINN 18. APRÍL
LÆRÐU ALLT UM GRÆNMETIS-RÆKTUN
FYRIRLESTUR MEÐ **VILMUNDI HANSEN** GARÐYRKJUFRÆÐINGI KL. 12.00 Á LAUGARDAG
**AÐGANGUR ÓKEYPIS**
VILMUNDUR VERÐUR SVO ÁFRAM TIL SKRAFS OG RÁÐAGERÐAR TIL KL 16.
GERÐU GARÐINN GLÆSILEGAN
**LEIKNIR OG TINNA** FRÁ DRAUMAGÖRÐUM VEITA RÁÐGJÖF UM SKIPULAG GARÐA, PLÖNTUVAL, KLIPPINGAR OG ALLT SEM ÞARF TIL AÐ GERA GLÆSILEGAN GARÐ
MILLI 13 OG 16.
RÁÐGJÖF VIÐ FRÆVALIÐ
**GUÐBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR** VEITIR RÁÐGJÖF Í FRÆVALI OG HJÁLPAR KRÖKKUNUM AÐ SÁ FYRIR SUMARBLÓMUM.
MILLI 13 OG 16.
KYNNIST GARÐYRKJU-FÉLAGINU
**KRISTINN H. ÞORSTEINSSON**
FRÆÐSLUSTJÓRI GARÐYRKJUFÉLAGS ÍSLANDS KYNNIR STARFSEMI GARÐYRKJUFÉLAGSINS OG GEFUR GÓÐ RÁÐ UM GARÐYRKJU
MILLI 14 OG 16
GRILL Á FRÁBÆRU VERÐI!
MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐAGRILLUM OG GRILLAUKAHLUTUM
Á 15% AFSLÆTTI
OUTDOOR CHEF ★ RÖSLE ★ BIG GREEN EGG ★ WEBER
NÝ SENDING AF WEBER Q GRILLUM - NÚ ÁN VÖRUGJALDA
WEBER UPPSKRIFTABÓK FYLGIR ÖLLUM WEBER KOLAGRILLUM
BLÁKORN
5kg


Vorgleði Garðheima
fróðleikur og fjör alla helgina
20 - 30% afsláttur
BLÁKORN ★ TÚRBÓKALK ★ HORNUM BLÓMANÆRING
VERMIREITIR ★ PLASTGRÓÐURHÚS ★ RÆKTUNARKASSAR
GRÆNMETISFRÆ ★ VORLAUKAR ★ KRYDDPLÖNTUR ★ ALPARÓSIR ★ SÝPRUSAR
HEKKKLIPPUR ★ KEÐJUSAGIR ★ HRÍFUR ★ KÚSAR ★ RUSLAPOKAR
GOSBRUNNADÆLUR ★ LUKTIR ★ GARÐSKRAUT
ROYAL CANIN FÓÐUR ★ ÖLL GÆLUDÝRABÚR
FRÁ 12 TIL 16 LAUGARDAG*
GRILLAÐAR PYLSUR FRÁ Holta
ÍSPINNAR FRÁ emmessís
SAFI FRÁ Floridana
LIFÐU VEL!
* MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
★ SKEMMTILEGIR LUKKULEIKIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA ★
GARÐHEIMAR
Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Óskabörn frjálslyndra demókrata:

# Barrack og Hillary

Síðast þegar demókratar völdu forsetaefni var mörgu frjálslyndu flokksfólki vandi á höndum. Valið stóð milli tveggja öflugra frambjóðenda, sem hvor um sig myndi marka tímamót, næðu þeir kjöri. Þeldökkur karl atti kappi við konu. Fyrirrennararnir á forsetastóli voru allir hvítir karlar. Obama vann eftir hatramma baráttu og varð forseti. Clinton gerir nú aðra atlögu að forsetastólnum.



Kristín Þorsteinsdóttir

kristin@frettabladid.is

Sitt sýnist hverjum um frammistöðu Obama þegar sígur á seinni hluta ferilsins. Almennt þótti hann of leiðitamur ríkjandi hagsmunaöflum og frekar daufur í stórum málum á fyrra kjörtímabilinu. Það sem af er því síðara hefur hann verið heldur líflegri. Hann fær stóran plús fyrir Kúbu. Erfitt er að spá um hvernig framtíðin mun meta hans feril.

En skiptir uppruninn máli? Hefur sambúð kynþátta batnað á valdatíma forseta sem er afrískur að hálfu? Ítrekaðar útistöður lögreglu við þeldökka Bandaríkjamenn telja margir vísbendingu um afturför. Mikill meirihluti þeldökkra telur, að á þá halli í réttarkerfinu almennt. Þeir fái þyngri dóma og verri meðferð í troðfullum fangelsum. Obama hafi engu breytt. Sama eigi við á fjölmörgum öðrum sviðum.

Því er haldið fram að hálfafrískur forseti hafi orðið einhvers konar syndakvittun – fólk telji sig hafa gert upp við ljóta fortíð með því að treysta þeldökkum manni fyrir Hvíta húsinu. En það sé í raun lítil fórn. Embætti forseta skipti æ minna máli því stjórnmálavaldið sé ofurselt hagsmunaklíkum, sem öllu ráði í krafti peninga.

Hvað sem því líður segja stuðningsmenn Obama að hann sé að taka til hendinni. Sáttargjörð vegna misréttis allt frá tímum þrælahaldsins sé í vinnslu - táknræn tilraun til að gera upp við söguna. Greinilega láti þeldökkir meira í sér heyra en áður. Það skýri athyglina, sem endurteknar misgjörðir lögreglu fær. Athyglin sýni framför, sem ekki sé sett í rétt samhengi í fréttum. Áður hafi lítið verið fjallað um slíkt.

Verði Hillary Clinton fyrir valinu mun arfleifð Obama í kynþáttamálum skipta miklu máli. Takist andstæðingi hennar í forsetaslag að sannfæra kjósendur um, að í sambúð kynþátta hafi ekkert þokast á tímum Obama, mun það yfirfært á hennar baráttu. Hvers vegna ætti konu þá að takast betur í jafnréttismálum?

Clinton og Obama eru samherjar, sem róa á sömu atkvæðamið í eigin flokki. Báðum er talið til tekna, að hún gerðist utanríkisráðherra í hans ríkisstjórn eftir að hafa beðið lægri hlut í erfiðum slag. Hún þótti sýna honum hollustu. Hann þótti sýna henni traust. Það verður því vandratað einstigi fyrir hana, að stilla af fjarlægðina frá Obama. Hans meintu mistök geta orðið hennar fótakefli. Hans meintu sigrar geta orðið hennar ávinningur.

Það hallar á konur í Bandaríkjunum. Þær fá þriðjungi lægri laun en karlar. Þar er verk að vinna eins og í kynþáttamálum. Tvöföld ósk demókrata um sögulegar breytingar verður uppfyllt, ef hún verður eftirmaður hans. Rætist óskin mun sagan leiða í ljós hvort kyn eða hörundslitur Bandaríkjaforseta skipta miklu í hrópandi réttlætismálum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

heimkaup.is

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR!

GAS- OG KOLAGRILL

KJÖTHITAMÆLIR OG KERAMIKFAT Í KAUPBÆTI

weber

ORIGINAL KETTLE PREMIUM

31.990,-



Pantaðu fyrir kl. 17:00 og fáðu grillið heim í kvöld

Í EINUM SMELLI HEIMKAUP

GUNNAR




MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

## Að sigra heiminn



Ég hef aldrei skipt mér neitt sérstaklega af stjórnmálum, nema einu sinni og þá með nokkuð afdrifaríkum hætti. Ég hef nokkrum sinnum skráð mig í stjórnmálaflokk til að geta stutt eða kosið einhvern vin minn eða kunningja í prófkjöri eða slíku. Annars leiðist mér þetta pólitíska þref, þessir flokkadrættir og þras, sem alltaf verður svo afskaplega þreytandi og leiðinlegt. Á endanum er þetta bara eitthvað fólk sem er að reyna að gera sitt besta en í umhverfi sem er ekki alltaf að vinna með því. Inn á milli eru svo nokkrir eigingjarnir frekjudallar sem finnst meira til sín og sinna koma en annarra. Það er bara eins og alls staðar annars staðar.

Ég er, mér vitandi, ekki meðlimur í neinum stjórnmálaflokki. Ég styð engan einn sérstaklega og er ekki heldur neitt sérstaklega á móti neinum heldur. Ég hef til dæmis ekkert á móti Framsóknarflokknum, þótt sumt af því fólki sem starfar innan hans fari oft í taugarnar á mér. Það fer fólk úr öllum flokkum í taugarnar á mér. Það að fólk sé vel innrætt, kurteist og ærlegt finnst mér skipta meira máli en í hvaða flokki það er. Ég hef heldur aldrei getað haldið með neinu íþróttafélagi. Ég einhvern veginn held alltaf með þeim sem er að tapa. Kannski er það vegna þess að ég hef alltaf upplifað mig og mína sem aumingja. Ég er aumingi, kominn af aumingjum. Ef ég er spurður þá segist ég vera anarkisti. Mér finnst það fínt. Ég trúi á einstaklinginn og frelsi hans og rétt til að haga lífi sínu að eigin vilja og án afskipta annarra, svo framarlega sem hann er ekki að skaða sjálfan sig eða aðra. Það er mín grundvallarskoðun. Mér finnst til dæmis að ég eigi að fá að heita það sem ég vil og finnst engum koma það við. En ég trúi líka á samkennd og meðlíðan og samfélagslegan stuðning við okkar minnstu bræður og systur. Þetta er draumasamfélag að mínum dómi, þar sem allir fá að njóta sín á meðan vel er séð um lítilmagnana. En það er náttúrlega flókin útfærsla. Stundum hafa aumingjarnir það gott á kostnað hinna og stundum maka þeir síðarnefndu krókinn á kostnað aumingjanna. Stundum eru allir aumingjar og stundum eru allir kóngar. En það varir yfirleitt stutt í einu.

## Margt sem við vitum ekki

Leitin að hinu fullkomna jafnvægi í samfélagi mannanna er völundarhús og vegur alltaf salt. Hugmyndir og hugsjónir eru eitt og oft eru hræðilegustu afglöpin vörðuð af góðri hugmynd og fullvissu. Það eru yfirleitt mannlegir breyskleikar sem verða þeim að falli. Leti, eigingirni, hroki, reiði og allt þetta dót. Það er svo margt sem við vitum ekki og skiljum ekki en teljum okkur vita og skilja. Sólin er til dæmis ekki endilega gul, þótt mér finnist hún vera það.

Ég hef reynt að forða mér frá því að dragast inn í þetta þras. Mér finnst að það eigi að byggja Landspítalann. Það er eitthvað sem er áþreifanlegt og raunverulegt. Mér er alveg sama um ESB, hvort við göngum í það eða ekki. Ég held að það breyti engu stóru. Sumir segja að við séum í því hvort sem er. En það er kannski einhver vitleysa. Mér finnst evran ljótur peningur og ég get ekki fyrirgefið ESB að hafa bannað sænskt munntóbak.

## Það er vitlaust gefið

Ég hef aðeins verið að kommentera á stjórnmálin að undanförnu. Og helst út frá því að mér finnst stjórnsýslan sjálf mega vera betri, þ.e.a.s. regluverkið, hvernig við skipuleggjum samfélagið. Mér finnst umgjörðin nokkuð skýr en mér finnst þurfa að skýra betur útfærslur og inntak. Margir vilja meina að ný stjórnarskrá muni leysa þetta. Ég veit það ekki. Mér finnst mjög mikilvægt að Ísland fái ný umferðarlög. Alþingi hefur ekki getað komið sér saman um þau í átta ár. Umferðarlögin eru úrelt. Og mér finnst það kannski fyrst og fremst táknrænt frekar en hættulegt og dýrt. Hvernig getur Alþingi, sem getur ekki komið sér saman um einföld umferðarlög svo fólkið í landinu geti komist slysalaust á milli staða með einföldum og skýrum hætti, nokkurn tímann komið sér saman um eitthvað sem skiptir máli?

Það segir í lögum að Reykjavík sé höfuðborg Íslands. En það er ekkert um hvað í því felst. Það er því huglægt mat hvers og eins og enn eitt málið sem hægt er að þrasa um. Hvernig væri að fara að taka öll þessi atriði fyrir og skilgreina þau? Íslenskt regluverk er því miður alltof oft hrákasmíði, sett saman meira af vilja en getu. Og þá verður samfélagið eins og að spila spil þar sem reglurnar eru ekki á hreinu og fólk nær árangri með frekju og yfirgangi. Sumir mega gera aftur og kasta teningnum tvisvar en aðrir ekki. Og enginn virðist skilja af hverju.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



LOKAÚTKALL
Flugsæti báðar leiðir frá kr.
39.900
Allra síðustu sætin.

# Síðustu sætin í

# borgarferðir í vor

## Róm





Hotel Donna Laura Palace

**Frá kr. 89.900 m/morgunmat**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. apríl í 4 nætur

## Búdapest





Hotel Aquincum

**Frá kr. 69.900 m/morgunmat**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.
1. maí í 4 nætur

## Barcelona





Hotel Vilana

**Frá kr. 59.900 m/morgunmat**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.
1. maí í 4 nætur

## Bratislava





Hotel Mercure

**Frá kr. 89.900 m/morgunmat**

Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
1. maí í 4 nætur.

## Vín





Hotel Lindner am Belvedere

**Frá kr. 122.900 m/morgunmat**

Netverð á mann á Hotel Bellaevue m.v. 2 í herbergi.
1. maí í 4 nætur.

## Lissabon





Hotel Real Palácio

**Frá kr. 89.900 m/morgunmat**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.
14. maí í 3 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SÍA • NM68039

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is

Heimsferðir

# Sjómenn við skyldustörf

SAMFÉLAG



**Ari Trausti Guðmundsson**
jarðvísindamaður og rithöfundur

Það er hollt að muna hver uppruni okkar Íslendinga er. Þjóðin varð til úr hópum fólks sem efndi til eins konar þjóðflutninga burt af meginlandi Evrópu. Orsakir þeirra voru efalítið nokkrar. Alveg áreiðanlega var þeirra á meðal ósk um betra líf en heima fyrir, sér og sínum til handa. Og áreiðanlega ótti um eigið líf og afkomenda í sumum tilvikum. Við stærum okkur oft af því að þessi tiltekna fólksblanda fæddi af sér merkar bókmenntir, sennilega og einmitt af því að þarna runnu saman hópar með ólíka siði og bakgrunn og síðast en ekki síst trúarbrögð; kristnir Keltar og heiðnir norðurbúar sem svo sameinuðust í einum sið.

Síðar hafa komið til minni hópar sem hér blönduðust; til dæmis örfá hundruð þýskumælandi menn (karlar en einkum konur) beggja vegna síðari heimsstyrjaldarinnar sem meðal annars færðu okkur margir hverjir nútíma, klassíska tónlist í bland við íslenska tónlistarmenn, svo það eina dæmi sé nefnt.

Þegar nú landsmenn okkar agnúast út í innflytjendur vegna trúarbragða eða siða sem eru aðrir en okkar, eða virka gamaldags, er hollt að minnast hve stutt er síðan við sjálf komum þannig fyrir sjónir meginlandsbúa. Hafa menn ekki séð gamlar ljósmyndir af hnípnum konum með skýluklúta og hendur í skauti skrefi aftan við karlmenn á einhverjum hálfhrörlegum sveitabænum?

**➜ Þökk fyrir, þið Týsverjar og aðrir, sem sýna í verki að mannúð er næg á Íslandi.**

Við eigum almennt séð að fagna fólki sem vill búa hér og vinna og verðum að skilja að það tekur tvær til þrjár kynslóðir að aðlagast nýju samfélagi sbr. Íslendinga í Vesturheimi.

Nú í dag eigum við þó að fagna öðru, þó ekki væri nema í nokkrar vikur: Björgunarafrekum áhafna Landhelgisgæslunnar á Miðjarðarhafi. Þar hefur hundruðum og þúsundum flóttamanna í sárri neyð verið komið til hjálpar og þeim greidd leið til skárri tilveru en heima fyrir. Fæstir fá að koma hingað vegna rangrar stefnu þar að lútandi. En við getum þá alltént skorað á íslensk stjórnvöld að íhuga breytingar á henni, skorað á þau að gera vel við Landhelgisgæsluna og heiðra sjómennina, og loks skorað á forseta lýðveldisins að dusta rykið af afreksorðum embættisins og sinna þeim embættisskyldum að hitta áhafnir sem þjóna þarna syðra og hrósa mönnum almennilega. Þökk fyrir, þið Týsverjar og aðrir, sem sýnið í verki að mannúð er næg á Íslandi.

# Afstaða til líffæragjafar skiptir máli, ræðum við okkar nánustu

SAMFÉLAG



**Steinunn Rósa Einarsdóttir**
móðir Skarphéðins Andra líffæragjafa

Árið 2014 hófst umræða um líffæragjöf á Íslandi fyrir alvöru. Aðstandendur líffæragjafa stigu fram, gagnagrunnur landlæknis var opnaður, nefnd á vegum ráðherra skipuð og félagið Annað líf, áhugafélag um líffæragjafir, var stofnað. Flestir voru sammála um mikilvægi þess að taka afstöðu til líffæragjafar og ræða við sína nánustu.

Það er ekki að ástæðulausu. Sú staðreynd að við höfðum oft rætt líffæragjöf á heimilinu hjálpaði okkur þegar fjölskyldan stóð frammi fyrir þeirri átakanlegu stöðu að þurfa að koma afstöðu 18 ára sonar okkar á framfæri. Þegar líffæraþegar stigu fram í viðtölum, þegar umræða var á Alþingi og þegar pabbi þeirra tók þá með í Blóðbankann var tilefni til að ræða líffæragjöf. Þegar á reyndi urðum við afar þakklát fyrir að hafa rætt þessi mál.

Umræðan sem fylgdi í kjölfar líffæragjafar sonar míns varð mikil. Við fjölskyldan hittum líffæraþega og kynntumst félaginu Annað líf þar sem líffæraþeginn Kjartan Birgisson er í forsvari. Félagið er að gera góða hluti og leggur mikið á sig til að halda umræðunni gangandi. Að hitta líffæraþega gaf okkur mikið og sýnir hversu stórar gjafir sonur okkar gaf.

Við heyrðum líka í fólki sem stóð í sömu sporum og við en hafði ekki rætt líffæragjöf við viðkomandi. Ofan á sorgina, missinn og allar þær miklu tilfinningar sem skyndilegt fráfall kallar fram, var þetta fólk í þeirri vandasömu stöðu að þurfa að taka ákvörðun um hvort viðkomandi yrði líffæragjafi eða ekki. Löggjafinn er ekki að hjálpa til. Þrátt fyrir að aðstandendur eigi alltaf síðasta orðið hvort sem viðkomandi hefur gefið ætlað samþykki eða ætlaða neitun fyrir líffæragjöf þá ganga íslensk lög út frá ætlaðri neitun þar til annað kemur í ljós. Það má færa rök fyrir því að þarna sé verið að senda röng skilaboð til aðstandenda í vanda, auðvitað ætti ætlað samþykki að vera útgöngupunkturinn.

### Umræðan mikilvæg

Oftar en ekki tekur fólk ákvörðun um að það sé öruggara að gera ekkert sem er sorglegt ef viðkomandi hefði viljað vera líffæragjafi og þannig bjarga öðrum mannslífum. Þess vegna fannst okkur skipta máli að koma á framfæri mikilvægi þess að ræða við sína nánustu. Umræðan snýst ekki um að allir segi já, umræðan snýst um að þú ræður yfir þínum líkama og átt að ráða því hvort þú vilt vera líffæragjafi eða ekki. Það geta allir aldurshópar verið líffæragjafar, því er mikilvægt að allir fjölskyldumeðlimir ræði þetta þarfa málefni og þeir sem vilja skrái sig í framhaldinu á vef landlæknis.

**➜ Sú staðreynd að við höfðum oft rætt líffæragjöf á heimilinu hjálpaði okkur þegar fjölskyldan stóð frammi fyrir þeirri átakanlegu stöðu að þurfa að koma afstöðu 18 ára sonar okkar á framfæri.**

Umræðan skilar árangri. Í kringum dag líffæragjafa þann 29. janúar stigu aðstandendur líffæragjafa og líffæraþegar fram og vöktu athygli á málefninu. Fréttabréf fóru á vinnustaði og fjölmiðlar tóku þátt auk fræðslu í framhaldsskólum um líffæragjöf. Í framhaldinu mættu nemendur heim og héldu samtalinu áfram. Í kjölfarið varð mikil aukning í skráningu líffæragjafa sem mun vafalaust bjarga fjölmörgum mannslífum þegar fram líða stundir.

Við vitum aldrei hvenær við stöndum í þeim sporum að aðstandandi okkar geti orðið látinn líffæragjafi.

# Auðlindin miðhálendið

UMHVERFISMÁL



**Steinar Kaldal**
verkefnisstjóri hálendisverkefnis Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands

Nýverið fór fram málþing um auðlindir Íslands. Þar var kallað eftir því að lagt yrði efnahagslegt mat á verðmætin sem felast í lítt snortinni, óbyggðri íslenskri náttúru. Margir landsmenn eru þó þeirrar skoðunar að hvorki sé hægt né eigi að verðleggja þau óefnislegu verðmæti sem náttúran býður upp á. Nógu verðmætt sé einfaldlega að vita að lítt snortin íslensk náttúra er til, sem og sá möguleiki að upplifa hana.

Aðrir telja hins vegar að eina matið sem dugi sé mælt í krónum. Þeir sem eru á þeirri skoðun horfa gjarnan til þess hvað hægt sé að selja háu verði orku framleidda úr til dæmis vatnsafli eða jarðhita, eða hversu mikill hagnaður gæti skapast við að leggja háspennulínur yfir ákveðin landsvæði eða leggja þar uppbyggða vegi.

Fylgjendur þeirra sjónarmiða þurfa að doka við og hugsa út fyrir boxið. Nú er staðan orðin sú að atvinnugreinin sem skapar mestar gjaldeyristekjur á Íslandi er ferðaþjónustan. Á árinu 2014 skilaði hún 303 milljörðum króna til þjóðarbúsins samkvæmt tölum Hagstofunnar. Stóriðjan skilaði á sama tíma 215 milljörðum.

Ef menn vilja leggja mat á efnislegt virði náttúrunnar er hægt að horfa til þessara talna. Af hverju? Jú, vegna þess að kannanir sýna ítrekað fram á að 80% ferðamanna koma til að upplifa óspillta íslenska náttúru.

Miðhálendi Íslands skipar stóran sess í þessu samhengi. Stundum heyrist sagt: „Þetta er bara eyðimörk, hvað eigum við að vernda þarna?“ Ég vil hvetja þá sem eru á þessari skoðun til að heimsækja Þjórsárver, Guðlaugstungur, Eyjabakka eða Sönghofsdal, svo nokkrar gróðurvinjar á miðhálendinu séu nefndar.

Hitt er rétt að stór svæði á miðhálendinu eru svartir sandar og hraunbreiður. En þau svæði eru ekki síður dýrmæt. Af þeim 80% ferðamanna sem koma til Íslands náttúrunnar vegna, koma 50% þeirra til að upplifa öræfastemmningu. Sumum finnst sú stemmning af til vill ekki eftirsóknarverð, en ættu þá að hugsa til þess að stór hluti ferðamanna heimsækir landið einmitt til að komast í þessar aðstæður.

**➜ Stundum stendur maður of nærri fjársjóðnum til að taka eftir honum.**

### Þjóðgarður

Sú nýting má þó ekki vera á kostnað náttúrunnar, því ef þessari auðlind er spillt þá minnka möguleikar okkar til að nýta hana til verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið. Þar er ábyrgð ferðaþjónustunnar og stjórnvalda mikil.

Nýverið voru kynntar niðurstöður Gallup-könnunar þar sem kom fram að yfir 60% landsmanna styðja stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu. Sá stuðningur er þvert á stjórnmálaflokka. Verndun miðhálendisins er því mál sem nýtur mikils stuðnings landsmanna og allir flokkar ættu að geta sameinast um í ljósi þess samfélagslega ábata sem af verndun hlýst. Ekki bara fyrir Íslendinga nútíðar og framtíðar, sem njóta og munu vilja njóta þess að upplifa svæðið í sinni lítt snortnu mynd, heldur líka vegna þeirra tekna sem streyma í þjóðarbúið einmitt vegna þess að miðhálendið er ónumið.

Miðhálendi Íslands er einstakt á heimsvísu að því leyti að þar er hægt að upplifa öræfastemmningu sem hvergi finnst annars staðar. Að ferðast um svarta sanda með eldfjöll og jökla til beggja hliða er mögnuð upplifun.

Stundum stendur maður of nærri fjársjóðnum til að taka eftir honum.

# Hugsjónir Bjartrar framtíðar

STJÓRNMÁL



**Guðmundur Steingrímsson**
formaður Bjartrar framtíðar

Í viðtali á dögunum auglýsti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eftir meiri umræðu um hugsjónir í íslenskum stjórnmálum. Okkur í Bjartri framtíð er ljúft og skylt að bregðast við áskoruninni. Fátt er mikilvægara í stjórnmálum en að ræða hugsjónir.

Björt framtíð er hugsuð frá grunni sem flokkur nýrrar kynslóðar í stjórnmálum, nýrra aðferða og nýrra tækifæra. Við teljum að flest mál sé hægt að leysa með skynsamlegu samráði, með því að skiptast á skoðunum og deila kunnáttu og upplýsingum. Við bendum á að úti um allt í samfélaginu er farsællega verið að leysa flókin mál, án þess að fólk telji nauðsynlegt að grípa til svívirðinga, útúrsnúninga eða klækjabragða. Það sem er hægt í daglega lífinu, er líka hægt í pólitík. Með þessu hugarfari viljum við taka þátt í stjórnmálum.

### Vertu þú sjálf

En stjórnmálaþátttaka okkar snýst ekki bara um þetta. Samráð væri lítilfjörlegt ef fólk kæmi ekki til borðsins nestað hugsjónum og sýn. Björt framtíð er frjálslyndur flokkur. Þetta þýðir að við teljum að gott samfélag einkennist af því að sem flestar manneskjur geti notið hæfileika sinna á þann hátt sem þær óska. Vertu þú sjálf, segjum við. Gerðu það sem þú vilt.

Hlutverk ríkisvaldsins er að skapa góða umgjörð fyrir svona samfélag. Mjög víða er misbrestur á því. Hugsunin virðist oft vera allt önnur. Sérhagsmunum er hampað á kostnað hagsmuna fjöldans. Sumum atvinnugreinum á kostnað annarra. Þannig nálgun hafnar Björt framtíð.

Björt framtíð leggur höfuðáherslu á réttindi allra til þess að fá notið sjálfstæðis og frelsis. Þess vegna vill Björt framtíð freista þess að ná góðum samningi við ESB og taka í kjölfarið upp evru. Það er mögulega besta leiðin til að skapa þessa umgjörð sem við tölum um: Þar sem fólk getur á grunni meiri stöðugleika, fjölbreyttari tækifæra og betri lífskjara skapað sér sitt eigið líf.

### Stóru málin

Þess vegna brennum við líka fyrir menntamál og heilbrigðismál. Þau mál eru ekki eins mikið rædd og við myndum vilja. Góð menntun er höfuðforsenda þess að fólk geti ræktað sig sjálft og uppgötvi hæfileika sína. Gott heilbrigði, andlegt og líkamlegt, er það líka. Það er okkur óskiljanlegt af hverju brottfall úr skólum er ekki höfuðúrlausnarefni stjórnmálanna eða uppbygging heilsugæslu og lýðheilsu um land allt.

Við erum mannréttindaflokkur. Við líðum ekki misrétti. Sumir halda kannski að þessi mál séu í stakasta lagi. Svo er ekki. Tökum dæmi: Fatlað fólk nýtur ekki mannréttinda, innflytjendur lenda milli steins og sleggju, skoðanakúgun fyrirfinnst í litlum einsleitum samfélögum, trúarfordómar eru stigvaxandi, fólk fær ekki að bera nafn sitt án opinberra afskipta, gæðum er útdeilt á óréttlátan hátt og allt of margir búa við fátækt. Verkefnin eru æpandi. Við viljum líka að Ísland tali skýrt gegn mannréttindabrotum af öllu tagi á heimsvísu og sé boðberi jafnréttis og friðar.

### Þumalputtaregla BF

Björt framtíð heitir þessu nafni af ástæðu. Við teljum að langtímahugsun sé nánast engin í stjórnmálum á Íslandi. Við viljum breyta því. Allt sem við gerum í dag getur bætt heiminn á morgun. Ef allir hefðu hugsað svona alltaf, væri heimurinn frábær. Þetta er mælikvarði Bjartrar framtíðar, sem við leggjum á öll mál: Bætir aðgerðin, stefnan, þingmálið, kjarasamningar heiminn á morgun eða er vandanum velt á komandi kynslóðir? Af þessum sökum lögðumst við til dæmis gegn svonefndri skuldaleiðréttingu. Hún bitnar á framtíðinni.

**➜ Mjög mikið þarf að breytast til þess að þjóðfélagið verði eins og Björt framtíð vill hafa það. En til þess er Björt framtíð: Til þess að breyta. Til þess að hugsa hlutina upp á nýtt. Til þess að gera eitthvað af viti.**

Við erum umhverfisverndarflokkur. Gæðum náttúrunnar, hreinni og lífvænlegri veröld, verðum við að skila til næstu kynslóða. Það er hugsunin með sjálfbærni. Hana aðhyllumst við. Við leggjumst gegn hvers konar sóun og illri meðferð lífsins gæða, á hvaða sviði sem er.

### Enga frekju

Við aðhyllumst traust til fólks. Þess vegna erum við lýðræðisafl. Svona lítum við á Alþingi: Þar kemur saman fólk sem aðhyllist ólíkar hugsjónir. Það er fegurðin við þingið. Hún er ekki alltaf augljós. Við teljum að þar sem ólík sjónarmið koma saman, á þingi eða í sveitarstjórnum, sé líklegast að bestu lausnirnar skapist. Við viljum hlusta jafnmikið og við tölum. Gegn ofbeldi og yfirgangi munum við þó alltaf berjast af hörku, svo það sé á hreinu. Freki kallinn á ekki heima í Bjartri framtíð.

Mjög mikið þarf að breytast til þess að þjóðfélagið verði eins og Björt framtíð vill hafa það. En til þess er Björt framtíð: Til þess að breyta. Til þess að hugsa hlutina upp á nýtt. Til þess að gera eitthvað af viti.




**Aktu framförum.** Á sýningunni um helgina verða BMW 7 series 730d xDrive, BMW 5 series 520d xDrive, BMW 3 series 318d, BMW 2 series Active Tourer 218d og BMW 1 series 118d í sumarlegum útgáfum.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# HELGIN



**Friðrik Ómar, söngvari**

### Syngur lög Vilhjálms

Ég mun syngja á tvennum tónleikum í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í dag. Við erum stór hópur sem stöndum að þessu saman og spiluðum í Neskaupstað í gær. Tónleikarnir eru haldnir til minningar um Vilhjálm Vilhjálmsson sem hefði orðið sjötugur 11. apríl. Ég mun því syngja lögin hans Vilhjálms í útsetningu Karls Olgeirssonar ásamt stórhljómsveit Rigg viðburða.



**Yrsa Sigurðardóttir, rithöfundur**

### Sonurinn verður þrítugur

Í dag verður sonur minn þrítugur, en hann ætlar þó ekki að halda upp á það strax. Þetta er samt verulega stór og merkilegur dagur. Annars verð ég bara að vinna í nýrri bók um helgina og fer svo í fermingarveislu á sunnudaginn. Vonandi kemur svo eitthvað skemmtilegt og óvænt upp þessa helgi.



**Alda Dís Arnarsdóttir, söngkona og sigurvegari í Ísland Got Talent**

### Afslöppun þessa helgi

Þessa helgi er planið mitt að reyna að slaka aðeins á, enda mikið búið að ganga á síðustu viku. Þrátt fyrir að það sé mitt helsta plan verð ég þó líka að æfa mig að syngja.



**Haukur Heiðar Hauksson, söngvari**

### Ryksugar í dag

Í gær hélt Birna dóttir mín upp á níu ára afmæli sitt svo við fórum út að borða á Hamborgarafabrikkuna. Við höldum svo stórt afmæli á morgun svo dagurinn í dag fer í að ryksuga og almenna tiltekt.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU…



**AÐ FÖNDRA Í GRÓFINNI** á sunnudaginn en þar verður smiðja í origami-flugdrekum fyrir alla fjölskylduna klukkan 15.



**Á GÍSLA PÁLMA** en nýja plata rapparans er með söluhæstu plötum Smekkleysu þegar kemur að sölu á fyrsta degi.

**UM LÍF MEGASAR,** Viðrini veit ég mig vera, þar sem Óttar Guðmundsson læknir rekur æviferil listamannsins Megasar.





**Á THE WOLF OF WALL STREET** á laugardagskvöldið á Stöð 2 klukkan 23.55. Tvíeykið Leonardo DiCaprio og Martin Scorsese klikkar ekki.



**SOLVEIG BAKAR SPRENGJUKÖKUR** Kökurnar verða merktar nöfnum fórnarlamba með blóðrauðum matarlit. Solveig segist vonast til að samræður myndist milli sýningargesta, enda á verkið að vekja fólk til umhugsunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sætar sprengjukökur

Útskriftarverk Solveigar Thoroddsen er tileinkað öllum þeim sem fallið hafa í stríðsátökum.

Anna Guðjónsdóttir

Sætar sprengjur verða í boði á útskriftarsýningu meistaranema í myndlist og hönnun frá Listaháskóla Íslands. Í gjörningi myndlistarkonunna Solveigar Thoroddsen bakar hún kökur en með þeim vill hún minnast fórnarlamba sem látist hafa í stríðsátökum.

„Maður fyllist ákveðinni vanmáttarkennd þegar maður sér daglegar fréttir af ofbeldi og stríðsátökum. Það er skelfilegt að geta ekkert gert og við brynjum okkur gegn þessu,“ segir Solveig og verkið er því hennar leið til að vekja athygli á áhrifum stríðs á gerendur, þolendur og samfélög í heild. Hún segist vonast til þess að gjörningurinn muni vekja fólk til umhugsunar.

„Það vilja allir frið í heiminum en þá er ekki hægt að láta svona hluti afskiptalausa. Þetta eru mín mótmæli, ég vil að fólk verði meðvitað og að þetta leiði til einhvers,“ segir Solveig.

Solveig nostrar við hverja köku sem hún skreytir með glassúr og ritar síðan nöfn fórnarlamba stríðsátaka á þær.

„Það er auðvitað ákveðin þversögn í því að standa glaðlynd í eldhúsinu að baka og skrifa síðan nöfn fórnarlamba með blóðrauðum matarlit á hverja köku,“ segir Solveig.

> **Það vilja allir frið í heiminum en þá er ekki hægt að láta svona hluti afskiptalausa. Þetta eru mín mótmæli, ég vil að fólk verði meðvitað og að þetta leiði til einhvers.**

**Hvað?** Útskriftarsýning meistaranema í myndlist og hönnun frá Listaháskóla Íslands.
**Hvar?** Gerðarsafn
**Hvenær?** 18. apríl til 10. maí.


# Þú finnur fleiri notaða á benni.is



**SSANGYONG KYRON**
Dísel / Sjálfskiptur / Skráningarár: 6/2007
Ekinn: 127.000 km.
**Verð: 1.890.000 kr.**



**CHEVROLET AVEO**
Bensín / Sjálfskiptur / Skráningarár: 12/2012
Ekinn: 76.000 km.
**Verð: 1.990.000 kr.**



**CHEVROLET CRUZE METAN**
Bensín / Beinskiptur / Skráningarár: 4/2012
Ekinn: 33.000 km.
**Verð: 2.390.000 kr.**



**CHEVROLET CAPTIVA 7 SÆTA**
Dísel / Sjálfskiptur / Skráningarár: 3/2012
Ekinn: 58.000 km.
**Verð: 4.990.000 kr.**




**Reykjavík**
Vagnhöfða 27
Sími: 590 2035

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# GÓÐAR GJAFIR!






Þessa þarftu að eiga!




20% Afsláttur

**1984**
Vildarverð kr. 3.699
Verð áður kr. 3.299

**Íslandssaga A - Ö**
Vildarverð kr. 5.399
Fullt verð kr. 5.999





20% Afsláttur

**Vandaður CROSS penni**
Verð kr. 8.694
Verð áður kr. 10.868
"Stylus" á hinum endanum fyrir símann og spjaldtölvuna.

**Heyrnartól Maxell Play**
Verð kr. 6.316
Verð áður kr. 7.895
Til í mörgum litum

**Heyrnartól Maxell Retro**
Verð kr. 7.896
Verð áður kr. 9.871
Til í mörgum litum

## KOMDU OG KÍKTU Á ÚRVALIÐ!



20% Afsláttur

Frábærar Gabol hliðartöskur í miklu úrvali!

ÚRVAL MISMUNANDI EFTIR VERSLUNUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 18. apríl, til og með 19. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**MÆÐGUR** Þóra Karítas Árnadóttir og Guðbjörg Þórisdóttir eru sammála um að ferlið við að gera bókina hafi gert þær enn nánari. Það ríkir mikið traust á milli þeirra og Guðbjörg sleppti takinu á sögu sinni og leyfði Þóru að vinna með hana áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fjögurra kynslóða þögn rofin

**Þóra Karítas Árnadóttir** leikkona fylltist sorg þegar móðir hennar, **Guðbjörg Þórisdóttir,** trúði henni fyrir leyndarmáli sínu. Hún vildi létta byrðar móður sinnar með því að rjúfa þögnina og segja sögu hennar. Sú saga kemur út á bók á þriðjudag.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is



Ég var í meistaranámi í ritlist og velti því fyrir mér hvort ég gæti skrifað bók og komst svo að því að söguefnið var beint fyrir framan nefið á mér," segir Þóra Karítas Árnadóttir leikkona þegar hún er spurð af hverju hún hafi ráðist í að skrifa sögu móður sinnar, Guðbjargar Þórisdóttur, í bókinni Mörk sem kemur út á þriðjudaginn.

Mörk er fyrsta bók Þóru Karítasar en þar dregur hún upp mynd af lífi móður sinnar sem elst upp í hlýjum faðmi stórrar fjölskyldu í bárujárnshúsi í Vesturbænum sem alltaf var kallað Mörk. Þar bjuggu þrjár kynslóðir saman en æska Guðbjargar var mótsagnakennd, hún var umvafin gleði og öryggi en lituð af hræðilegu ofbeldi sem ekkert barn ætti að þurfa að þola.

„Ég trúi því að það þurfi að sprengja kýlin til að hálfrar aldar gamalt munstur fái ekki að lita umhverfi kynslóða og það að fá leyfi mömmu til að skrifa bók um hana var skemmtileg og krefjandi áskorun fyrir mig," segir Þóra og Guðbjörg bætir við: „Ég fann fyrir miklum létti þegar ég vissi að sagan yrði loks sögð og fann fyrir meira frelsi."

### Langaði að flýta fyrir batanum

Guðbjörg bar ein vel grafið leyndarmál langt fram á fullorðinsár og það var ekki fyrr en hún var komin á fimmtugsaldur að hún leitaði sér hjálpar hjá geðlækni. Þar sat hún tímunum saman áður en hún gat komið upp orði um ofbeldið sem hún hafði verið beitt innan fjölskyldunnar. Eftir nokkur ár hjá geðlækni sagði hún Þóru Karítas frá lífsreynslu sinni. Þá var Þóra 22 ára og að læra guðfræði. Hún las bókina Launhelgi lyganna eftir Baugalín sem fjallar um kynferðislegt ofbeldi og sú bók breytti lífi hennar, og móður hennar.

„Ég hlustaði á fyrirlestur frá Barnahúsi eftir að hafa lesið bókina og fór beina leið til mömmu að lesa yfir henni mikilvægi fræðslu fyrir börn, en hún var skólastjóri á þessum tíma. Þá sagði hún mér að hún hefði sjálf verið beitt slíku ofbeldi í æsku og upplýsti mig um hver ofbeldismaðurinn var. Það var það eina sem hún sagði mér og hún bað mig um að halda því fyrir mig því hún var svo hrædd um að verða dæmd. En svo endar saga hennar í bók," segir Þóra hlæjandi og Guðbjörg skýtur inn í glettin: „Já, já. Svona er trúnaðurinn."

Á þessum tíma þegar Þóra fékk að vita brot af reynslu móður sinnar var Guðbjörg engan veginn tilbúin til að tjá sig meira um hana. Hugmyndin að bókinni kviknaði svo hjá Þóru þegar hún fór í leiklistarnám til London. Þá skrifaði hún mömmu sinni bréf og bað hana um að segja sér allt.

„Það var svo sárt að sjá að mamma gat ekki tjáð sig óheft um reynslu sína. Mig langaði að flýta fyrir bata hennar og opna á þetta. Hún skrifaði mér fáein bréf til baka en fór eins og köttur í kringum heitan graut. Þá ákvað ég að það væri ekki í mínu hlutverki að ýta á hana til að tjá sig og gaf hugmyndina um bók upp á bátinn."

### Ólst upp í óskrifaðri sögu

En hugmynd að bók var ekki fjarri Guðbjörgu sjálfri þótt Þóra vissi ekki af því. Guðbjörg hefur alla tíð samið sögur og sagt börnum sínum. Hún hugsaði lengi um að vinna úr æsku sinni og leggja sitt af mörkum til að rjúfa þögn með því að skrifa sjálf bók.

„Ég sökkti mér í bækur þegar ég var unglingur og þær hafa hjálpað mér mikið við að vinna úr þessari reynslu," segir Guðbjörg. „Ég hef lesið mikið bækur Laxness sem oftar en ekki fjalla á einn eða annan hátt um ofbeldi gegn konum en einnig bækur þar sem aðrir hafa stigið fram og sagt frá sinni reynslu. Ég var alltaf á leiðinni að skrifa bók en enginn vissi hvernig bók ég var með í huga."

„Já, ég ólst upp með óskrifaðri sögu," bætir Þóra við. „Í sérhverju matarboði sem mamma blés til kom upp umræða um skáldsöguna sem hún ætlaði einhvern daginn að láta verða af að skrifa. Það lá líka alltaf á milli línanna að inntakið í sögunni væri byggt á sönnum atburðum. En fjölskylduna renndi þó ekki í grun hvað það var sem mömmu lá á hjarta."

Guðbjörg hugsaði mikið um að skrifa bókina fyrir um þrjátíu árum en þá var samfélagið mun lokaðra og mikil þöggun um erfið og viðkvæm mál.

„Þeir örfáu sem ég nefndi hugmyndina við vöruðu mig við því og sögðu að það yrði svo óþægilegt fyrir börnin mín og fjölskylduna. Þannig að þegar ég vildi skrifa bókina þá var þöggunin hreinlega sterkari en ég. Það varð því ekkert úr þessari hugmynd minni og ég hélt áfram fast í leyndarmálið mitt," segir Guðbjörg.

### „Skrifaðu þessa helvítis sögu!"

Fyrir tveimur árum fór svo Þóra Karítas á örlagaríkt ritlistarnámskeið hjá Vigdísi Grímsdóttur sem loksins kom bókinni af stað.

„Á námskeiðinu bað Vigdís okkur um að deila leyndarmáli. Þegar ég dró svo upp úr hatti að ég ætti að skrifa sögu í kringum setninguna „Peysa móður þinnar liggur í hrúgu á gólfinu" opnaðist einhver flóðgátt og ég skrifaði smásögu innblásna af æsku mömmu á tíu mínútum á meðan tárin runnu niður kinnarnar. Vigdís er gömul vinkona mömmu og því var stundin mögnuð þegar ég las upp söguna fyrir hópinn, hikandi, en Vigdís hvatti mig áfram og komst um leið að leyndarmáli vinkonu sinnar. Í lok námskeiðsins setti Vigdís hnúann á ennið á mér og sagði ákveðin: „Þú skrifar þessa helvítis bók!" Þá varð ekki aftur snúið og ég ákvað ég að fá leyfi hjá mömmu til að taka viðtal við hana. Ég las svo smásöguna upp fyrir mömmu á 61 árs afmælisdaginn hennar og mér til mikillar undrunar gaf hún mér fullt leyfi til að skrifa söguna."

„Já, þá var ég tilbúin," bætir Guðbjörg við. „Fyrst ég ætlaði ekki að skrifa söguna sjálf fannst mér gott að dóttir mín gerði það. Þetta er í raun mjög örlagatengt því Vigdís var alltaf að hvetja mig til að skrifa bók, svo endar hún á að hvetja dóttur mína til dáða. Enda hefði ég ekki getað skrifað þessa sögu sjálf. Ég var búin að bæla niður þörfina og það var eins og tjáningin væri stífluð. Það var líka bara gott að halda sig í tilfinningunum í þessu úrvinnsluferli og þurfa ekki að stíga inn í listamanninn."

Þóra tók eingöngu eitt langt viðtal við mömmu sína fyrir bókina. „Eftir að mamma var búin að samþykkja að segja söguna fórum við á vinnustofuna mína og hún sagði mér frá öllu sem hún man. Mamma var mjög skýr í máli þegar hún sagði mér frá sínum myrkustu minningum sem hún átti úr æsku. Atburðum sem ég hafði aldrei vitað um." ▶

**Í lok námskeiðsins setti Vigdís hnúann á ennið á mér og sagði ákveðin: „Þú skrifar þessa helvítis bók!" Þá varð ekki aftur snúið.**

**Ég þurfti að endurhugsa lífið upp á nýtt því allur heimurinn minn var kominn á hvolf. Ég fór að sumu leyti að haga mér eins og ég hefði sjálf lent í þessari reynslu og hafði ríka þörf til að greiða úr hlutunum.**

*Þóra Karítas*

**Ég hef ekki grátið svo lengi og er farin að halda að það sé bara allt þurrt í augunum á mér. Ég er orðin svo vön að kyngja sársauka og melta hann í stað þess að losa mig við hann. Næsta verkefni hjá mér er því að læra að gráta.**

**Enda hefði ég ekki getað skrifað þessa sögu sjálf. Ég var búin að bæla niður þörfina og það var eins og tjáningin væri stífluð.**

*Guðbjörg*

# ego dekor

## NÝJAR VÖRUR Á GÓÐU VERÐI



BORÐSTOFUBORÐ - EIK
Stærð: 200X100cm
TILBOÐSVERÐ: 89.250,-



TV SKENKUR - EIK
Breidd: 180cm
Verð: 119.000,-

REFLEX TV SKENKUR - EIK
Breidd: 225cm
Verð: 138.000,-





GIBSON tungusófi
Stærð: 297X172cm
Verð: 238.000,-



CAPRICE SKENKUR - EIK
2 stærðir
Breidd: 150cm Verð: 135.000,-
Breidd: 200cm Verð: 165.000,-



KINGSTON hornsófi
Stærð: 288X190cm
Verð: 228.000,-



JERSEY tungusófi
Stærð: 250X165cm
TILBOÐSVERÐ: 159.300,-



JERSEY horntungusófi
Stærð: 316X211/155cm
Verð: 267.000,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is



**GUÐBJÖRG VIÐ TJÖRNINA Í REYKJAVÍK** Fyrstu minningar Guðbjargar um ofbeldið eru frá því hún er á öðru aldursári. Það hélt svo áfram fram á táningsaldur.

# Himnaríki og helvíti

Kaflabrot úr bókinni frá heimilislífinu á Mörk og svo seinna þegar Guðbjörg byrjar í meðferð hjá geðlækni.

*Í Mörk var gott að búa, það er að segja uppi á efri hæðinni þar sem ég átti heima með fjölskyldu minni, og mamma raulaði lagstúf á meðan hún eldaði matinn. Fyrir sunnan húsið var skjólgott og á sumardögum fannst okkur krökkunum ljúft að sóla okkur þar ásamt mömmu og Beggu frænku. Við fórum með teppi út á tún, sátum þar og ýmist spiluðum á spil, lögðumst út af, horfðum upp í himininn og slökuðum á eða fórum í eltingarleik kringum Klöppina, álfastein sem var mestallur grafinn ofan í jörðina svo aðeins sást í efsta hlutann. Á Klöppinni lifnuðu ævintýri þegar mamma settist þar og sagði okkur krökkunum sögur.*

*Þótt minningar um sólskinið við skjólgóða vegginn sunnan við húsið og hlýjuna í eldhúsinu hjá mömmu hafi alltaf yljað mér verður ekki horft fram hjá því að sólinni fylgdi líka skuggi. Sólstiginn lá upp á loft þar sem ég átti heima með mömmu, pabba og systkinum mínum á yndislegu heimili en þegar ég fór niður þrönga timburstigann sem lá niður í kjallara var ég komin í allt annan heim. Ég áttaði mig ekki á því þegar ég var lítil að þetta væri ekki í lagi, að búa í tveimur aðskildum heimum, himnaríki og helvíti, í einu og sama húsinu.*

•••

Meðferðin tók mig tæpan áratug. Fyrstu sjö árin hitti ég lækninn bæði á mánudögum og föstudögum en síðan einu sinni í viku eftir það. Ósjaldan vorkenndi ég honum að bíða eftir því að ég gæti komið orðum að því sem þurfti til að finna farveg út úr sálartetrinu og stundum kveið ég mjög fyrir að hitta hann. Mér fannst eins og ég hefði ekki neitt að segja og gat með engu móti búið mig undir tímana, vissi ekkert hvernig ég ætti að vera þegar ég settist í stólinn hjá honum. Undirmeðvitundin ólgaði stöðugt. Smátt og smátt kom eitthvað til að ræða um. Eitt brot. Ein minning. Ein mynd. Andartak. Lykt. Hljóð. Brak í stiga. Hleri sem féll. Það var meira en að segja það fyrir mig að draga myrkustu minningarnar upp úr undirvitundinni og færa þær í orð.

▶ Guðbjörg kom líka sjálfri sér á óvart. „Það var merkilegt að sjá atburðarásina samfellda í stað þess að minningarnar kæmu fram í brotum sem ég hafði unnið í að ná fram í mörg ár hjá geðlækni. Það fannst mér mikið framfaraskref.“

**Sameiginleg rödd mæðgna**

Þóra fór þá leið í bókinni að blanda saman reynslu móður sinnar og skapandi skrifum. Hún byggir bókina á viðtalinu við móður sína auk bréfaskrifanna sem hún átti við hana á meðan hún bjó í London ásamt upplýsingum sem hún hefur fengið um fjölskyldu móðurinnar í gegnum tíðina. Þóra styðst einnig við sögur sem mamma hennar sagði henni þegar hún var lítil sem byggðu oftar en ekki á ævintýrum úr Vesturbænum.

„Svo dembdi ég mér í heimildarvinnu um þrjár kynslóðir á undan mér og leitaði í annála til að komast nær því samfélagi sem þessar kynslóðir lifðu og hrærðust í. Einnig fann ég Morgunblaðsviðtal við gerandann í ofbeldismálinu og það var mér mikilvæg heimild. Maður kemst að svo mörgu ótrúlegu um fólkið sitt þegar kafað er í sögur kynslóðanna og það var líka gaman að tengjast gömlu Reykjavík. Fyrir mér er tíminn fyrir farsíma og nettengingar svolítið nostalgískur en um leið var mun meiri þögn ríkjandi um tilfinningaleg málefni. Það er eitthvað sem mín kynslóð virðist hafa þörf til að sprengja.“

Jafnvel þótt bókin sé byggð á reynslu Guðbjargar leyfir Þóra sér að skálda í eyður og draga upp sínar eigin myndir af andrúmslofti í Reykjavík um miðja síðustu öld. Í bókinni er margar sögur að finna, til að mynda um fátækt, fjölskyldubönd, móðurást og ástvinamissi.

„Mamma var svo æðrulaus og sleppti bara tökunum á sögu sinni þannig að ég fékk frelsi til að vera skapandi. Ég nota tóninn hennar sem kemur fram í bréfunum hennar, enda er hann svo fallegur. En ég leyfi mér líka að fá innblástur út frá heimildum og nýjum rannsóknum. Svo eftir heilmikið grúsk sleppti ég tökunum á heimildum, sannleika og spuna – og leyfði þessu að flæða svo hið ljóðræna fengi tækifæri til að lifna við. Mín rödd blandast röddinni hennar mömmu þannig að bókin ber rödd okkar beggja.“

**Þurfti að kafa til að skilja**

Það var mikið áfall fyrir alla fjölskylduna að fá að heyra sögu Guðbjargar. Þrjár kynslóðir bjuggu saman undir sama þaki, margar manneskjur á fáum fermetrum en enginn vissi hvað fór fram í leyni. Mæðgurnar segja alla fjölskylduna standa heilshugar að baki þeim og fagna útgáfu bókarinnar.

„Maður á ekki að vera hræddur við blóðið sitt og uppruna því við fæðumst öll með frjálsan vilja til að velja gott eða illt,“ segir Þóra. „Það er líka betra að fá að vita allan sannleikann heldur en eingöngu hálfan. Ég upplifði mikla sorg þegar mamma opnaði á reynslu sína fyrir um þrettán árum og þörf til að taka hluta af byrðunum af mömmu. Ég þurfti að endurhugsa lífið upp á nýtt því allur heimurinn minn var kominn á hvolf. Ég fór að sumu leyti að haga mér eins og ég hefði sjálf lent í þessari reynslu og hafði ríka þörf til að greiða úr hlutunum.

Eitt af því skrýtnasta við að komast að svona stóru leyndarmáli í kjarna fjölskyldunnar er að uppgötva hversu lítið ég vissi um manneskjuna sem stóð mér næst og minn helsta uppalanda. Þar af leiðandi fannst mér ég lítið vita um sjálfa mig. Það var því mikilvægt fyrir mig að kafa djúpt til að skilja betur og í því samhengi var skrif gott og nærandi heilunarafl.“



**LEYNDARMÁL Í FJÓRA ÆTTLIÐI** Bókin rýfur fimmtíu ára gamla þöggun og kemur í veg fyrir að hún fylgi fjölskyldunni áfram til næstu kynslóðar en Þóra á einmitt von á barni undir lok sumars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Gott að skilja ræturnar**

Eftir því sem Þóra komst að meiru um æsku móður sinnar skildi hún ýmislegt betur í uppvexti sínum. „Ég var svolítið ofverndandi,“ segir Guðbjörg og Þóra bætir við: „Áður en ég þekkti sögu mömmu var hafin hjá mér ákveðin uppreisn gegn ótta hennar um mig sem birtist fremur í öfgahugrekki en hinu og því var gott að vita raunverulega ástæðuna fyrir óttanum. Þá slaknaði á mér. Þegar börn lifa af ofbeldi í æsku verður meðvirkni sjálfkrafa afleiðing. Það hefur birst í fórnsemi hjá mömmu. Hún setti okkur alltaf í forgang og var svolítið ýkt á tímabili. Hún hefði alveg verið til í að skera af sér handlegginn eða rífa úr sér hjartað við hvert tækifæri ef það hefði nýst einhverjum öðrum. Maður hefur því þurft að minna hana á að hún eigi að halda höndunum og hjartanu fyrir sig.“

Guðbjörg tekur undir þetta og segist alltaf hafa verið að passa upp á börnin. „Ég var sífellt hrædd um þau og setti líka allan fókus á annað fólk. Ég er að læra þetta smám saman en börnin hafa oft hvatt mig til að vera eigingjarnari,“ segir hún.

**Stíflan losuð**

Síðustu tíu ár hefur Þóra lifað og hrærst í skapandi störfum og hefur það setið lengi í henni að reynsla móður hennar hafi haldið henni sjálfri frá listinni.

„Ég beið alltaf eftir að fá að lesa bækurnar eftir mömmu enda held ég að hún hefði orðið frábær rithöfundur. Þegar ég byrjaði að skrifa þessa bók þurfti ég að berjast við vonbrigðin yfir að hún héldi ekki sjálf á pennanum því mér fannst hún mun hæfileikaríkari sögumaður en ég. En skömmin rændi hana frelsinu til að skapa.“

„Mér finnst núna loksins að ég gæti komið öllum þessum sögum og myndum í hausnum á mér niður á blað,“ segir Guðbjörg. „Eftir þetta ferli með bókina og að koma svona fram með söguna mína þá upplifi ég frelsi sem kemur kannski sköpuninni aftur af stað. En ég er svo sem ekkert búin að gera þetta allt upp. Ég hef til dæmis verið að hugsa undanfarna daga að ég vildi að ég gæti lært að gráta. Ég hef ekki grátið svo lengi og er farin að halda að það sé bara allt þurrt í augunum á mér. Ég er orðin svo vön að kyngja sársauka og melta hann í stað þess að losa mig við hann. Næsta verkefni hjá mér er því að læra að gráta,“ segir Guðbjörg að lokum án þess að vita að saga hennar kom út ansi mörgum tárum hjá blaðamanni þegar hann las bókina til að undirbúa sig fyrir viðtalið við hana.




GO CRAZY

# 25%

af öllu*

ILVA

# LAUGARDAG 18/4 & SUNNUDAG 19/4

*Gildir ekki um vörur á áður lækkuðu verði og merktum Everyday low price. Afsláttur reiknast á kassa.

NÚ 52.425
Cornus-sófaborð. 3 borð úr eik eða svört. 120 x 60 cm. Áður 69.900 kr.

NÚ 5.996
Army-loftljós. 27 cm. Áður 7.995 kr.

NÚ 209.925
Lissabon-hornsófi með legubekk. 257 x 363 cm. Áður 279.900 kr.

NÚ 4.496
Moss-púði. 50 x 50 cm. Áður 5.995 kr.

NÚ 5.246
Black tree-rúmföt. Áður 6.995 kr.

NÚ 596
Coathanger-herðatré. Áður 795 kr.

NÚ 11.246
Venice-borðlampi. 44 cm. Áður 14.995 kr.

NÚ 5.996
Oslo-ábreiða. Áður 7.995 kr.

NÚ 12.675
Razor-barstóll. Áður 16.900 kr.

NÚ 2.246
Stuff-poki fyrir þvott. Áður 2.995 kr.

NÚ 2.996
Talling-grænn vasi. Áður 3.995 kr.

## ERUM Á FULLU AÐ TAKA UPP
# Sumarið



NÚ 18.675
Copenhagen-stóll. Áður 24.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

# HELGARS

**ABBY** BORÐSTOFUSTÓLL



ABBY
30%
AFSLÁTTUR

Slitsterkt áklæði í
tveimur litum, grátt og ljóst.
**FULLT VERÐ: 24.990**

AFSLÁTTARVERÐ **17.490** KR.




**UMBRIA HORNSÓFI MEÐ TUNGU**
Slitsterkt áklæði í nokkrum litum.
Umbria fæst í ótal útgáfum í áklæði og leðri.
Stærð 330 x 265 x 78 cm. **Fullt verð: 419.990**

AFSLÁTTARVERÐ **314.990** KR.

UMBRIA
25%
AFSLÁTTUR




**VESTA TUNGUSÓFI**
Slitsterkt áklæði, divine, grátt og atrazite.
Með háu baki og dúnbólstrun.
Stærð 295 x 160 x 80 cm. **Fullt verð: 399.990**

AFSLÁTTARVERÐ **279.990** KR.

VESTA
30%
AFSLÁTTUR

**RIALTO** SJÓNVARPSSÓFI

LA-Z-BOY®

Slitsterkt ljósgrátt og dökkgrátt áklæði
Stærð: 3ja sæta: 205 x 90 H: 105 cm
**FULLT VERÐ: 299.990**

AFSLÁTTARVERÐ **209.990** KR.

RIALTO
30%
AFSLÁTTUR



Stærð: 2ja sæta: 152 x 90 H: 105 cm
**FULLT VERÐ: 209.990**

AFSLÁTTARVERÐ **146.990** KR.

50 ÁRA
1965–2015

*Vaxandi vöruúrval*

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

*Gæða glervara*





VIDIVÌ
Vetri delle Venezie
MADE IN ITALY

# PRENGJA

**KENIA** HÆGINDASTÓLL



KENIA
40%
AFSLÁTTUR

Grábrúnt slitsterkt áklæði
**FULLT VERÐ: 59.990**
AFSLÁTTARVERÐ **35.994** KR.

iittala



MARIBOWL
20%
AFSLÁTTUR

**IITTALA**
MARIBOWL
SKÁLAR
Tvær stærðir, margir litir.

**PETIDO SÓFAR**
Vandaðir og nettir sófar frá Funinova.
Slitsterkt áklæði í tveimur litum. Dúnbólstrun.

2 sæta 168 x 102 x 82 cm. **Fullt verð: 229.990**
AFSLÁTTARVERÐ **114.995** KR.

3 sæta198 x 102 x 82 cm. **Fullt verð: 259.990**
AFSLÁTTARVERÐ **129.995** KR.

4 sæta 248 x 102 x 82 cm. **Fullt verð: 309.990**
AFSLÁTTARVERÐ **154.995** KR.




AFMÆLIS
50%
AFSLÁTTUR



ALLIR VASAR
30%
AFSLÁTTUR*

* Gildir ekki á IITTALA vösum.

**DEVON** SVEFNSÓFI



DEVON
20%
AFSLÁTTUR

Slitsterkt grátt áklæði
Stærð: 150 x 88 H: 83 cm.
**FULLT VERÐ: 139.990**
AFSLÁTTARVERÐ **111.990** KR.



*- enn betra verð!*

G Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

VIDIVÌ
30%
AFSLÁTTUR

*Ótrúlegt úrval*







## LEIKREGLUR KARLA Á VINNUSTAÐNUM VINNUSTAÐAPÓLITÍK

**Valdabandalög**
Að mynda valdabandalag með sterkum bandamönnum.

**Tengslanet**
Að umgangast áhrifaríkt fólk, mynda tengsl eða samsömun við æðra vald eða valdamikla persónu í fyrirtækinu.

**Veita greiða**
Að veita greiða gegn greiða, manneskjur finna sterka skyldu til að endurgjalda hver annarri félagslegar skuldir.

**Upplýsingastjórnun**
Að stjórna upplýsingum og nota þær sem gjaldmiðil.

**Beygja reglur**
Að veita fáum útvöldum betri þjónustu með því að beygja reglur þegar það hentar.

**Slá um sig**
Að slá um sig með valdi og stöðutáknum.

**Eiginhagsmunasemi**
Að finna leiðir til að auka völd sín á kostnað annarra.

**Eiga markmið**
Að virkja tengslanet, stofna eða ganga í hagsmunahóp sem hefur sameiginlegt markmið.

**Grafa undan öðrum**
Að ráðast á aðra eða kenna öðrum um.

**Ímyndarsköpun**
Að skapa hagstæða eða vinsamlega ímynd.

**Skjall**
Að hrósa öðrum eða smjaðra fyrir öðrum.

**Samantekt úr ritgerð Halldóru Kötlu Guðmundsdóttur.*

## KVENFRAMKVÆMDASTJÓRAR ÁRIÐ 2013

**21,3%** FYRIRTÆKJA MEÐ 1-49 STARFSMENN

**13,5%** FYRIRTÆKJA MEÐ 50-99 STARFSMENN

**9,7%** FYRIRTÆKJA MEÐ 100 STARFSMENN EÐA FLEIRI

**Þrátt fyrir þetta lága hlutfall kvenframkvæmdastjóra eru konur um**

**50%** sérmenntaðs starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði

**60%** sérfræðinga

**69%** brautskráðra nemenda frá Háskóla Íslands árið 2013 voru konur



**KONUR Í VÖLUNDARHÚSI** Í völundarhúsinu eru margar hindranir og þar má nefna staðalímyndir, meiri ábyrgð kvenna innan heimilisins, hefðir innan fyrirtækja, fordóma og svo vinnustaðapólitíkina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leiðin út úr völundarhúsinu

**Glerþakið á vinnumarkaðnum er brotið, þótt fáar konur komist á toppinn. Konur finna sig þess í stað í völundarhúsi þar sem vinnustaðapólitík og staðalímyndir villa þeim sýn. Reyndir kvenstjórnendur segja frá sinni sýn á vinnustaðapólitík. Birna Einarsdóttir segir fagmennsku og heiðarleika þurfa vera í fyrirrúmi og Kristín Ástgeirsdóttir segir að konur vilji ekki leikreglur karla.**



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is


Þurfa konur að taka upp leikreglur karla til að ná meiri árangri? Halldóra Katla Guðmundsdóttir rannsakaði í meistararitgerð sinni í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands hvort ástæða fyrir ólíkum árangri kynjanna gæti að einhverju leyti legið í mismunandi aðferðum þeirra í vinnustaðapólitík.

**Konur í vörn – karlar í sókn**

„Meginniðurstaða mín var sú að konur eru ekki jafn árangursmiðaðar og karlar og eru frekar í vörn en sókn,“ segir Halldóra um þátttöku kvenna í vinnustaðapólitík. Halldóra ræddi við karla og konur í íslensku atvinnulífi og hafði það að markmiði að svara tveimur spurningum, hvort kynin beiti sér á ólíkan hátt í vinnustaðapólitík og hvort konur ættu að taka upp leikreglur karla til að ná meiri árangri.

**Ættu að kunna reglurnar**

„Upplifun viðmælenda minna er að á meðan konur mynda bandalög til að verja sína hagsmuni mynda karlar árangursmiðuð bandalög. Þeir tala oftar saman í bakherbergjum og taka ákvarðanir en konur virðast baktala hver aðra. Karlar virðast vera miklu duglegri að virkja tengslanet sín utan vinnutíma en konur setji heimilið í forgang. Og karlar eru vanari að gera greiða gegn greiða en konur virðast vera feimnari við að innkalla þá og vilja ekki vera ágengar.“

Niðurstöður rannsóknarinnar segir Halldóra gefa vísbendingar um að konur þurfi að minnsta kosti að vera meðvitaðar um leikreglur karla í vinnustaðapólitík til að ná meiri árangri, ef þær kjósa það. „Niðurstöðurnar gefa til kynna að karlar séu meðal annars árangursmiðaðri í pólitískum aðgerðum, metnaðargjarnari, grófari, sjálfsöruggari og ekki eins tilfinningaríkir og konur, sem séu þakklátari, tilfinningaríkari og viðkvæmari en karlar og setji heimilið í forgang,“ segir Halldóra. „Konur ættu að kynna sér leikreglur karla, vera meðvitaðar um þær, en á sama tíma ættu þær að vera meðvitaðar um eigin styrk og nýta hann í sókn fremur en í vörn.“

**Tilfinningaforysta**

„Staðalímyndir og fordómar hafa verið hindranir í vegi kvenna, en á sama tíma og við streitumst á móti staðalímyndum þá eru kynin ólík og beita ólíkum aðferðum. Staðalímynd karla snýst um að þeir taki völdin en staðalímynd kvenna snýst um að þær sýni umhyggju. Þessar staðalímyndir hafa skapað frekar neikvæða sýn á leiðtogahæfileika kvenna, en við erum smám saman að gera okkur betur grein fyrir kostum kvenlegra eiginleika til forystu. Þar má nefna tilfinningagreind sem þykir góður eiginleiki í forystu, en flestar rannsóknir hafa sýnt að konur hafi forskot á karla þegar kemur að þessum færniþætti. Konur virðast til dæmis vera betri en karlar í tilfinningalegri samkennd, en á sama tíma virðast karlar vera betri en konur þegar kemur að stjórn erfiðra tilfinninga og þar liggur kannski hluti skýringarinnar varðandi erfiða kvennavinnustaði.“ Einn viðmælenda Halldóru telur að kvennavinnustaðir geti verið ljótir þar sem kvennabandalög fari nánast út í einelti og annar nefnir að kvennavinnustaðir hafi þann stimpil að vera erfiðir, því konur séu tuðandi eða neikvæðar, og vill að konur losi sig við þennan stimpil.

**Konur í völundarhúsi**

Halldóra minnist á að þrátt fyrir aukna menntun, jafnréttislög, lög um feðraorlof og aukna atvinnuþátttöku upplifi konur enn hindranir á leið til stöðuhækkana. Þótt æ fleiri konur komist til metorða og glerþakið svokallaða sé brostið, finni konur sig nú í völundarhúsi.

„Rannsóknir sýna að glerþakið svokallaða sé brostið og að hindranir í vegi kvenna innan fyrirtækja eru orðnar yfirstíganlegri. Leiðin er samt enn flókin og henni má líkja við völundarhús. Í völundarhúsinu eru margar hindranir og þar má nefna staðalímyndir, meiri ábyrgð kvenna innan heimilisins, hefðir innan fyrirtækja, fordóma og svo vinnustaðapólitíkina.“

Hæfilegt magn af skynsamlegri pólitískri hegðun er almennt gagnlegt. „Fólk sem tekur engan þátt í vinnustaðapólitík þarf að gjalda fyrir það, oft með hægari gangi innan fyrirtækisins, það getur tekur langan tíma fyrir það að fá stöðuhækkun, launahækkun og almennt að vera metið að verðleikum. En þeir pólitísku geta líka þurft að gjalda fyrir það að taka of mikinn þátt í vinnustaðapólitík, þeir geta þótt of sjálfmiðaðir og glatað trúverðugleika sínum,“ segir Halldóra. Hún segir vinnustaðapólitík geta orðið verulega neikvæða en að hún geti einnig verið jákvæð ef hagsmunir einstaklinganna sem stunda hana samræmast hagsmunum fyrirtækisins.

**Óvissa og pólitík**

Hún bendir á að ein helsta orsök vinnustaðapólitíkur sé óvissa. Algengar uppsprettur óvissu innan fyrirtækja séu óskýr markmið fyrirtækis, óljósar mælingar á frammistöðu, illa skilgreind ákvörðunarferli, sterk samkeppni einstaklinga eða hópa, takmarkaðar auðlindir innan fyrirtækisins og allar breytingar. „Það er mikilvægt að stjórnendur séu meðvitaðir um þetta fyrirbæri, hverjar orsakirnar eru, hvernig hegðunin birtist og hvernig hægt sé að halda henni innan skynsamlegra marka. Stjórnendur ættu ekki að reyna að eyða vinnustaðapólitík en þurfa að stjórna henni og halda henni uppbyggilegri. Hæfilegt magn af henni getur verið jákvætt fyrir fyrirtækið en ef hún verður of mikil og samræmist ekki hagsmunum fyrirtækisins þá getur hún verið skaðleg fyrir það, auk þess að valda streitu á meðal starfsmanna.

**Úr vörn í sókn**

Vinnustaðapólitík á ekki að snúast um klæki eða brögð sem eru úr takt við gildi einstaklinganna eða eru á kostnað annarra. Konur þurfa ekkert að breyta sér, þær ættu bara að vera meðvitaðar um þær leiðir sem eru líklegar til árangurs og nýta styrkleika sína til að komast þangað. Fyrst og fremst þurfa konur að hafa trú á sjálfum sér og fara úr vörn í sókn.“ ▶



**ÚR VÖRN Í SÓKN** Rannsókn Halldóru leiðir í ljós að konur þurfa hið minnsta að vera meðvitaðar um leikreglur karla í vinnustaðapólitík og fara úr vörn í sókn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Konur þurfa ekkert að breyta sér, þær ættu bara að vera meðvitaðar um þær leiðir sem eru líklegar til árangurs og nýta styrkleika sína til að komast þangað. Fyrst og fremst þurfa konur að hafa trú á sjálfum sér og fara úr vörn í sókn.**



ÚRVAL ÚTSÝN
MALLORCA
LÚXUS Á LÆGRA VERÐI
Skelltu þér á sjóðheitt sólartilboð!
Úrval Útsýn hefur gert einkasamning við 4 stjörnu superior hótelið Porto Drach sem er staðsett í strandbænum Porto Cristo, nýjum áfangastað á Mallorca.
Á hádegi á mánudag bjóðum við takmarkaðan fjölda ferða til Porto Cristo. Verðið er mjög hagstætt svo það er um að gera að bóka um leið og sala hefst!
TAKMARKAÐUR FJÖLDI FERÐA Á ÞESSU TILBOÐSVERÐI!
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR
VALIÐ BESTA HÓTELIÐ
tripadvisor®
STÓRAR ÍBÚÐIR
PORTO DRACH ★★★★
Porto Drach er nýtt 4 stjörnu superior hótel og eru íbúðirnar bjartar og rúmgóðar. Porto Drach er afar þægilegur og hagkvæmur kostur fyrir stórfjölskyldur!
VERÐDÆMI M.V. 2+3 FRÁ
79.900 KR.
Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, 20 kg ferðataska og handfarangur.
Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is
PIPAR/TBWA · SÍA

# Bæði karlar og konur ættu að taka þátt í vinnustaðapólitík

**Birna Einarsdóttir,** bankastjóri Íslandsbanka, segir konur hafa meiri áhuga á vinnustaðapólitík en áður og því að verja stöðu sína og segir bæði kynin eiga að taka þátt.



**BREYTING** Birna Einarsdóttir segir konur sterkari í framkvæmdinni í mati á hæfnisþáttum hjá Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Mér finnst það gott veganesti að taka hlutum ekki persónulega og ekki persónugera þá heldur.

„Áður fyrr höfðu konur minni áhuga á vinnustaðapólitík,“ segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sem skynjar miklar breytingar á baráttu kynjanna á vinnustað. „Mér finnst þetta hafa breyst mikið síðustu ár. Konur jafnt sem karlar hafa áhuga á því að verja sína stöðu á vinnustöðum. Meiri fagmennska ræður för í ákvörðunartöku í dag en áður þegar vinnustaðapólitík og vinskapur spilaði meiri þátt. Gott dæmi um það eru ráðningar sem byggja í dag á faglegu mati og persónuleikaprófum. Það er minni munur á kynjunum en maður skyldi halda.

Í dag eru konur í 52% af stjórnendastöðum í bankanum. Þá uppfyllir bankinn einnig kröfur um jöfn hlutföll kynja í stjórn bankans en í henni sitja 4 konur og 3 karlmenn. Hjá Íslandsbanka eru stjórnendur metnir út frá fimm hæfnisþáttum, t.d. leiðtogahæfni, framkvæmd og liðsheild. Lítill munur er á kynjunum en það má þó segja að konur séu örlítið sterkari í framkvæmdinni.“

Birna trúir því að bæði karlar og konur ættu að breyta þátttöku sinni í vinnustaðapólitík til að ná meiri árangri. „Það er mikilvægt fyrir bæði konur og karla en fólk verður að hafa fagmennsku að leiðarljósi. Til þess að hafa áhrif þarf fólk að geta komið skoðunum sínum á framfæri. Góð vinkona mín sagði í fjölmiðlum um daginn að fólk ætti að fara í boltann en ekki manninn. Mér finnst það gott veganesti að taka hlutum ekki persónulega og ekki persónugera þá heldur.“



**ALLRA HAGUR** Kristín Ástgeirsdóttir segir bæði kyn græða á breyttum leikreglum. Hún vill að meiri virðing sé borin fyrir fjölskyldu og einkalífi fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Það þarf að breyta leikreglunum

**Kristín Ástgeirsdóttir** bendir á að margar konur sætti sig ekki við leikreglur karla og vilji ekki taka þátt í þeirri vinnustaðapólitík sem ríkir á íslenskum vinnustöðum.

„Ég er ekki viss um að glerþakið sé brostið, segir Kristín Ástgeirsdóttir,“ framkvæmdastýra Jafnréttisstofu. „Ef þú horfir á hversu fáar konur eru yfirmenn fyrirtækja landsins, þá er heldur langt í land. Kvótalögin eiga eftir að breyta stöðunni hvað varðar aðkomu beggja kynja að ákvarðanatöku og slíku. En ég held að það séu ansi miklar hindranir ennþá sem tengjast til að mynda álagi, verkaskiptingu á heimilum og fleiru.“

Hún segir allra hag að skilja við ríkjandi leikreglur. „Mjög margar konur eru ósáttar við ríkjandi leikreglur og vilja ekki taka þátt í þessum heimi og þessum strákaleik. Þessu mikla álagi sem karlmenn sætta sig oftar við, mikilli vinnu og að ýta fjölskyldunni til hliðar. Þetta er eitthvað sem konur vilja ekki sætta sig við, gegndarlausa samkeppni í stað samvinnu og ýmislegt fleira. Ég held að það sé allra hagur að breyta leikreglunum.“

Kristín segist telja viðhorf til vinnu skapa veigamikinn sess í þjóðarsálinni og því þurfi talsverða hugarfarsbreytingu til þess að umbylta kerfinu.

„Það þarf að breyta viðhorfinu til vinnunnar. Vinnan er ekki það sem á að skipta mestu máli í lífinu, heldur fjölskyldan, samfélagið og það að vera virkur þegn í samfélaginu.

> Konur eru ekki verri en karlar, trúi ég. Sjáðu bara Alþingi!

Vinnan hefur óskaplega mikið vægi í okkar samfélagi. Vinnan göfgar manninn, segjum við til dæmis. Við þurfum að koma því hugarfari á að í íslensku samfélagi sé borin virðing fyrir einkalífinu og fjölskyldunni. Í dag er bara illa séð að fólk fari heim úr vinnunni klukkan fjögur til að sækja börnin, þessu þurfum við að breyta.“

Í rannsókn Halldóru Kötlu um vinnustaðapólitík kemur fram að konur beiti fremur neikvæðum aðferðum en karlar, baktali og niðurrifi. Kristín segist halda þetta lífseiga klisju. Konur séu ekki verri en karlar og auðvelt sé að sanna það með því einu að horfa til vettvangs stjórnmálanna.

„Það væri gaman að sjá samanburð, konur eru ekki verri en karlar, trúi ég. Sjáðu bara Alþingi! Neikvæðni er partur af okkar menningu. Við bregðumst oft við af mikilli neikvæðni, umræðan ber þess sterk merki,“ segir Kristín og stenst ekki mátið að nefna Útvarp Sögu. „Það er alltaf verið að ætla öllum það versta og það er ekki uppbyggilegt.“

# Aukið jafnrétti gegn vinnustaðapólitík

**Margrét Guðmundsdóttir,** forstjóri Icepharma, telur hægt að vinna gegn neikvæðum áhrifum vinnustaðapólitíkur. Allra gróði sé að ná góðum rekstrarárangri.

Icepharma er leiðandi fyrirtæki á íslenskum heilbrigðismarkaði. Markmið Icepharma er að styðja við almenna lýðheilsu. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu.

Eitt af aðalgildum fyrirtækisins er gleði en í því felst að starfsmenn eigi þátt í þeim lífsgæðum sem þeir skapa viðskiptavinum sínum. Forstjóri fyrirtækisins, Margrét Guðmundsdóttir, telur að með réttum stjórnarháttum sé hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif vinnustaðapólitíkur. Í því samhengi þurfi allir að vinna að hag fyrirtækisins.

„Ég hef aldrei starfað á vinnustað þar sem er vinnustaðapólitík í þeim skilningi sem ég legg í orðið. Með auknu jafnrétti, auknni samvinnu á milli stjórnenda og starfsmanna þar sem skilningur er á því að það er allra gróði að ná góðum rekstrarárangri, þá tel ég að hægt sé að hindra að einhver undirliggjandi pólitík sé í gangi.“



**GLEÐIGILDI** Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma, hefur sett gleði sem eitt aðalgilda fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég hef aldrei starfað á vinnustað þar sem er vinnustaðapólitík í þeim skilningi sem ég legg í orðið.


21. APRÍL FRÁ KL. 8-10. GRAND HÓTEL, HVAMMUR

Ráðstefna ASÍ og BSRB
í aðdraganda 1.maí 2015

HLUTVERK STÉTTARFÉLAGA Í SAMFÉLAGINU

DAGSKRÁ

8.00 - 8.20 Morgunverður
8.20 - 8.40 Staða og hlutverk stéttarfélaganna í samfélaginu – Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
8.40 - 8.55 Stéttarfélögin og félagsmaðurinn – Árni Stefán Jónsson, formaður SFR og varaformaður BSRB
8.55 - 9.10 Stéttarfélögin og félagsmaðurinn – Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar
9.10 - 9.20 Viðbrögð og spurningar
9.20 - 9.30 Hvernig eiga stéttarfélögin að þróast? – Ingólfur Björgvin Jónsson
9.30 - 9.40 Hvernig eiga stéttarfélögin að þróast? – Þórdís Viborg
9.40 - 9.55 Viðbrögð og spurningar
9.55 - 10.00 Samantekt og fundarslit

GRAND HÓTEL – HVAMMUR
21. APRÍL KL. 8-10
MORGUNMATUR FRÁ KL. 8-8.20

ÞÁTTTAKA OG MORGUNVERÐUR ER GESTUM AÐ KOSTNAÐARLAUSU
ÞÁTTTAKENDUR VERÐA AÐ SKRÁ SIG Á FUNDINN Á WWW.1MAI.IS

Fundarstjórn og samantekt: Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB
Viðbrögð og spurningar: Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Helgi Seljan

BSRB


SAMSUNG
12:55
Föstudagur, 15. janúar
slide to unlock
Hraðþjónustu-
námskeið
Á námskeiðunum fer starfsfólk okkar yfir mögulegar aðgerðir Arion appsins, netbankans og nýju hraðbankanna og hvernig hægt er að nýta þessar þjónustuleiðir sem best til að bæta yfirsýn, spara tíma og sækja þá þjónustu sem hentar.
Námskeiðin fara fram í útibúum bankans og standa yfir milli kl. 17 og 19.
21. apríl Höfði og Vesturbær
28. apríl Borgartún 18
29. apríl Borgarnes
5. maí Akureyri
7. maí Hveragerði
12. maí Smáratorg
19. maí Vesturbær
20. maí Borgartún 18 og Garðabær
28. maí Mosfellsbær
28. maí Egilsstaðir og Höfði
Hægt er að koma með sína eigin tölvu og síma en á staðnum verða einnig í boði nokkrar tölvur sem hægt er að nota. Ekki þarf að skrá sig á námskeiðin og eru allir viðskiptavinir velkomnir.
Arion banki




## Hermannagrænn snýr aftur




## Gallaefni

# SEVENTÍS OG SAMFESTINGAR

Nú styttist óðum í sumarið og fara margir að huga því að fríska upp á fataskápinn fyrir hlýrri daga. Til að létta verkið tókum við saman helstu trendin af tískupöllunum. Sumartískan er innblásin af áttunda áratugnum. Víðar buxur, rúskinn og pils verða vinsæl. Gallaefnið kemur sterkt inn. Samfestingar, hermannagrænn og hvítur ráða ríkjum í alklæðnaði og stórar tölur verða áberandi.




## Rúskinn




## Samfestingar




## Hvítt við hvítt




## Almennt útboð á hlutabréfum í **Eik fasteignafélagi**

hefst föstudaginn 17. apríl kl. 10.00 og lýkur mánudaginn 20. apríl kl. 16.00

### Arion banki hyggst selja 14,0% í Eik fasteignafélagi hf.

Markmið seljanda er annars vegar að útboðið geri félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði og hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

### Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, arionbanki.is

Stærð útboðsins nemur 485.125.261 hlut og er söluandvirði þeirra að lágmarki 3.032 milljónir króna. Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur eru í boði en ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

| Tilboðsbók A | Tilboðsbók B |
|---|---|
| Hver áskrift að andvirði 100.000–10.000.000 kr. | Áskrift að andvirði yfir 10.000.000 kr. |
| Verðbil 6,25–6,95 kr./hlut | Lágmarksverð 6,25 kr./hlut |
| Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B | Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A |

Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 21. apríl 2015. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 27. apríl 2015 og stefnt að því að viðskipti geti hafist á Aðalmarkaði 29. apríl 2015.

### Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins í lýsingu hlutabréfa sem félagið birti 8. apríl 2015 og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Lýsinguna má nálgast rafrænt á eik.is/fjarfestar og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna hjá Eik fasteignafélagi í Álfheimum 74 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

### Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hefur umsjón með útboðinu og því ferli að fá hlutabréf félagsins tekin til viðskipta. Aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingarbankasviðs Arion banka eða verðbréfa- og lífeyrisþjónustu í síma 444 7000 og tölvupóstfanginu EIKIPO@arionbanki.is.

*Um félagið*

*Eik fasteignafélag sinnir rekstri og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið á yfir hundrað fasteignir og telja þær samtals um 273 þúsund fermetra. Virði fjárfestingareigna félagsins er um 62 milljarðar króna og heildarfjöldi leigutaka er yfir 400. Helstu eignir Eikar fasteignafélags eru Borgartún 21 og 26, Nýi Glæsibær, Turninn í Kópavogi, Smáratorg og Austurstræti 5, 6, 7 og 17. Stærstu leigutakar eru Fasteignir ríkissjóðs, Húsasmiðjan, Landsbankinn, Rúmfatalagerinn, Síminn, Deloitte og VÍS.*

EIK FASTEIGNAFÉLAG

Arion banki




KJARA KLÚBBUR %

KJARA KLÚBBUR %
**1.590 kr**
FULLT VERÐ: 2.490

**24.995 kr**
FULLT VERÐ: 29.995
**Rafhlöðuhekkklippur GTC1845L20**
18V Li-Ion 2.0 Ah
45cm blað, klippir allt að 18 mm
5083690

**14.995 kr**
FULLT VERÐ: 18.995
**Hekkklippur GT5050**
500W, 50 cm blað, klippir allt að 22mm
5083643

# VORIÐ E

## Í HÚSASMIÐJUNA OG BLÓMAVAL



KJARA KLÚBBUR %
**799 kr**
VORERIKA

Electrolux



KJARA KLÚBBUR %
**59.900 kr**
FULLT VERÐ: 69.900

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Þvottavél** EWP 1274TDW
7 kg, 1200 snúninga, orkunýting A++
1808864

Broil King



KJARA KLÚBBUR %
**52.990 kr**
FULLT VERÐ: 65.900

ROYAL 320
3000604
3 ryðfríir brennarar: Dual-Tube 8,8 kW/h
Grillgrind úr pottjárn. Grillflötur: 38 x 67 cm



**4.995 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
**Hekkklippur GREEN-IT**
Lengjanlegt skaft 67-90 cm
5084774

**1.945 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
**Greinaklippur GREEN-IT**
5084771

**2.995 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
**Hekk- og greinaklippur GREEN-IT**
54 cm og 20 cm langar
5084773

**4.345 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
**Hjólbörur 80 ltr.**
5080086

**1.295 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
**Laufhrífa GREEN-IT**
5084343



**19.995 kr**
FULLT VERÐ: 24.995
**Rafmagnskeðjusög** BLACK&DECKER
GK1935, 1900W
35 cm sverð. Fljótvirk, tekur 30 cm grein á 6.5 sek. Mótorbremsa
5083682



**9.995 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
**Hekkklippur EH550**
Texas 550W - 51cm blað.
Klippigeta 20 mm, þyngd 4.2kg
5083600

Nilfisk



20% AFSLÁTTUR
**11.995 kr**
FULLT VERÐ: 14.995
**Háþrýstidæla Nilfisk**
C105.6-5, 105 bör, 440 L/klst.
5 m slanga og sápubrúsi
5254249

20% AFSLÁTTUR
**18.396 kr**
FULLT VERÐ: 22.995
**Háþrýstidæla Nilfisk**
C110.4-5 PC X-TRA
110 bör, 440L/klst.
6 m slanga, pallabursti og sápubrúsi
5254231

## VINSÆLU AUTHOR REIÐHJÓLIN ERU KOMIN - MIKIÐ ÚRVAL
## EVRÓPSK GÆÐA REIÐHJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI



**35.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

AUTHOR VECTRA 26"
18" HI-TEN GRIND. 18 gíra Shimano Revoshift.
V bremsur. Dekk Author spanker 26 x 1,95. Þyngd.
14,5 kg. M/fjöðrun
3899998

### AUTHOR BARNAHJÓLIN Á FRÁBÆRU VERÐI



**33.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

AUTHOR ENERGY 20"
6 gira Shimano Revoshift skipting, afturskipting Shimano TY-21. Álgjarðir. Tektro bremsur 855AL, handbremsur Tektro plast/ál. Framdempari.
3899947



**39.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

AUTHOR MATRIX 24"
18 gira Shimano Revoshift skipting, afturskipting Shimano TY-18.
Álgjarðir. Tektro bremsur 855AL
3899948

# R KOMIÐ



**19.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

OUTBACK
**Gasgrill Outback**
Omega 100, 2 brennarar 6,2 kW
3000226



KJARA KLÚBBUR
**29.900 kr**
FULLT VERÐ: 39.900

OUTBACK
**Gasgrill Solo Outback**
Grillsvæði 628x406 mm, 9,67 kW
Þrír ryðfríir brennarar
3000393



**45.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Broil King
**GEM**
8,8 kW/h brennari
Hlíf yfir brennara
Rafstýrður kveikjari
Postulínshúðuð grillgrind
Grillflötur: 32,5 x 49 cm
Hitamælir í loki
Fellanlegar hliðarhillur
3000605



**79.990 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Broil King
**BARON 320**
3 ryðfríir brennarar:
Dual Tube 8,8 kW/h
Rafstýrður kveikjari
Grillgrind úr pottjárni
Postulínshúðuð vermigrind
Grillflötur: 2129 cm²
Hitamælir í loki
3000611

GÆÐI! Bjálkaþykkt 32 mm



**189.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Garðhús 4,4 m²**
Breidd: 167 cm | Lengd: 267 cm
Vegghæð: 170 cm | Bjálkaþykkt: 32 mm
600239



MOLD 10 LTR JONGKIND
**499 kr**
VERÐ ÁÐUR: 599



**30% afsláttur**
AF VORLAUKUM



**1.399 kr**
ÚTSÆÐI 5 KG
10220610-13



KAFFI GARÐUR
Skútuvogi á laugardag

Vaffla og kaffi 475 kr

Ís 160 kr

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI



**TAKA SPORIÐ** Dans hefur verið hluti af lífsstíl Jóns Freys og Matthildar alla tíð, enda eru þau kvik í hreyfingum og geislandi þótt komin séu fast að áttræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hafa dansað gegnum lífið

Hjónin **Jón Freyr Þórarinsson** og **Matthildur Guðný Guðmundsdóttir** eiga farsælan feril sem uppfræðarar, hann kennari og skólastjóri, hún kennari og kennsluráðgjafi. Þau beittu nýjum aðferðum og eitt af því sem þau innleiddu var danskennsla.




**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is


Jón fór ótroðnar slóðir við kennslu. Hann kenndi okkur svo margt um lífið og um það að vera góður þjóðfélagsþegn. Við sem vorum í hans umsjá búum enn að hans umhyggju.“ Svohljóðandi rökstuðningur fylgdi tilnefningu Jóns Freys Þórarinssonar til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar en Jón Freyr starfaði við Laugarnesskóla í 45 ár, sem yfirkennari og síðar skólastjóri. Matthildur Guðmundsdóttir, kona hans, kenndi þar líka yngstu bekkjunum um árabil, eftir nítján ár við Ísaksskóla. Í frístundum leiddu þau skólabörnin í dans og segja það hafa verið vinsælt. „Ég kynntist náttúrlega ekki öllum krökkum persónulega í 500 til 700 barna skóla,“ segir Jón Freyr. „En oft hefur fólk komið til mín síðan og sagt, „ja, þú kenndir mér að dansa“.“

Matthildur gerðist kennsluráðgjafi 1986 við grunnskólana í Reykjavík og nokkrum árum síðar kom hún því til leiðar, í samvinnu við aðra, að farið var að kenna dans í grunnskólum Reykjavíkur. „Kennarar höfðu orð á því að betra andrúmsloft væri í bekkjunum eftir að börnin fóru að dansa saman því þau þurftu að haldast í hendur og vinna saman í dansinum,“ segir hún og harmar að niðurskurðarhnífnum hafi verið beitt á þennan þátt skólastarfsins víða.

### Dansinn leiddi þau saman

Við Ernir ljósmyndari erum komin inn á fallegt heimili þeirra hjóna í Kleppsholtinu að morgni dags og þau hafa mestar áhyggjur af að hann finni ekki nógu hlutlausan bakgrunn fyrir myndatökuna. „Það fjölgar alltaf smáhlutunum á heimilinu eftir hverja utanlandsferð,“ segir Matthildur afsakandi.

Ernir sér engin vandamál, bara lausnir, og þegar hann er á braut komum við hin okkur fyrir í hægindum því Jón Freyr og Matthildur hafa fallist á að gefa mér örlitla innsýn í líf sitt og starf. Ákváðu að sleppa æfingum í World Class þennan morguninn en þar mæta þau að jafnaði þrisvar í viku. Eftir hádegi bíða þeirra önnur viðfangsefni því þau sinna félagsstörfum af áhuga. Meðal annars stjórnar Matthildur danskennslu hjá Félagi eldri borgara í Stangarhyl á hverjum mánudegi.

Mig langar að vita hvort þau hafi fylgst að lengi. „Frá því við vorum saman við nám í Kennaraskólanum á árunum 1953 til 1955,“ svarar Jón Freyr og Matthildur botnar: „Leiðir okkar lágu saman vegna þess að við vorum bæði fengin í danssýningu fyrir árshátíð skólans, það voru eiginlega fyrstu kynnin.“

Þið hafði þá verið búin að vekja athygli fyrir fimi á dansgólfinu, segi ég, og Jón Freyr brosir. „Að minnsta kosti fyrir áhuga. Ég var settur í Dansskóla Rigmor Hanson þegar ég var sex ára og tók svo þátt í dansi í skólunum, bæði Laugarnesskólanum, Gagnfræðaskóla Austurbæjar og Kennaraskólanum.“

Matthildur kveðst hafa byrjað sína skólagöngu norður á Látrum í Aðalvík og í vondum veðrum hafi kennarinn látið börnin dansa vikivaka í frímínútunum til að fá hreyfingu. Svo hafi hún flutt í Skutulsfjörð og kennarinn líka með sínar aðferðir. „Þannig að við hjónin kynntumst bæði dansi sem eðlilegum þætti í skólastarfi.“

Jón Freyr segir þau hafa verið virk í þjóðdansafélaginu um tíma og síðan snúið sér að samkvæmisdansi. „Við förum enn í dansskóla eitt kvöld í viku. Þetta hefur verið okkar tómstundagaman alla tíð og svo vorum við á skíðum líka.“

Fótafimin hefur erfst því dóttursonur þeirra, Freyþór Össurarson, stundar samkvæmisdans í Bretlandi. „Hann varð í öðru sæti í tíu dönsum á heimsmeistaramóti á Ítalíu í haust, ásamt dömunni,“ upplýsir Matthildur.

„Já, við fórum til Blackpool í nóvember að fylgjast með honum keppa en þegar heim kom tóku við hremmingar hjá mér því ég greindist með krabbamein í ristli og var snarað í aðgerð í desember,“ lýsir Jón Freyr. „Skópaðgerð til að byrja með sem heppnaðist vel, nema mjógirnið særðist. Þá var ég holristur og það kostaði fimm vikna legu á spítala. Ég var gersamlega máttlaus á eftir þannig að ég datt út úr dansinum í nokkra mánuði í vetur.“

### Alltaf með góðu börnin

Í tilnefningum sem nemendur Jóns Freys sendu Fréttablaðinu kom fram að hann hefði beitt nýjungum í kennslunni. Ég spyr hann út í þær.

„Mér fannst það fyrirkomulag kennslunnar dálítið staðnað að kennarinn stæði alltaf upp við töflu svo ég fór að láta nemendur nota meira vinnubækur og hvetja þá til sjálfsnáms, að leita heimilda í bókum og vinna verkefni ýmist einir eða í hópum. Krakkarnir voru ánægðir með þetta. Heimili lánuðu bækur sem vantaði og ég það sem ég átti. Við héldum sýningar fyrir foreldra og settum verkefnin upp, meðal annars á stór spjöld sem ég fékk í prentsmiðjum. Ég býst við að þessi aðferð hafi kostað meiri vinnu við undirbúning og ég mátti oft ekki vera að að því að fara heim þegar skólatíminn var búinn. En þetta er það sem mínir gömlu nemendur rifja upp öðru hverju.“

Jón Freyr kveðst hafa haft áhuga á að koma þessum kennsluháttum á í Laugarnesskóla þegar hann varð yfirkennari 1965 en aðrir kennarar hafi ekki verið tilbúnir í það. „Mín sýn á skólastarf er heldur ekki þannig að einn eigi að ákveða hvernig allt eigi að vera,“ segir hann. „Það er engin ein aðferð best. En við höfðum alltaf mikið samstarf við foreldra og fengum þá í heimsóknir í tíma. Það var löngu seinna sem það fór að tíðkast almennt.“

„En í öll þau ár sem ég kenndi var ég alltaf með góðu börnin,“ segir Matthildur brosandi. „Ég sendi aldrei barn til skólastjóra af því að við værum ósátt. Börn hafa mismunandi eiginleika og áhugamál en öll eru þau yndisleg og góð.“

„Það kom fyrir að kennarar í skólanum hjá okkur héldu að ég væri að velja börnin til Matthildar þegar ég var skólastjóri,“ segir Jón Freyr hlæjandi.

Matthildur kveðst hafa lagt kapp á að börnin gætu bjargað sér í lestri þegar þau væru átta ára. „Ég samtvinnaði lestrarkennsluna söng, leik og hreyfingu og lét árstíðina hjálpa til. Málið var mikið notað við að segja frá og semja og þá lærðu þau að lesa. Ég nefndi oft við foreldrana að þau skyldu ekki óttast þótt börnin þeirra segðust hafa verið að leika sér allan daginn. Leikurinn er á þessu stigi eðlilegasta aðferðin við að læra.“

### Öld ferðalaganna

En nú vil ég vita aðeins meira um hvernig þau hjón verja efri árunum. Ég hjó eftir að Matthildur talaði um að þau hefðu sankað að sér hlutum á ferðalögum sínum. Það vakti forvitni.

„Við hættum að vinna árið 2001 sem fastir starfsmenn, þá 65 og 66 ára gömul. Það var geysileg breyting fyrir okkur að geta farið að ferðast á öðrum tímum en yfir hásumarið,“ segir Jón Freyr. „Við ákváðum að daga ekki uppi í starfi heldur hætta áður en við héldum að við værum farin að tapa einhverju,“ skýtur Matthildur inn í. „Í mínu starfi var ekki auðvelt að draga úr vinnu, annaðhvort var maður í henni eða ekki,“ heldur Jón Freyr áfram. „Auðvitað vorum við í ýmsum verkefnum og erum enn. Matthildur samdi bók um kennslufræði með tveimur öðrum og ég gerði myndband um danskennslu í skólum. En við erum búin að ferðast mikið á þessari öld. Eitt stendur upp úr þegar við hugsum til baka, það er ferð til Víetnam í tólf manna hópi.“

> „Ég sendi aldrei barn til skólastjóra af því að við værum ósátt. Börn hafa mismunandi eiginleika og áhugamál en öll eru þau yndisleg og góð.

„Ef við höldum okkur fyrir austan þá erum við búin að fara til Malasíu, Singapúr, Víetnam og Kína,“ telur Matthildur upp. „Líka til Egyptalands, Bandaríkjanna og fjölmargra Evrópulanda.“

„Já, og náttúrlega Kanarí,“ segir Jón Freyr. Matthildur tekur fram að þau dvelji þá á ákveðnu hóteli þar sem þau geta dansað á hverju kvöldi við lifandi tónlist en á morgnana séu þau í göngutúrum.

Jón Freyr segir þau líka hafa farið í allmargar siglingar á skemmtiferðaskipum. „Við höfum siglt frá Bretlandi, Ítalíu, Möltu og Istanbúl og nú í lok maí ætlum við að sigla um Eystrasaltið,“ segir hann brosandi og bætir við: „En á Látrum í Aðalvík, æskustöðvum Matthildar, eigum við land og hús og þar er okkar eftirlætis sumarstaður.“

# PIZZUTILBOÐ

*Í Iceland færðu úrval af ljúffengum pizzum.*
*Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.*





**399** kr. stk.
THIN & CRISPY OG DEEP PAN PIZZUR

**5 FYRIR 4**



**399** kr. stk.
CHICAGO TOWN PIZZUR



**799** kr. stk.
STUFFED CRUST PIZZUR



**899** kr. stk.
CHICAGO TOWN PIZZUR

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast. Í tilboðinu 5 fyrir 4 er ódýrasta pizzan frí.

PIPAR\TBWA • SÍA • 151881

## OG ALLT HITT FYRIR FULLKOMNA HELGI



139 kr.
Coca Cola
500 ml



TILBOÐ 199 kr.
Karamellu- og vanillutoppar
6 stk.



299 kr. stk.
Sjampó/handsápa/sturtusápa
Marvel Comics – 300 ml



599 kr.
Egils Appelsín kríli
6x33 cl



TILBOÐ 1199 kr. kg
Lambalæri frá SS
Frosið



TILBOÐ 1999 kr. kg
Kjúklingabringur
frá Íslandsfugl

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# Hillary og repúblikanarnir

Þótt hálft annað ár sé til forsetakosninga eru fyrstu frambjóðendurnir komnir í startholurnar. Hillary Clinton tilkynnti framboð sitt í vikunni og ekki er sjáanlegt enn að aðrir demókratar geti komið í veg fyrir að hún verði forsetaefni flokksins.



**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is


Hillary Clinton virðist nokkuð örugg með að verða forsetaefni Demókrataflokksins í forsetakosningum í Bandaríkjunum haustið 2006. Langt er að vísu til kosninga þannig að enn er ekki hægt að útiloka neitt í þeim efnum.

Mikil óvissa ríkir hins vegar í herbúðum repúblikana. Enginn sterkur frambjóðandi virðist í boði, nema þá helst Jeb Bush, Scott Walker eða jafnvel Chris Christie. Bush er vel þekktur, bæði sem fyrrverandi ríkisstjóri í Flórída og sem bróðir og sonur tveggja fyrrverandi forseta. Walker hefur vakið athygli meðal eindreginna íhaldsmanna fyrir baráttu sína gegn verkalýðshreyfingunni, en Christie þykir mikill dugnaðarforkur þótt ekki sé hann allra.

Þrír repúblikanar eru strax búnir að tilkynna um framboð, þeir Ted Cruz, Paul Rand og Marco Rubio. Allir hafa þeir tengst hinni herskáu teboðshreyfingu innan Repúblikanaflokksins, sem virðist þó hafa verið að missa flugið undanfarið.

Rick Santorum hefur sömuleiðis lýst yfir framboði og náði þokkalegum árangri í forkosningum flokksins árið 2012. Rick Perry þykir afar líklegur til að taka slaginn aftur, en hann náði sömuleiðis býsna langt síðast. Óvíst er hins vegar hvort Mike Huckabee láti reyna á gæfuna í þetta sinn, en hann var ekki með árið 2012 þótt hann hafi náð góðum árangri 2008, þegar hann tapaði á endanum fyrir John McCain.

**Yfirburðastaða Clinton**

Hvað demókratana varðar þá hafa nokkrir verið nefndir sem líklegir mótframbjóðendur Clinton. Á meðal þeirra er hin skelegga Elizabeth Warren, sem hefur þó fyrir löngu tekið af skarið og útilokað framboð. Clinton hefur borið mikið lof á Warren og vonast væntanlega eftir stuðningi hennar.

Joe Biden, sem er varaforseti Baracks Obama, hefur ekki útilokað framboð en virðist þó almennt ekki talinn líklegur til að taka slaginn. Og ætti ekkert endilega mikla möguleika á móti Clinton, að minnsta kosti eins og staðan er nú.

Tveir demókratar hafa sýnt töluverðan áhuga á framboði en virðast samt fyrirfram dæmdir til að tapa gegn Clinton. Annar þeirra er Bernie Sanders, öldungadeildarþingmaður frá Vermont, sem virðist fyrst og fremst ætla í framboð gegn Clinton til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri við kjósendur. Hinn er Jim Webb, sem er ekki sami haukurinn í utanríkismálum og Clinton og myndi höfða til frjálslyndari demókrata en hún.

**Fyrsta konan**

Hillary Clinton yrði fyrsta konan sem settist á forsetastól í Bandaríkjunum, og á eftir Barack Obama, sem varð fyrsti þeldökki maðurinn til að hreppa þetta valdamesta embætti heims.

Bill Clinton, fyrrverandi forseti, yrði þá kominn í sömu stöðu og eiginkona hans var árin 1993 til 2000, sem maki forseta Bandaríkjanna.

Hún tilkynnti um framboð sitt á vefsíðu sinni nú í vikunni en sagði lítið annað en að hún ætlaði að bjóða sig fram. Hún boðar hins vegar fyrsta kosningafundinn í New Hampshire strax eftir helgina.



## Demókratarnir



**Hillary Clinton** 67 ára
**Var utanríkisráðherra í stjórn Baracks Obama 2009-2013.**
Eiginkona *Bills Clinton*, sem var forseti 1993-2001.
☆59,8
Tilkynnt framboð



**Elizabeth Warren** 65 ára
**Öldungadeildarþingmaður frá Massachusetts síðan 2013.**
☆12,2
Ekki með



**Joe Biden** 72 ára
**Varaforseti Bandaríkjanna síðan 2009.**
☆11,5



**Bernie Sanders** 73 ára
**Öldungadeildarþingmaður frá Vermont síðan 2007.**
☆4,3



**Martin O'Malley** 52 ára
**Var ríkisstjóri í Maryland 2007-2015.**
☆1,2



**Jim Webb** 69 ára
**Var öldungadeildarþingmaður frá Virginíu 2007-2013.**
☆1,2

## Repúblikanarnir



**Jeb Bush** 62 ára
**Var ríkisstjóri í Flórída 1999-2007**
Bróðir *George W. Bush*, sem var forseti 2001-2009. Sonur *George W.H. Bush*, sem var forseti 1989-1993.
☆16,5



**Scott Walker** 47 ára
**Ríkisstjóri í Wisconsin síðan 2011.**
☆15,3



**Ted Cruz** 44 ára
**Öldungadeildarþingmaður frá Texas.**
☆10,5
Tilkynnt framboð



**Rand Paul** 52 ára
**Öldungadeildarþingmaður frá Kentucky.** Faðir hans er *Ron Paul*, sem tvisvar hefur sóst eftir að verða forsetaefni repúblikana.
☆9,8
Tilkynnt framboð



**Ben Carson** 63 ára
**Skurðlæknir og rithöfundur.**
Aðskildi árið 1987 tvíbura sem voru samvaxnir á höfði.
☆9,0



**Mike Huckabee** 59 ára
**Var ríkisstjóri í Arkansas 1996-2007.**
Hefur tvisvar sóst eftir að verða forsetaefni repúblikana.
☆8,5



**Marco Rubio** 43 ára
**Öldungadeildarþingmaður frá Flórída.**
☆7,3
Tilkynnt framboð



**Chris Christie** 52 ára
**Ríkisstjóri í New Jersey síðan 2010.**
☆5,5



**Rick Perry** 65 ára
**Var ríkisstjóri í Texas 2000-2015.**
☆2,8



**Rick Santorum** 56 ára
**Öldungadeildarþingmaður frá Pennsylvaníu.**
☆1,7



**Bobby Jindal** 43 ára
**Ríkisstjóri í Louisiana síðan 2008.**
☆1,3



**John Kasich** 62 ára
**Ríkisstjóri í Ohio síðan 2011.**
☆1,3

**➜ Líklegir mótframbjóðendur**
Prósentutölurnar sýna meðaltalsútkomu úr skoðanakönnunum undanfarið samkvæmt samantekt fréttavefsins Real Clear Politics. Langt er til kosninga, þannig að lítið er í sjálfu sér að marka þessar tölur.

netto
Kræsingar & kostakjör







# 3 FYRIR 2







Kauptu 3 glös af vítamínum frá Gula miðanum en borgaðu bara fyrir 2! Ódýrasta glasið er
**frítt**

**Tilboðin gilda 9. – 22. apríl 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# 8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Haukur Viðar Alfreðsson
textahöfundur



**FACEBOOK**
Byrjum á Facebook. Maður verður að geta gert fyndinn status hvar sem maður er staddur. Í fjölskylduboðinu, í strætó, neðansjávar ...

**TWITTER**
Facebook er heimavöllurinn en á Twitter er ég á útivelli. Erfiðara að skora en það gerist einstaka sinnum.

**INSTAGRAM**
Ég lít á Instagramið mitt sem eins konar stafrænt veggteppi. Elska að skoða myndirnar mínar allar saman í thumbnailum. Litirnir, áferðin ... Kelvin er samt Satan.

**STRÆTÓ**
Besti vinur okkar sem höfum tapað í lífinu.




**CHESS.COM**
Hér tefli ég við fólk og róbóta. Lærði mannganginn seint og get ekki neitt. En þetta hlýtur að koma.

**MUSIC**
Hér geymi ég dauðarokkið. Klukkutími í strætó á dag er bærilegri með Glen Benton.

**CANDY CRUSH**
Ég veit, ég veit. 2012 hringdi og vildi fá appið sitt aftur. Ég er bara svo mikil Vigdís Hauks inn við beinið að ég get ekki hætt. Hún er samt komin miklu lengra en ég.

**NBA GAME TIME**
Frábært app fyrir kvöldsvæfan áhanganda Vesturstrandarliðs.



## Fljótandi vatn á Mars

Vitjeppinn Curiosity, sem rúntað hefur um auðnir Mars frá því í ágúst 2012, hefur loks fundið vatn í fljótandi formi á Mars. Lengi hefur verið vitað að vatn er að finna á rauðu plánetunni, en aðeins í föstu formi.

Vísindamenn hafa lengi efast að um að vatn í fljótandi formi væri að finna á plánetunni enda er Mars bæði köld og þurr veröld. Curiosity hefur nú fundið vatn undir ryðrauðu yfirborðinu. Líkur eru á að jarðvegur Mars sé rakur og þakinn pækli. Salt lækkar frostmark vatns verulega.

Þrátt fyrir þetta er Mars enn talin ólífvænleg pláneta vegna geislunar. „Vatn í fljótandi formi er ein af forsendum lífs, ekki allar,“ sagði Morten Bo Madsen, einn af stjórnendum Curiosity-verkefnisins.



## Stórhættan skemmtileg

**RESIDENT EVIL REVELATIONS** ★★★★☆

PS4 **SPENNA**

Resident Evil Revelations 2 frá japanska tölvuleikjaframleiðandanum Capcom er virkilega skemmtilegur leikur. Yfirbragð Capcom leynir sér ekki, sem er mikið hrós. Áferð leiksins er falleg og spilunin er létt og þægileg. Allt eins og best verður á kosið. Í leiknum er þeim Claire Redfield og Moiru Burton rænt og vakna þær upp í drungalegri aðstöðu þar sem ill kona, sem kallar sig hina alsjáandi, ræður ríkjum. Þær fara svo í gegnum rosalega upplifun í næstu þáttum leiksins. Leikurinn er djúpur og geta spilarar dundað sér ansi lengi. Resident Evil Revelations 2 brýtur ekki blað í sögu tölvuleikjaframleiðslu, en er flottur leikur og skemmtilegur; vel þess virði að spila á dimmu kvöldi. - kak

# Hrein orka innan seilingar

Þjóðir heimsins munu á þessu ári sameinast um hvernig skuli stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda. Vægi endurnýjanlegrar orku hefur aukist en enn eru stórir þröskuldar sem þarf að yfirstíga.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is





**HREIN ORKA** Notkun vind- og sólarorku hefur margfaldast á örfáum árum. NORDICPHOTOS/GETTY

Allar líkur eru á að 2015 verði sögulegt ár með tilliti til endurnýjanlegra orkugjafa. Í desember á þessu ári munu þjóðir heims sameinast um bindandi samkomulag til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Slíkt samkomulag er forsenda þess að hægt verði að forðast verstu spár loftslagsvísindamanna. Hrein, endurnýjanleg orka er lykilatriði í þessum efnum. Þó svo að innleiðing slíkra orkugjafa á hnattræna vísu sé fjarlægt markmið þá hafa gríðarstór skref verið tekin á síðustu tveimur árum í átt að nýju landslagi orkumála. Greiningardeild Bloomberg hefur tekið saman athyglisverða tölfræði sem sýnir að fjárfesting í aukinni framleiðslugetu endurnýjanlegrar orku hefur nú tekið fram úr nýfjárfestingum í jarðefnaeldsneyti.

Hafa ber í huga að Bloomberg einblínir á raforkuframleiðslu í sínum útreikningum. Þó svo að allt rafmagn sé orka þá er ekki öll orka rafmagn. Þó svo að tölurnar sýni fram á aukinn áhuga fjárfesta á hreinni orku þá segja þær aðeins hálfa sögu. Samkvæmt Alþjóða orkumálastofnuninni taka rafmagn og hiti til 42 prósenta af hnattrænni losun koltvísýrings. Til að ná markmiðum um minni losun verður að horfa til iðnaðar og samgangna, sem saman telja 43 prósent.

### Ný tækni fyrir nýja tíma

Fjölbreyttar lausnir standa til boða. Þar á meðal er framleiðsla og notkun metanóls. Verksmiðja Carbon Recycling International (CRI) tók til starfa í Svartsengi 2012 og framleiðir nú um 4.000 tonn af metanóli á ári með samruna vetnis og koltvísýrings úr jarðvarmavirkjun HS Orku, steinsnar í burtu. Metanól CRI er notað til íblöndunar eða sem hráefni til eldsneytisframleiðslu.

Framleiðslutækni CRI hefur vakið athygli víða um heim og ekki síst á meginlandi Evrópu. Nýlega gerði fyrirtækið samning með samstarfsaðilum frá Þýskalandi, Spáni og Belgíu um byggingu eldsneytisverksmiðju í Þýskalandi til framleiðslu á metanóli með sömu aðferðum og beitt er í Svartsengi. Þar er nýttur útblástur frá kolaorkuveri þýska orkurisans Steag í Lünen og þannig er dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

### Metanól ákjósanleg lausn

Dr. Wolfgang A. Benesch er yfirmaður rannsókna hjá Steag. Hann segir metanól koma til með að leika stórt hlutverk þegar framtíð endurnýjanlegra orkugjafa er annars vegar. Hann bendir á að vind- og sólarorka séu erfiðir orkugjafar að vinna með. Framleiðslan sé afar mismunandi; stundum lítil, stundum of mikil.



> **„Ef við nálgumst þetta verkefni út frá hagfræðilegu sjónarmiði þá erum við líklegri til að ná árangri.**
>
> *Dr. Wolfgang Benesch, yfirmaður rannsókna hjá Steag.*

„Við þurfum að leita nýrra leiða til að geyma þessa orku til að jafna framleiðsluna,“ segir dr. Benesch. „Við teljum að metanól sé heppileg leið til að gera það, þá sérstaklega þegar við horfum til geymslu til lengri tíma.“

Dr. Benesch, sem er vélaverkfræðingur að mennt, er ekki aðeins umhugað um möguleika metanóls í rekstri orkuvera. Hann ítrekar að magn koltvísýrings sem hlýst af daglegum athöfnum mannanna er gríðarlegt. Vel væri hægt að nýta metanól í auknum mæli til að knýja bifreiðar. Hann segir rafhlöðutæknina ekki vera komna á það stig að rafmagnsbílar séu raunhæfur kostur. Vetnisknúnir bílar væru ásættanleg lausn (framleiðsla vetnis er fyrra skref metanólframleiðslu) en þá blasir annað vandamál við. Grunnvirki samgönguhefða okkar eru svo rækilega bundin jarðefnaeldsneyti að það þyrfti stórkostlegt átak til að breyta þeim – að breyta bensínstöðum í vetnisstöðvar.

„Með metanóli getum við nýtt innviði sem þegar eru til staðar, þó svo að framleiðsla þess sé flóknari en vetnis, til dæmis.“

**HNATTRÆN AUKNING FRAMLEIÐSLUGETU RAFMAGNS (gígavött)**




HEIMILD: BLOOMBERG

### Markaðurinn stjórni

Verkefnið sem blasir við – hnattrænt átak í útrýmingu jarðefnaeldsneytis – mun taka mörg ár að vinna. Þróunin frá viði til kola og kola til olíu tók ein fimmtíu ár og margir áætla að það muni taka svipaðan tíma að innleiða endurnýjanlega orkugjafa. Dr. Benesch varar við því að menn flýti sér um of, peningar eru jú einnig takmörkuð auðlind.

„Ef við nálgumst þetta verkefni út frá hagfræðilegu sjónarmiði þá erum við líklegri til að ná árangri. Hins vegar, ef við flýtum innleiðingu endurnýjanlegra orkugjafa um of, þá verður það of dýrt. Ef við gerum þetta með hagsýni að leiðarljósi þá er mun líklegri að stóru löndin, eins og Egyptaland og Kína, treysti sér til að feta sömu slóð,“ segir dr. Benesch.

# BRAUN er komið til ORMSSON
## Þökkum frábærar viðtökur

## BRAUN rafmagnstannburstar fyrir alla

| Oral-B | Oral-B | Oral-B | Oral-B |
|---|---|---|---|
| Oral B Stages Power Rafmagnstannbursti fyrir börn. | Oral B Vitality Deluxe Precision Clean Rafmagnstannbursti | Oral B Advanced Power Rafmagnstannbursti | Oral B Pro TriZone 600 Rafmagnstannbursti |
| **2.290,-** | **5.490,-** | **1.990,-** | **7.990,-** |

## BRAUN rafmagnsrakvélar

**BRAUN**
Series 5
5050cc
Rakvél með hreyfanlegum haus.
vatnsheld
**39.900,-**

**BRAUN**
CoolTec
CT2s
Rakvél sem kælir húð og minnkar ertingu.
vatnsheld
**29.900,-**

**BRAUN**
MobilShave
M-90
Ferða-rakvél.
vatnsheld
**5.990,-**

**BRAUN**
SmartControl
Sport 197s
Rakvél
**12.900,-**

## BRAUN klukkur

**BRAUN**
Ferðavekjari
**3.590,-**

**BRAUN**
vekjari
**5.490,-**

**BRAUN**
vekjari með digital lýsingu og straumbreyti
**11.900,-**

**BRAUN**
Veggklukka, hljóðlaus með batterí
**6.590,-**

## BRAUN tæki fyrir konur á öllum aldri

**BRAUN**
Silk-épil 5
Legs&Body
Háreyðingartæki
vatnsheld
**16.900,-**

**BRAUN**
Face 820
Háreyðingar-tæki fyrir andlit
**12.900,-**

**BRAUN**
Satin Hair ST510
Sléttujárn
**7.990,-**

**BRAUN**
Satin Hair 7EC1
Krullujárn
**8.990,-**

**BRAUN**
Satin Hair HD350
Hárblásari
**5.490,-**

**BRAUN**
Satin Hair HD710
Hárblásari
**9.990,-**

**BRAUN**
Satin Hair SensoDryer
HD789 Hárblásari
**11.900,-**

**BRAUN**
Skin Spa
Face & body
Care Set
**19.990,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

ormsson.is

*Lágmúla 8 • Sími 530 2800*

*OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18*
*OG LAUGARDAGA KL. 11-15*

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 444 9912 |

# UNS LENGRA VARÐ EKKI KOMIST

FLÆKJUSAGA



**Illugi Jökulsson** veltir fyrir sér stórmerkilegu ferðalagi, hinu fyrsta sem nútímamaðurinn lagði í.

Þessi grein átti að byrja svona: „Sumt er merkilegt í sögunni ekki af því það gerðist. Heldur af því það gerðist ekki.“ Og svo ætlaði ég að hella mér út í hugleiðingar um af hverju tæknimenning hefði ekki risið í Ástralíu þótt menn þar hefðu sannarlega haft tímann fyrir sér. Þegar Evrópumenn komu fyrst til Ástralíu í upphafi 17. aldar hittu þeir fyrir þjóðir sem bersýnilega höfðu búið lengi í álfunni stóru en voru þó enn steinaldarmenn á stigi veiðimanna og safnara. Engin tækni, engir málmar, enginn landbúnaður. Samkvæmt öllum venjulegum skilgreiningum voru frumbyggjar Ástralíu eitthvert það frumstæðasta fólk sem Evrópumenn höfðu nokkurs staðar rekist á á jörðinni. Og hvers vegna?

(Áður en lengra er haldið: Auðvitað áttu frumbyggjar Ástralíu sína menningu, og jafnvel sína tækni. Sumt í hugmyndamenningu Ástrala var líka einkar athyglisvert. Og reyndar nota menn nú orðið „frumstæðir“ alls ekki af sömu léttúð og áður fyrrum. En þið vitið hvað ég meina. Alls staðar í heiminum, nema á mjög afmörkuðum og harðbýlum svæðum, hafði fyrr eða síðar þróast lengra komin tækni- eða samfélagsmenning af einhverju tagi. En ekki nema í mjög takmörkuðum mæli í Ástralíu.)

Hér áður fyrr voru menn ekki í vandræðum með að svara spurningum af þessu tagi. Sumir „kynþættir“ voru einfaldlega frumstæðari og ekki eins klárir og aðrir. Þegar menn fóru svo að gera sér grein fyrir að líklega höfðu menn sest fyrr að í Ástralíu en nokkurs staðar annars í heiminum, fyrir utan upprunaleg heimkynnin í Afríku, þá virtist svar af því tagi liggja ljóst fyrir. Frumbyggjar Ástralíu væru bara svona illa af guði gerðir!

Sem betur fer er ekki lengur tekið mark á slíkum „skýringum“. Vísindarannsóknir hafa nú leitt óyggjandi í ljós það sem siðferðið og samviskan hafa reyndar sagt okkur allan tímann – að það er enginn munur á manneskjunum og fyrirbærið „kynþáttur“ er í rauninni alls ekki til sem líffræðilegt hugtak, þótt það þyki enn nothæft í samfélagsfræðum ýmsum.

### AF HVERJU EKKI AÐ SMALA KENGÚRUM?

Menn hafa sett fram ýmsar skýringar á þeim skorti á tæknimenningu sem einkenndi frumbyggja Ástralíu. Einu sinni sá ég því haldið fram að ástæðan væri sú að þar væru engin stórfljót sem menn hefðu þurft að bindast samtökum um að beisla; fyrsta uppspretta menningar hefði jú verið við ána Níl, árnar í Mesópótamíu, Indusfljótið og hin miklu vatnsföll í Kína. En þessi skýring gengur ekki. Tæknimenning var ekki bundin við stórfljótin, sjáið bara ríki Ameríku, og svo eru í Ástralíu ágætlega stór fljót sem menn hefðu alveg getað notað til áveitu ef þeim hefði dottið það í hug eða svo kosið.

Svo hafa menn upp á síðkastið verið að skoða betur upphaf landbúnaðar, sem er líkast til nauðsynleg forsenda tæknimenningar, og hafa áttað sig betur en áður á því að til skamms tíma litið var landbúnaður ekki endilega framfaraskref fyrir veiðimenn og safnara á steinöld. Hinir fyrstu bændur voru bæði skammlífari og bjuggu við verri heilsu en steinaldarmenn, svo var það kannski út úr neyð vegna lélegs árferðis við veiðarnar sem menn fóru að yrkja jörðina og halda skepnur? En svo hafi seinna komið í ljós kostirnir: Stóraukin fólksfjölgun sem hafði í för með sér aukna skipulagningu og sérhæfingu og kallaði á fleiri tól og tæki? Og þá spyrja menn: Var kannski aldrei það hallæri í Ástralíu sem kallaði á að menn létu sér detta í hug að pota sjálfir frækorni í jörð í stað þess að grafa bara upp næstu næringarríku rótina? Eða fækkaði aldrei svo kengúrum á illviðraskeiðum að frumbyggjar Ástralíu þyrftu að láta sér detta í hug að einfaldara væri að rækta þær bara innan girðingar en elta uppi þá næstu sem komst í spjótfæri?

Sá leyndardómur sem hér býr að baki er afar merkilegur og um hann átti þessi grein að fjalla. En þegar ég fór að skoða málið komst ég raunar að því að eitt er enn leyndardómsfyllra en aðgerðarleysi Ástralíumanna við tæknigrufl þegar þeir voru komnir á sinn stað í tilverunni. Það er ferðalagið sem þeir fóru í til að ná á þann áfangastað.




Homo sapiens sapiens, nútímamaður, kom fram á sjónarsviðið í Eþíópíu fyrir tæpum 200 þúsund árum. Þá voru ýmsar mannategundir þegar komnar á flakk um heiminn og Neanderdalsmenn áttu til dæmis eftir að ríkja í Evrópu fyrir 100 þúsund árum. En okkar maður hélt kyrru fyrir í Afríku í meira en 120 þúsund ár, það virtist satt að segja ekki búa í honum nein glórulaus „framfaraþrá“. En fyrir um 70 þúsund árum var hann farið að langa í ferðalag.

### VAR ELDGOS UPPHAF FERÐALAGSINS?

Það er vel við hæfi að ferðalagið skyldi hefjast í Eþíópíu því við vitum ekki betur en að þar hafi Homo sapiens sapiens fyrst orðið til. Allt í einu datt í hann að gá hvað væri handan Rauðahafsins, þar sem nú heitir Jemen, og hann kom sér einhvern veginn yfir. Sumir telja að ferðalagið hafi kviknað eftir tröllslegt eldgos í Topa-fjalli á Súmötru fyrir 70 þúsund árum og hafði í för með sér kulda og trekk um víða veröld í mörg ár, það gæti vel hafa orðið hvöt til að leita skárri veiðisvæða annars staðar. Og sundið milli Afríku og Asíu er ekki nema 25 kílómetrar þar sem það er mjóst, til samanburðar eru 10 kílómetrar milli lands og Vestmannaeyja, og kannski var sjávarstaða þá lægri og sundið mjórra, kannski fleytti nútímamaðurinn sér yfir á frumstæðum flekum. Altént steig nútímamaður fyrst á land í Asíu fyrir um 70 þúsund árum.

Og hann lét ekki staðar numið. Nú hófst eitthvert makalausasta ferðalag sem maðurinn hefur nokkru sinni farið. Hann þræddi strendurnar kringum Arabíuskagann og inn í Persaflóann. Svo fór hann út Persaflóann og sem leið lá til Indlands. Og hann fór með ströndum Indlands inn í Bengalflóa og þaðan suður með Malajaskaga og út á indónesísku eyjarnar.

Ef eldgosið á Súmötru hefur verið upphafleg ástæða ferðalagsins hefur það óneitanlega verið svolítið eins og að ganga í gin ljónsins, en þegar maðurinn átti leið um var Topa-fjall sofnað að nýju fyrir þúsundum ára. En ekki staðnæmdist maðurinn samt á eyjunum; alltaf hélt hann áfram. Yfirleitt er skammt á milli eyjanna svo hann hefur getað fleytt sér yfir og sjávarstaðan hefur vafalaust víða verið lægri en nú. Hafi hann komið við á eyjunni Flores hefur hann hitt fyrir hina dvergvöxnu manntegund sem komin var af forföður hans, Homo erektus, pínulítið fólk, ekki nema rétt rúmur metri að lengd, Homo floresiensis, sem dó ekki út fyrr en fyrir 18 þúsund árum; sumir halda að hann leynist enn í skógunum þar sem þeir eru þéttastir.

> **Hafi hann komið við á eyjunni Flores hefur hann hitt fyrir hina dvergvöxnu manntegund sem var ... ekki nema rétt rúmur metri að lengd ... sem dó ekki út fyrr en fyrir 18 þúsund árum; sumir halda að hann leynist enn í skógunum þar sem þeir eru þéttastir.**

### AF HVERJU VARÐ ENGINN EFTIR?

En áfram hélt Homo sapiens sapiens og skaut sér líklega milli Nýju-Gíneu og ástralska meginlandsins einhvern tíma þegar lítið var í sjónum vegna ísaldar á norðurhveli, kannski var beinlínis hægt að ganga alla þessa leið þurrum fótum. Og nú varð ekki lengra komist, hann átti ekki báta til að leggja út á hafið svo í Ástralíu settist hann að og fór ekkert framar. Hann dreifði sér um alla Ástralíu og var fljótur að því, elsta beinagrind sem fundist hefur dúkkaði upp þar sem heitir Mungo í suðausturhluta Ástralíu, líklega er hún 50 þúsund ára gömul.



ÁSTRALSKUR FRUMBYGGI SPILAR Á DIDGERIDOO

Auðvitað eru dagsetningar þessa mikla ferðalags á reiki. En það virðist hafa tekið manninn aðeins 20 þúsund ár að komast þessa leið, og „aðeins“ segi ég óhikað vegna þess að leiðin er einmitt 20 þúsund kílómetrar og það þýðir að þessi frumstæði steinaldarmaður hefur lagt að baki einn kílómetra á ári. Í 20 þúsund ár hefur hópurinn flutt að jafnaði um kílómetra í austur – svona yfirleitt. Auðvitað hefur ferðalagið ekki gengið alveg jafnt og þétt, stundum hafa menn staðnæmst á góðum veiðislóðum í mörg ár og jafnvel tugi ára eða aldir, en þeim mun lengra hafa þeir þá flutt sig næst. Og af hverju? Það er hin heillandi spurning sem því miður verður eflaust seint svarað. Af hverju lét maðurinn sér ekki duga búsældarlega ósana þar sem Efrat og Tígris féllu til sjávar í Persaflóa, af hverju fór hann að lokum burt úr gnægtaskógum Indlands og staðnæmdist ekki fyrr en ekki varð lengra komist?

Því athugið eitt, og það allra merkilegasta. Þetta var ekki ferðalag af því tagi að hvarvetna settist mestallur hópurinn að til frambúðar en svo hélt lítill flokkur áfram og settist að lengra í austri. Nei. Þessi fyrsti hópur Homo sapiens sapiens virðist hvergi hafa skilið eftir sig fólk, nema hugsanlega einn örlítinn ættbálk syðst á Indlandi. Asíubúar eru annars allir komnir af öðrum hópi Homo sapiens sem lagði ekki af stað frá Afríku fyrr en 30-40 þúsund árum síðar en hópurinn sem skundaði til Ástralíu. Frumbyggjar Ástralíu virðast sem sagt komnir af einum samstæðum og samhentum hópi sem var á einhvers konar markvissu ferðalagi, allir sem einn, einn kílómetra á ári, þangað til komið var á leiðarenda.

### BÚNIR AÐ FÁ NÓG AF ÖLLU SAMAN?

Og kannski voru þeir þá búnir að fá nóg af allri þeirri samheldni sem ferðalagið hefur útheimt. Eftir að þeir komu til Ástralíu dreifðust þeir um allt og höfðu ekki mikið samband sín á milli. Þegar Evrópumenn komu til Ástralíu voru afkomendur þessara ferðalanga kannski 500 þúsund en þeir skiptust í 300 þjóðir og talaði hver sitt tungumál. Það eru að jafnaði um tvö þúsund manns í hverri þjóð! Og kannski er það líka skýringin á því að Ástralíumenn létu hjá líða að tileinka sér tækni: Þeir eru enn að hvíla sig eftir hina ströngu ferð.

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1968

**AÐALFUNDUR**
**Félags rafeindavirkja**

Aðalfundur Félags rafeindavirkja 2015 verður haldinn þriðjudaginn 28. apríl 2015 kl.17:30 á Stórhöfða 27, gengið inn að neðanverðu.(Grafarvogs megin)

**Dagskrá:**
- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Kosning fulltrúa á þing RSÍ
- Kosning fulltrúa á ársfund Stafa lífeyrissjóðs.
- Önnur mál.

Reykjavík 17.apríl 2015

*Stjórn Félags Rafeindavirkja*

**Áður en aðlfundur FRV hefst verður Sveinbjörn Höskuldsson rafmagnsverkfræðingur hjá fyrirtækinu „Nox medical“ með kynningu á tækjabúnaði til svefnrannsókna. Kynningin hefst kl.17:30**

SPOEX
LAUGARDAGUR 18. APRÍL 2015

# Samtök psoriasis- og exemsjúklinga

Aðalfundur 28. apríl





Á göngudeildinni eru tveir ljósaskápar, með bæði UVA- og UVB-perum. Þar eru einnig UVB-handa- og fótalampi og tvær UVB-ljósagreiður. MYNDIR/VILHELM

## Göngudeild – hjarta starfseminnar

**SPOEX rekur göngudeild í húsnæði samtakanna að Bolholti 6. Þangað geta psoriasis- og exemsjúklingar leitað sem þurfa á UVB- eða UVA-ljósameðferð að halda og hafa tilvísun frá húðlækni. Sjúklingar þurfa ekki að panta tíma og er opið kl. 11.30-18.30 virka daga nema föstudaga. Þá er opið 9.30-16.30.**

Mörgum hentar það vel að geta komið þegar tími gefst, án þess að panta tíma fyrir fram, enda margt sem getur breytt fyrirætlunum fólks í dagsins önn. Þennan sveigjanleika telja margir okkar sjúklinga stóran kost við göngudeildina.

Á göngudeildinni eru tveir ljósaskápar, með bæði UVA- og UVB-perum, en algengast er að nota UVB. Skipt var um perur í skápunum í upphafi ársins. Þar eru einnig UVB-handa- og fótalampi og tvær UVB-ljósagreiður. Algengt er að fólk komi til okkar þrisvar í viku í tólf vikur í senn. Venjulega koma 50-80 manns á degi hverjum.

Nú starfa þrír sjúkraliðar á göngudeildinni. Þær eru Bára Melberg, María Finnbogadóttir og Steinunn Oddsdóttir en Steinunn á tíu ára starfsafmæli um þessar mundir. Við leggjum áherslu á gott viðmót, sveigjanleika og langan opnunartíma. Sjúklingum göngudeildar hefur fjölgað mikið síðustu þrjú ár. Erfitt er að segja til um orsakir en kaldir umhleypingasamir vetur og sólarlítil sumur, auk niðurskurðar í öðrum meðferðum, gætu spilað hér inn í.

Á næstunni ætlum við að auka vöruúrval og selja ýmsar vörur á góðu verði fyrir sjúklinga. Hægt verður að fá vörur sendar í póstkröfu fyrir þá sem búa á landsbyggðinni. Sjúkraliðar okkar veita fúslega upplýsingar og aðstoð. Hægt er að hafa samband við göngudeildina Bolholti 6 í síma 588-9620 eða senda tölvupóst á gongudeild@spoex.is en einungis er tekið við sjúklingum í ljós sem hafa til þess tilvísun frá húðlækni.

Húðlæknir göngudeildar er Birkir Sveinsson. Birkir kemur reglulega á deildina og sinnir sjúklingum. Panta þarf tíma fyrir fram á göngudeildinni til að geta hitt Birki.

## 2-3 prósent Íslendinga með psoriasis

**Spoex – Samtök psoriasis- og exemsjúklinga voru stofnuð árið 1972 og verða því 43 ára á þessu ári. Félagsmenn í dag eru um 1.300 og eru þeir á öllum aldri. Talið er að um 2-3 prósent Íslendinga séu með psoriasis, eða um 6-10 þúsund manns.**

Rekstur félags eins og Spoex er nokkuð viðamikill en félagið rekur meðal annars göngudeild í Bolholti 6 í Reykjavík fyrir húðsjúkdóma. Þar er hægt að fá UVA/UVB-ljósameðferð við exemi og psoriasis. Að sögn Ingvars Ágústs Ingvarssonar, formanns Spoex, koma um 60-80 manns í ljósameðferð daglega en flestir koma þrisvar í viku. Félagið heldur úti vefsíðu á spoex.is og Facebook-síðu undir heitinu Spoex. Félagið er einnig með skrifstofu í Bolholti og er Kristín Ólafsdóttir skrifstofustjóri Spoex. Í stjórn Spoex sitja sjö manns og skipta þau með sér verkum og verkefnum. Þau eiga það sameiginlegt að vera öll með psoriasis og inna starf sitt af hendi án endurgjalds. Félagið er rekið með fjárframlögum og styrkjum.

Að sögn Ingvars er gott samstarf við önnur félög eins og Gigtarfélag Íslands og Félag sykursjúkra og halda þessi félög sameiginleg fræðslukvöld tvisvar til þrisvar á ári. „Þá erum við í samstarfi við Félag íslenskra húðlækna og Astma- og ofnæmissamtökin vegna endurnýjunar á bæklingum um exem og psoriasis,“ útskýrir Ingvar.



**„Félagið sinnir hagsmunagæslu fyrir psoriasis- og exemsjúklinga en frá árinu 2009 hefur mikill niðurskurður verið í þjónustu við sjúklinga bæði hjá hinu opinbera og einkaaðilum.**

Starfsfólk Spoex frá vinstri; Bára Melberg, Kristín Ólafsdóttir, María Finnbogadóttir og formaðurinn Ingvar Ágúst Ingvarsson. Á myndina vantar Steinunni Oddsdóttur. MYND/VILHELM

Félagið sinnir hagsmunagæslu fyrir psoriasis- og exemsjúklinga en frá árinu 2009 hefur mikill niðurskurður verið í þjónustu við sjúklinga. „Gildir einu hvort sú þjónusta hefur verið á framfæri hins opinbera eða einkaaðila sem eru með samninga við Sjúkratryggingar Íslands.“

Spoex er aðili að Öryrkjabandalagi Íslands og hafa stjórnarmenn Spoex unnið mikið innan stjórnar ÖBÍ í gegnum tíðina. ÖBÍ hefur styrkt starfsemi Spoex með umtalsverðum hætti síðustu ár, bæði fjárhagslega og í gegnum almennt starf ÖBÍ.

Spoex er jafnframt aðili að norrænum samtökum psoriasissjúklinga (NordPso) og alþjóðlegum samtökum psoriasissjúklinga (IFPA) og fær þar aðgang að ýmsum upplýsingum sem nýtast í daglegum störfum og hagsmunabaráttu félagsins.

Félagið heldur upp á alþjóðadag psoriasis 29. október ár hvert og hefur boðið upp á ýmsa viðburði í gegnum tíðina.



**Fyrir þykka og hreistraða húð með kláða.**
Meðhöndlar hreistraða húð og einkenni sóríasis.
Slakar á húðinni og eykur fyllingu.
Dregur úr kláða og losar húðflögur.
Er rakagefandi og eykur vatnsbindigetu húðar.
Án stera, án parabena.
Fæst í apótekum
KERECIS
PSORIA
með mOmega3





Fyrsta hjálp fyrir þurrar varir
• Engir parabenar
• Engin ilmefni
• Engin litarefni
Fæst í apótekum
DECUBAL
EXPERT CARE FOR DRY SKIN
Actavis



**Við erum Mylan**
Eitt stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi

Mylan Seeing is believing
Lægra lyfjaverð fyrir þig





Sjálfsmynd ungmenna er oft viðkvæm og því sérstaklega erfitt að greinast með psoriasis á unglingsaldri. MYND/PJETUR

# Fræðslunámskeið fyrir ungmenni í bígerð

**SPOEX hefur hug á því að hefja ungmennastarf og bjóða upp á fræðslunámskeið fyrir ungmenni sem þjást af psoriasis. Ef nægilegir styrkir fást er vonast til að þau geti hafist í lok sumar.**

„Við erum búin að sækja um styrki víða og vonumst til að geta boðið upp á fyrsta námskeiðið í lok sumars,“ segir Sigríður Ösp Elinardóttir Arnarsdóttir, varamaður í stjórn Spoex. „Hugmyndin er að fara með ungmennin í helgarferð út fyrir bæjarmörkin. Við myndum vera með fræðslu um sjúkdóminn og umhirðu húðarinnar svo dæmi séu nefnd en auk þess er þetta hugsað sem eins konar sjálfstyrkingarnámskeið þar sem ungmennin myndu hitta aðra í svipuðum sporum,“ útskýrir Sigríður Ösp. Hún segir sjúkdóminn oft tengdan hormónastarfsemi og er algengt að hann komi fyrst fram í kringum kynþroskaaldur. Á það sérstaklega við um stelpur og greinast þær oft yngri en strákar.

„Sjálfsmyndin er svo viðkvæm á þessum aldri og mörgum finnst þeir einir í heiminum. Þá getur verið gott að spegla sig í öðrum. Ég var tólf ára þegar ég greindist og þótt útbrotin hafi alls ekki verið mikil, aðeins á olnbogum og hnjám, fannst mér ég vera útsteypt. Þá eru krakkar oft grimmir á þessum aldri og segja „oj, hvað er þetta?“. Þetta oj getur sviðið sárt.“

Sigríður Ösp segir vanta talsvert upp á að þeir sem greinast fái næga fræðslu. „Í dag er þetta yfirleitt þannig að þú færð greiningu, krem og litlar frekari upplýsingar. Ég var í mörg ár að viða að mér upplýsingum um sjúkdóminn. Þetta þarf ekki að vera svona og við viljum gjarnan efla fræðslu fyrir jafnt yngri sem eldri. Á hinum Norðurlöndunum er öflugt ungmennastarf og þar eru haldin ýmis fræðslunámskeið. Ég vonast til að geta kynnt mér slík námskeið í Danmörku í sumar og staðfært fyrir hérlend ungmenni.“

## AÐALFUNDUR ÞRIÐJUDAGINAN 28. APRÍL

SPOEX

Aðalfundur **Spoex** verður haldinn þriðjudaginn 28. apríl kl. 19.30 í sal Gigtarfélags Íslands, Ármúla 5.

Fundurinn hefst á aðalfundarstörfum og stjórnarkjöri skv. lögum félagsins.

Eftir kaffihlé mun dr. Björn Guðbjörnsson prófessor í gigtarrannsóknum segja frá The Nordic PAM Study – Sóraliðalöskun á Norðurlöndum en hann er formaður rannsóknarhópsins.

Veitingar í boði Actavis.

## ● MUNURINN Á PSORIASIS OG EXEMI

Psoriasis er langvinnur bólgusjúkdómur í húð sem kemur fram í of hraðri frumuskiptingu í frumum yfirhúðar og þá myndast skellur sem eru rauðar, örlítið upphleyptar og oft þaktar hvítu hreistri. Blettirnir geta valdið kláða og eiga það einnig til að rifna upp og þá getur blætt.

Psoriasis smitar ekki en tilhneigingin til að fá psoriasis gengur í erfðir. Einstaklingur getur verið með psoriasis án þess að það brjótist nokkurn tímann út en það þarf eitthvað til að kalla fram sjúkdóminn en það getur verið meðal annars slæm hálsbólgusýking eða streptókokkar, mikið álag og stress og þá í langan tíma. Auk þess hafa rannsóknir sýnt að reykingar og áfengisneysla geta haft slæm áhrif á sjúkdóminn.

Exem er langvinnur húðsjúkdómur sem veldur kláða, roða, þurrki og sprungum í húð. Atópískt exem er langalgengasta tegund exems og kemur oftast fram hjá börnum.

Atopískt exem er misslæmt. Sumir hafa lítil einkenni með litla og fáa bletti af þurri húð. Aðrir geta haft verri einkenni eins og sprungur í húð og sár. Hjá flestum börnum dregur úr einkennum og þau hverfa jafnvel alveg eftir því sem þau eldast. Atopískt exem er arfgengur sjúkdómur en ekki smitandi.

## ● SJÚKDÓMUR SAMKVÆMT WHO

Árið 2014 markaði tímamót fyrir fólk með psoriasis því þá var sjúkdómurinn viðurkenndur af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) sem alvarlegur, sársaukafullur, hamlandi og ólæknandi sjúkdómur. Þessi ályktun er mikilvæg í ljósi þess að hún skuldbindur stjórnvöld í ríkjum heims að halda betur um málaflokkinn og veita viðunandi úrræði. Þar eru íslensk stjórnvöld ekki undanskilin en mikið vantar upp á að hér á landi sé heildarsýn yfir áhrif sjúkdómsins, útbreiðslu hans eða meðferðarúrræði.

Spoex – samtök psoriasis- og exemsjúklinga ● Ábyrgðarmaður: Ingvar Ágúst Ingvarsson



**Eitthvað illt**

**Fanney Sizemore er einn af sjö teiknurum sem myndskreyta bókina Eitthvað illt á leiðinni er.** **SÍÐA 6**



**Engin tilgerð**

**Verk Ámunda Sigurðssonar eru til sýnis í Hönnunarsafni Íslands.** **SÍÐA 4**













# Í FÓTSPOR KJARTANS Á SÆGREIFANUM

**VIÐ HÖFNINA** *Elísabet Jean Skúladóttir er hinn nýi barón á Sægreifanum. Líf hennar snýst um að halda merki brautryðjandans á lofti með sömu góðu humarsúpunni og grillaða fiskinum.*

Það hefur ekkert róast lífið í verbúðinni þótt hinn sögufrægi Kjartan sé fallinn frá en hann lést í febrúar síðastliðnum. Þvert á móti hefur þetta verið mjög annasamur vetur. Elísabet segist ekki muna eftir jafnmiklum fjölda ferðamanna yfir vetrarmánuðina. Hún hóf störf á Sægreifanum árið 2005, fyrst um helgar jafnframt því að starfa á leikskóla. „Þá var þetta allt minna um sig og við vorum oft bara tvö að vinna. Núna eru átta manns á hverri vakt,“ segir hún. Elísabet og Kjartan náðu strax vel saman og ekki leið á löngu þar til hann bauð henni fullt starf. „Ég hætti í leikskólanum og hér er ég enn. Við Kjartan höfðum langt í frá alltaf sömu skoðanir og gátum alveg rifist um hina ýmsu hluti en vináttan var engu að síður náin. Stundum vildi hann stjórnast með mig en það var allt í lagi. Undir það síðasta bjó hann á Eir. Þá hringdi ▶

**FJÖLSKYLDAN** Elísabet og Daði ásamt börnum sínum, Emilíu Jean og Kristófer Mána. Þriðja barnið er væntanlegt í heiminn í júlí. MYND/STEFÁN




hann í mig að minnsta kosti sjö, átta sinnum á dag,“ segir Elísabet og minnist hans með hlýju. Sægreifinn var líf og yndi Kjartans og hann treysti engum betur en Elísabetu til að taka við staðnum. „Ég sakna hans mikið og á honum margt að þakka.“

**HRUNIÐ BJARGAÐI ÞEIM**

Þegar Kjartan byrjaði með Sægreifann árið 2003 var þar eingöngu fiskbúð. Engum öðrum hafði dottið í hug að nýta þessa verbúð undir slíka starfsemi. „Ári síðar komu útlendingar til Kjartans sem höfðu verið í sjóstangaveiði. Þeir spurðu hvort hann gæti eldað fyrir þá fiskinn sem þeir veiddu. Hann gerði sér lítið fyrir, skrapp í Byko, keypti grill og matreiddi fiskinn. Kjartan vildi allt fyrir alla gera,“ segir Elísabet. „Eftir þetta fór hann að laga súpu sem sló fljótt í gegn. Hann bjó til tvo lítra í fyrstu sem síðan urðu að 150 lítrum á sumrin þegar ferðamenn fjölmenntu á staðinn,“ segir Elísabet þegar hún rifjar upp hvernig staðurinn byrjaði.

„Þegar Kjartan opnaði fiskbúðina á þessum stað urðu margir hissa, enda hafði engin starfsemi verið þarna. Það var stefnan að rífa þessi hús fyrir hrun og byggja glerhýsi. Ég segi að kreppan hafi bjargað okkur. Ég vona að húsin fái að standa því hér er svo skemmtilegt, fallegt og lifandi svæði.“

**VINIR UM ALLAN HEIM**

„Kjartan hætti að reka staðinn 2008 en þá var heilsan farin að bila og ég tók við. Hann var þó alltaf viðlátinn og bjó í húsinu. Hann vildi gjarnan að ég keypti reksturinn en ég var ekkert sérstaklega spennt fyrir því. Síðan hvöttu foreldrar mínir mig til þess árið 2011, enda átti starfið vel við mig og ég var orðin tengd staðnum,“ útskýrir Elísabet. „Ég hef aldrei séð eftir því að kaupa staðinn því hann er líf mitt og yndi, eiginlega eins og eitt af börnunum mínum.“

Elísabet segist ekki hafa haft mikinn áhuga á mat og matargerð þegar hún byrjaði á Sægreifanum fyrir tíu árum. Áhuginn var þó fljótur að kvikna. „Sægreifinn er einfaldur veitingastaður með fáa rétti. Humarsúpan er alltaf rosalega vinsæl. Síðan erum við með sjö tegundir af fiski, rækju, hörpuskel og hrefnu. Við eigum ótalmarga fastagesti. Það eru til dæmis nokkrir Ólafsfirðingar sem koma alltaf mánaðarlega í siginn fisk. Aðrir hópar koma í skötu og svo er alltaf gaman að fá erlenda ferðamenn sem hafa komið áður til okkar í Íslandsheimsókn. Ég hef eignast vini um allan heim í gegnum starfið mitt og fæ oft tölvupósta frá gestum,“ segir Elísabet en staðurinn hefur fengið jákvæðar umsagnir í erlendum blöðum og tímaritum, meðal annars New York Times og Washington Post.

**STAÐUR ÁN LEYFIS**

Elísabet gengur í öll störf á veitingastaðnum, hvort sem þarf að elda, þrífa, vaska upp, þjóna til borðs eða að reka staðinn. „Ég vil hafa þetta þannig, persónulegan stað þar sem allir vinna saman. Ég lofaði Kjartani að ég myndi engu breyta en ég mátti bæta við. Ég ætla að standa við það,“ segir hún. „Staðurinn hefur þróast mikið frá því ég byrjaði. Eftir að ég tók við rekstrinum varð meira skipulag á innkaupum og rekstri. Kjartan var ekki að flækja málin. Hann var svo ótrúlega krúttlegur og fór bara eigin leiðir. Var til dæmis ekkert að spá í lög eða reglugerðir. Þegar ég benti honum á að við yrðum að fara eftir ákveðnum reglum, fussaði í honum og svo sagði hann: „Þú og þessar reglugerðir“,“ segir Elísabet og hlær.

„Ég vildi hafa allt eftir bókinni, bjóða heilbrigðiseftirlitið velkomið í stað þess að fá skammir frá því. Ég var búin að vinna á Sægreifanum í þrjú ár þegar ég komst að því að Kjartan hafði ekki veitingaleyfi. Einn daginn kom eftirlitið og lokaði. Það þurfti að skila inn teikningum og fá þetta leyfi. Staðurinn var bara lokaður í þrjá daga en það tók óratíma í kerfinu að fá þetta leyfi. Mig minnir að það hafi tekið hálft ár en ég lærði heilmikið á því ferli.“

**Á GÓÐUM STAÐ**

Elísabet segist aldrei munu komast með tærnar þar sem Kjartan hafði hælana. Þegar hún er spurð hvort hún finni anda hans svífa yfir staðnum, svarar hún: „Ég var alveg viss um að við myndum finna rækilega fyrir honum en svo hefur ekki verið. Hann hlýtur að vera á góðum stað. Kjartan hafði mjög gaman af því að segja sögur, til dæmis kvennafarssögur af sjálfum sér en ég veit ekkert hvort þær voru sannar. Hann var gamall sjómaður og sögumaður góður. Ekki var síður gaman að heyra sögurnar frá körlunum sem komu hérna á morgnana til hans.“

Sægreifinn er opinn alla daga ársins en Elísabet segist samt ekki alltaf vera í vinnunni. „Ég er með gott starfsfólk,“ segir hún. Eiginmaður hennar er Daði Steinn Sigurðsson. Þau eiga tvö börn, ellefu ára son og þriggja ára dóttur og þriðja barnið er væntanlegt í júlí. „Daði byrjaði að vinna með mér í september, sagði upp sinni vinnu og er kominn á fullt í Sægreifanum. Systir mín vinnur líka hjá mér. Það er því kominn fjölskyldubragur á fyrirtækið,“ segir hún. „Starfinu fylgir að ég er alltaf í símanum, hvar sem ég er stödd, en það truflar mig aldrei. Þegar maður rekur fyrirtæki er það fylgifiskurinn.“



**BARÓNESSA** Elísabet hefur í nógu að snúast alla daga á Sægreifanum sem nýtur mikilla vinsælda á meðal bæði Íslendinga og erlendra ferðamanna. MYND/ERNIR



**KÁTUR KARL** Kjartan var brautryðjandi í veitingarekstri við höfnina. Margir komu á eftir honum.

**FEIMIN FJÖLSKYLDUKONA**

Þegar Elísabet er spurð hvort hún hafi tíma fyrir áhugamál, svarar hún því játandi. „Ég er í kór Vox Populi í Grafarvogi og finnst það mjög skemmtilegt. Svo er móðir mín að koma mér inn í prjónaskap. Ég hef aldrei haft áhuga á djammi eða næturlífi,“ segir hún og bætir við að hún sé frekar feimin og lítið fyrir athygli. „Ég er bara venjuleg manneskja sem eyðir frítíma með fjölskyldunni. Við ferðumst á sumrin eftir bestu getu, helst innanlands því mér er illa við að fljúga. Ég læt mig þó hafa það stöku sinnum en er annars frekar heimakær,“ segir Elísabet sem er 34 ára. Hún er kennaramenntuð en hafði þó aldrei hug á kennslu. „Ég hef alltaf haft nóg að gera og er mjög sátt við það sem ég er að fást við,“ segir þessi unga kona sem sægreifinn Kjartan lagði allt sitt traust á fyrir dauða sinn.

■ elin@365.is




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**






habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400 | Opið MÁNUDAGA TIL LAUGARDAGA KL. 11-18 / SUNNUDAGA KL. 13-18 | Vefverslun á www.tekk.is

# FINNST ALLT ÁHUGAVERT NEMA TILGERÐ OG LEIÐINDI

**GRAFÍSK HÖNNUN** *Verk Ámunda Sigurðssonar eru til sýnis í Hönnunarsafni Íslands. Sem grafískur hönnuður hefur Ámundi komið að fjölda ólíkra verkefna á löngum ferli og hafa mörg þeirra verið áberandi hér á landi. Sýning stendur yfir til maíloka.*

Þessa dagana stendur yfir sýning á verkum grafíska hönnuðarins Ámunda Sigurðssonar í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ. Sýningin var opnuð í mars í tengslum við HönnunarMars og stendur yfir út maímánuð. Ámundi hefur á 30 ára ferli sínum unnið við nánast öll þau verkefni sem grafískum hönnuðum eru falin við sjónræna miðla. Verk hans hafa mörg verið áberandi í samfélaginu, hvort sem um er að ræða vörumerki og auglýsingaherferðir stórfyrirtækja, plötuumslög eða bækur sem hann hefur hannað og sett upp. Einnig hefur hann átt farsælt samstarf við marga þekkta tónlistar- og myndlistarmenn og má meðal annars sjá afrakstur þess á sýningunni.

Þau eru mörg verkefnin sem Ámundi hefur unnið á löngum ferli en hvað skyldi helst standa upp úr þegar hann lítur til baka? „Það eru sérstaklega þessi verk sem hafa einhvern veginn runnið í gegn þegar ég er orðinn þreyttur eða annars hugar og allt í einu liggur eitthvað þarna á skjánum sem ég á bágt með að trúa að sé eftir mig. Þá hefur mér stundum dottið í hug að ég sé miðill, grafískur hönnunarmiðill. Eins hef ég komist að því að það liggja oft demantar í mistökunum sem ég geri. Ef ég gef mér bara tíma til að stoppa og skoða það sem ég ætlaði mér að henda þá hef ég oft fundið nýjar lausnir eða leiðir.“

Meðal eftirminnilegra verkefna og viðskiptavina nefnir hann til dæmis verslunina Epal sem hann hefur unnið með síðan 1999. „Svo er mjög gaman að vinna fyrir Einar Örn, hann hefur gefið mér frelsi og hvatt mig til að stíga út fyrir rammann. Veitingahúsið Astro var mjög skemmtilegt verkefni sem ég vann auk allra veitingastaða sem ég hef unnið fyrir af því að mér finnst svo gott að borða. Ekki má gleyma Páli Óskari vegna alls skrautsins og ýmsum bókum fyrir ólíka listamenn. Einnig vil ég nefna sjáandann Erlu Stefánsdóttur vegna þess að hún er búin að sýna mér svo margt sem ég sá ekki áður.“

**FJÖLBREYTT VERKEFNI**

Helstu áhrifavaldar Ámunda eru mjög margir að hans sögn og of langt mál að telja þá alla upp. „Þó get ég nefnt til dæmis Kanasjónvarpið, upphafstitla á teiknimyndum, skemmtiþáttum og kvikmyndum. Einnig er ég undir miklum áhrifum frá amerískum kúltúr frá 1950-1970, frá David Bowie sem var alltaf að skipta um útlit og alter-ego og arkitektum eins og Mies van der Rohe og Gaudi sem ég ber sérstaklega mikla virðingu fyrir. Ekki má gleyma Kalindi sem kenndi mér hvað frelsi raunverulega er. Naívismi, súrrealismi og symbólismi og nokkur partí í viðbót. Mér finnst eiginlega allt áhugavert nema tilgerð og leiðindi.“

Grafískir hönnuðir sinna mjög fjölbreyttum verkefnum og má sjá hönnun þeirra úti um allt í samfélaginu. „Það er erfitt að snúa sér í hring í borgarumhverfi án þess að upplifa grafíska hönnun. Þó finnst mér hún ekki fá þann sess sem hún á skilið. Persónulega myndi ég vilja sjá meira fjallað um grafíska hönnun enda hefur hún mikil áhrif á fegurðarskynið og hið sjónræna í daglegu lífi okkar.“

Hönnunarsafn Íslands er til húsa að Garðatorgi 1 í Garðabæ og er opið alla daga milli kl. 12 og 17, utan mánudaga en þá er lokað.



**MIKIL AFKÖST** Sýning Ámunda Sigurðssonar grafísks hönnuðar spannar 30 ára glæsilegan feril. MYNDIR/ERNIR






**FJÖLBREYTTUR FERILL**
Meðal verka Ámunda eru þekkt vörumerki, plötuumslög og bækur sem hann hefur hannað og sett upp.









Nú býður SS upp á bragðgóða nýjung. Hálfúrbeinað læri, aðeins með leggbeini og er því mun auðveldara að sneiða.

**Meira kjöt og minna bein**

GÆÐAVARA

MEIRA KJÖT OG MINNA BEIN



## BETRI VARA FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

Það er fátt sem jafnast á við íslenskt lambalæri á veisluborðið og SS býður upp á ljúffengt úrval af kryddlegnum, hálfúrbeinuðum lærum.

SS fremstir fyrir bragðið









# GAMAN AÐ TEIKNA EITTHVAÐ „KRÍPÍ“

*HELGIN Fanney Sizemore dembir sér í útgáfuhóf bókarinnar Eitthvað illt á leiðinni er í dag en hún er einn af sjö teiknurum sem myndskreyta bókina. Helgin verður annars annasöm hjá Fanneyju við teikningar og hvísl.*

Ég fékk tvær sögur sendar til að myndskreyta. Núna er ég búin að lesa allar sögurnar í bókinni og hún er ótrúlega flott og mikið í hana lagt. Sögurnar eru mjög draugalegar hjá krökkunum og mér fannst sérstaklega gaman að fá að gera ógnvekjandi myndir í barnabók því yfirleitt er það öfugt. Ég þarf að halda aftur af mér. Það er alltaf gaman að teikna eitthvað „krípí“,“ segir Fanney Sizemore en hún er einn af sjö teiknurum sem myndskreyta glænýja drauga- og hryllingssögubók eftir nítján grunnskólakrakka í Reykjavík, Eitthvað illt á leiðinni er.

Útgáfuhóf bókarinnar er haldið í dag og er það eitt af því sem er á dagskránni yfir helgina hjá Fanneyju. „Það verður gaman að hitta krakkana á bak við sögurnar,“ segir hún.

Annars á hún annasama helgi fram undan.

„Ég hef verið að myndskreyta aðra sögu, tónlistarævintýri sem gerist í orgeli. Það er æfing í dag hjá okkur fyrir tónleika sem verða svo fluttir á miðvikudaginn á Barnamenningarhátíð. Annað kvöld er ég svo að vinna uppi í Borgarleikhúsi þar sem ég er hvíslari.

Hvísla núna við sýninguna Er ekki nóg að elska?“ segir Fanney og viðurkennir að þetta sé frekar dæmigerð helgi hjá henni.

Þegar hún á frí reynir hún að gera vel við sig í kósíheitum eða skellir sér út að dansa.

„Ég dansa lindýhopp hvenær sem tækifæri gefst en fer lítið á djammið. Dansæfingarnar eru þó yfirleitt á virkum kvöldum en stundum um helgar og oft er hægt að dansa lindýhopp á djasstónleikum um helgar. Ég fer líka gjarnan í leikhús ef ég á frí á laugardagskvöldum, það virðist einhvern veginn fylgja því að vinna í leikhúsi,“ segir Fanney.

„Það kemur frekar sjaldan fyrir að ég eigi lausan dag um helgi til að gera ekki neitt en ef það gerist sæki ég yfirleitt í kósíheit, reyni að sofa út ef kisi vekur mig ekki eldsnemma og fæ mér góðan morgunmat, egg og beikon til dæmis. Ég er svo léleg í morgunmatnum á virkum dögum. Svo kveiki ég yfirleitt ekki á sjónvarpinu heldur gríp frekar í bók að lesa.“

Ertu þá að lesa hryllingssögur?

„Ég er reyndar lítið í hryllingssögunum en les mikið fantasíur og vísindaskáldsögur.“

**ÚTGÁFUHÓF ÆFING OG HVÍSL** Fanney Sizemore ætlar í útgáfupartí í dag en hún er ein þeirra sem myndskreyta hryllingssögusafnið Eitthvað illt á leiðinni er, eftir nítján grunnskólakrakka í Reykjavík. Annað kvöld hvíslar hún við sýninguna Er ekki nóg að elska? í Borgarleikhúsinu. MYND/VALLI

# BÝR Á SKEMMTIFERÐASKIPI

*Lee Wachtstetter er 86 ára amma sem seldi húsið sitt fyrir sjö árum og flutti um borð í skemmtiferðaskip. Skipið er heimili hennar.*

Eiginmaður Lee lést úr krabbameini fyrir 18 árum. Þau hjónin fóru reglulega í siglingar. Eiginmaður hennar sem starfaði sem bankamaður og var fjárfestir lagði á það ríka áherslu áður en hann lést að hún héldi áfram að ferðast. Lee borgar rúmar 20 milljónir króna á ári fyrir búsetu í skipinu. Um borð en hún kölluð Mama Lee og hún nýtur þess að mæta á alla viðburði um borð, dansar og skemmtir sér. Hún hefur komið í margar hafnir í mörgum heimsálfum á þessum sjö árum. Skipið hefur siglt til Ástralíu, frá Afríku til Brasilíu og Miami. Þá hefur hún siglt um Miðjarðarhafið og heimsótt sögufrægar borgir.

Um borð á Lee 1.080 nágranna sem stoppa þó stutt við. Flestir þeirra eru Bandaríkjamenn en skipafélagið sem Lee siglir með heitir Crystal Cruises. Lee hefur fimmtán sinnum á ævinni siglt umhverfis jörðina. Þegar skipið kemur til Flórída hittir hún börn sín og barnabörn.



**GLÆSISKIP** Lee býr um borð í skipi frá skipafélaginu Crystal Cruises.



**SVÍTAN** Herbergið er glæsilegt og Lee hefur öll þægindi um borð á meðan hún siglir um heimsins höf.

GARÐUR

**Sveitarfélagið Garður auglýsir eftirfarandi störf við Gerðaskóla fyrir skólaárið 2015 – 2016 laus til umsóknar:**

- Tvær stöður grunnskólakennara til kennslu á yngri barna stigi
- Staða sérkennara
- Staða náms- og starfsráðgjafa. Um er að ræða 50% starf

**Hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Leyfisbréf til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.
- Hreint sakavottorð.
- Einlægur áhugi á að vinna með börnum.
- Góð færni í samskiptum við börn og fullorðna.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum.
- Frumkvæði í starfi, faglegur metnaður og skipulögð vinnubrögð.

**Ráðið er í störfin frá 1. ágúst 2015.** Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með 3. maí 2015.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Ágúst Ólason skólastjóri í síma 422-7020 og 777-9904. Umsóknir með mynd, ásamt ítarlegri ferilskrá, afritum af leyfisbréfum og upplýsingum um umsagnaraðila berist til skólastjóra á netfangið agust@gerdaskoli.is eða til Gerðaskóla, Garðbraut 90, 250 Garður.

# Sölumaður

**Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða starfsmann til sölustarfa í heimilistækjaverslun fyrirtækisins.**

Starfið felst í afgreiðslu og sölu heimilistækja og almennri ráðgjöf. Leitað er að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum starfsmanni sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Reynsla af sölustörfum æskileg. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 12.00-18.00 og suma laugardaga frá kl. 11.00-14.00.

Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

**Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir fimmtudaginn 30. apríl.**
**Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sminor.is.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 520 3000.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ASÍ

Alþýðusamband Íslands er heildarsamtök launafólks. Félagsmenn í ASÍ eru um hundrað þúsund í 5 landssamböndum og 51 aðildarfélagi um land allt. Þar af eru ríflega 98.000 virkir á vinnumarkaði. Félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ eru starfandi á flestum sviðum samfélagsins, á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um hagsmuni þeirra og réttindi.

# ASÍ leitar að tveimur sérfræðingum

## Sérfræðingur í upplýsinga- og kynningardeild

Deildin hefur umsjón með almennri upplýsingamiðlun Alþýðusambandsins, auglýsingum, útgáfum og kynningarefni.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Frétta- og greinaskrif
- Miðlun efnis á samfélagsmiðlum
- Umsjón með fréttabréfi ASÍ
- Kynningar í framhaldsskólum
- Samstarf við ASÍ-UNG
- Samskipti við aðildarfélög ASÍ

**Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólapróf og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Faglegur metnaður og frumkvæði
- Góð þekking á samfélagsmiðlum
- Þarf að ná vel til ungs fólks
- Hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp

## Sérfræðingur í hagdeild

Deildin fæst m.a. við rannsóknir og ráðgjöf á sviði efnahags- og kjaramála auk úttekta og tillögugerðar vegna vinnu samtakanna að velferðar-, skatta-, atvinnu- og verðlagsmálum.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Rannsóknir á sviði efnahags- og kjaramála
- Úrvinnsla tölulegra gagna
- Skrifa umsagnir fyrir hönd ASÍ í tilteknum málaflokkum
- Samskipti við skrifstofur aðildarfélaga og landssambanda
- Þátttaka í málefnanefndum ASÍ
- Þátttaka í samstarfi ASÍ við erlend systursamtök og alþjóðasamtök stéttarfélaga
- Frétta- og greinaskrif
- Kynningarmál og fræðsla

**Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfið. Framhaldsmenntun er kostur
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af þjóðhagsútreikningum og gerð kjarasamninga er æskileg
- Þekking á tölfræði og hæfni í útreikningum og úrvinnslu tölulegra gagna
- Faglegur metnaður og frumkvæði
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli
- Hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp

**Upplýsingar veita:**

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. maí.**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni í starfið og ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

» Ráðningarþjónusta

# Sölumaður

Fyrirtæki á sviði varahlutasölu og þjónustu óskar eftir að ráða sölumann til starfa í verslun.

Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:30.



## » Starfssvið

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Afgreiðsla í verslun
- Framstillingar og önnur tilfallandi verkefni

## » Hæfniskröfur

- Reynsla af afgreiðslu á varahlutum eða reynsla í bifvélavirkjun æskileg
- Reglusemi, þjónustulund og jákvætt viðmót

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

VATNSSKARÐSNÁMUR
Alexander Ólafsson ehf.

## Vélamaður óskast til starfa

Alexander Ólafsson ehf. óskar eftir ráða vanan vélamann í efnisvinnslu og mokstur á hjólaskóflu í Vatnsskarðsnámur.

Um er að ræða framtíðarstarf.

**Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2015**

Umsókum skal skilað til Ellerts Alexanderssonar á netfangið ellert@alexander.is eða hafa samband í síma S: 578-9300

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

# VEISTU HVAÐ ÞÚ VILT?

## VIÐSKIPTARÁÐGJAFI Á NORÐURLANDI

Leitað er eftir öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til að starfa í hópi metnaðarfullra starfsmanna sem sinna sölu og þjónustu við einstaklinga. Starfið er í senn fjölbreytt og krefjandi. Viðkomandi starfar sem verktaki og hefur starfsstöð á skrifstofu félagsins á Akureyri.

**STARFSSVIÐ**
- Vátryggingaráðgjöf og sala
- Þarfagreining og áhættumat
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini

**HÆFNISKRÖFUR**
- Reynsla af sölu- og þjónustumálum æskileg
- Góð samningatækni og samskiptahæfni
- Árangurssækni og drifkraftur
- Skilvirk vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Finnur Guðmundsson
**finnur@vordur.is**

## TJÓNAFULLTRÚI

Leitað er eftir sjálfstæðum og skipulögðum einstaklingi til að starfa í hópi sem sinnir afgreiðslu mála sem snúa að persónutjónum. Starfið er í senn bæði fjölbreytt og krefjandi.

**STARFSSVIÐ**
- Almenn vinnsla mála er varða persónutjón
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila
- Gagnaöflun, yfirlestur gagna og útreikningar fjárhæða
- Ákvörðun bótaskyldu og uppgjör mála

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda eða önnur viðlíka menntun sem nýtist í starfi
- Góð samningatækni og samskiptahæfni
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Góð tök á tölulegum útreikningum
- Sjálfstæði, skipulagning og vandvirkni í vinnubrögðum ásamt hæfni til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Heiða Óskarsdóttir
**heida@vordur.is**

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 4. MAÍ.**
Vinsamlega skilið umsóknum inn á vef félagsins **www.vordur.is**.

Vörður tryggingar hf. er alhliða vátryggingafélag í eigu BankNordik. Félagið hefur vaxið hratt á undanförnum árum og í dag starfa um 70 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti félagsins á komandi árum. Hjá Verði er gildandi jafnréttisstefna sem stuðlar að því að einstaklingar njóti sömu launakjara og starfstækifæra óháð kyni. Félagið hefur hlotið Jafnlaunavottun VR sem staðfestir það launajafnrétti sem ríkir hjá félaginu.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-13-019

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.**

vörður

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 74071 04/15

# Framkvæmdastjóri Gerplu

Íþróttafélagið Gerpla óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Í boði eru fjölbreytt og krefjandi verkefni. Gerpla stendur fyrir mjög öflugu starfi fyrir börn, unglinga og fullorðna þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hjá félaginu æfa um 1800 iðkendur og starfsmenn eru rúmlega 120 talsins. Gerpla er eitt sigursælasta fimleikafélag landsins, hefur átt keppanda á Ólympíuleikum í áhaldafimleikum, Evrópumeistara í hópfimleikum ásamt því að iðkendur félagsins hafa unnið til fjölda annarra titla á innlendum sem erlendum vettvangi.

**Upplýsingar um starfssvið og hæfniskröfur má finna á heimasíðu Capacent. Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

# Byggingarfulltrúinn í Reykjavík

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf byggingarfulltrúa laust til umsóknar.**

Staða byggingarfulltrúa er á umhverfis- og skipulagssviði. Sviðið tók formlega til starfa í janúar 2013 þegar umhverfis-og samgöngusvið, skipulags- og byggingarsvið og framkvæmdahluti framkvæmda- og eignasviðs voru sameinuð. Skrifstofa skipulags, byggingar og borgarhönnunar ber ábyrgð á skipulagi byggðar, landslags og samgangna út frá samþykktri stefnumörkun, sem og eftirliti með framkvæmd skipulags. Innan hennar eru lögbundin verkefni byggingarfulltrúa. Á skrifstofunni starfa 44 starfsmenn þar af 21 hjá embætti byggingarfulltrúa. Umhverfis- og skipulagssvið er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 og stefnt er að því að embætti byggingarfulltrúa verði með vottað gæðastjórnunarkerfi skv. IS0 9001 á þessu ári.

**Starfssvið byggingarfulltrúa:**
- Veita embættinu faglega forystu og móta framtíðarstefnu innan ramma laga og reglugerða
- Starfið er lögbundið, verksvið byggingarfulltrúa kemur fram í 9. gr. byggingarreglugerðar, nr. 441/1998
- Eftirlit og eftirfylgni að lögum um mannvirki nr. 160/2010, reglugerðum og öðrum lögum um byggingarmál sé framfylgt
- Afgreiðsla mála sbr. samþykkt um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík nr. 161/2005 m.s.br.
- Ábyrgð á daglegum rekstri þ.m.t. starfsmannamálum og fjármálum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Framhaldsmenntun á háskólastigi í arkitektúr eða verkfræði. Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður sbr. 25. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010
- Þekking á byggingarreglugerð
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga æskileg
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli

Um laun og starfskjör fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. maí nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

# Capacent Ráðningar

# Vilt þú EFLAst með okkur?

EFLA leitar að áhugasömum fagmönnum á lagna- og loftræstifagsvið fyrirtækisins. Lagna- og loftræstifagsvið er hluti af byggingarsviði EFLU sem samanstendur af öllum fagsviðum er snerta byggingar. Saman mynda starfsmenn sviðsins öflugt og samhent teymi.

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 260 samhentra starfsmanna.

Hæfniskröfur:

- Að minnsta kosti B.Sc. gráða í verkfræði eða tæknifræði með reynslu af lagna- eða loftræstihönnun.
- Eða masterspróf í vélaverkfræði með áherslu á lagnir eða loftræstingu.
- Kunnátta í norsku eða einhverju öðru norðurlandamáli.
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 23. apríl næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Frekari upplýsingar veitir Arinbjörn Friðriksson sviðsstjóri, arinbjorn.fridriksson@efla.is.

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • PÓLLAND • TYRKLAND




# LAUNAFULLTRÚI

Við leitum að brosmildum einstaklingi sem hefur reynslu af launavinnslu, framúrskarandi þjónustulund og næmt auga fyrir smáatriðum.

**Helstu verkefni**

- Vinnsla launabókhalds þ.m.t. útreikningur, samantekt yfirvinnu, greiðsla launa og skil gjalda
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsmanna
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélög og opinbera aðila
- Ýmis önnur störf í tengslum við kjaramál og kjarasamninga starfsmanna

**Hæfniskröfur**

- Góð reynsla af launabókhaldi er nauðsynleg
- Góð greiningarhæfni og færni í Excel
- Þekking á kjarasamningum sem og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á SAP launakerfi kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2015.** Sækja skal um starfið á nyherji.is/atvinna.

Nánari upplýsingar veitir Dröfn Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri drofn.gudmundsdottir@nyherji.is.

**Bæði kyn eru hvött til að sækja um starfið.**

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS

NÝHERJI

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Hjá móðurfélaginu starfa 270 manns en hjá samstæðunni um 470. Dótturfélög Nýherja eru TM Software, Tempo og Applicon á Íslandi og í Svíþjóð. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 15-0875



# Viltu ganga **til liðs við Valitor?**

Valitor óskar að ráða til sín **Viðskiptastjóra** (Senior Business Relations Manager) á Alþjóðasvið

**Starfssvið:**

- Samskipti við viðskiptavini – bæði nýja og núverandi
- Samhæfing verkferla við önnur svið innan Valitor
- Tilboðs- og samningagerð til viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskipta

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi er kostur
- Reynsla í samningagerð og frágangur samninga er kostur
- Mjög góð samskiptafærni og frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er skilyrði

Upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is, 520 4700.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl **n.k.**

HAGVANGUR

Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Gildin okkar, frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

## Leikskólinn Skerjagarður

Við á Leikskólanum Skerjagarði, Bauganesi 13 í Reykjavík, erum að leita að metnaðarfullum og jákvæðum leikskólakennara eða leiðbeinanda, sem hefur brennandi áhuga að starfa með börnum.

Framtíðarstarf í boði. Skerjagarður er lítill einkarekinn leikskóli, þar sem frumkvæði og gleði eru í fyrirrúmi. Umsókn og frekari upplýsingar sendist á netfangið
**SKERJAGARDUR@SKERJAGARDUR.IS.**
**EÐA Í SÍMA 8485213 SÓLDÍS**

## Kaldrananeshreppur

### Skólastjóri og kennari óskast

Laus er til umsóknar skólastjóra- og kennarastaða við Grunnskólann á Drangsnesi frá 1. ágúst 2015. Þar starfa að jafnaði tveir kennarar, skólastjóri og 10-15 nemendur. Í skólanum er lögð rík áhersla á skapandi og sjálfstæð vinnubrögð nemenda sem allir eru einstakir og ómissandi.



Endilega hafðu samband við Jenný Jensdóttir skrifstofustjóra Kaldrananeshrepps, í síma 451-3277, drangsnes@drangsnes.is

**Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl nk.**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða leikskólastjóra við leikskólann Fífuborg

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Fífuborg.**

Fífuborg er fjögurra deilda leikskóli við Fífurima í Grafarvogi. Í næsta nágrenni leikskólans er grenndarsvæði hans, Hallsholt. Leikskólinn er Grænfánaskóli og unnið er eftir kenningum John Dewey, Caroline Pratt og Lev Vygotsky.
Í leikskólanum er lögð áhersla á lýðræðislega stjórnun með samstarfi allra sem mynda samfélag Fífuborgar, þ.e. barna, foreldra og starfsfólks. Mikil áhersla er lögð á lýðræði, að raddir barnanna heyrist og þau hafi áhrif á umhverfi sitt.
Gildi Fífuborgar eru virðing, heilbrigði og gleði.
**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að þróa og leiða uppeldis- og menntastarf í Fífuborg.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. júlí 2015. Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2015.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu, sími 411 1111.
Netfang: hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin**

Hagsýni | Liðsheild | Heilindi | nordural.is



# SPENNANDI STÖRF Á UMHVERFIS- OG VERKFRÆÐISVIÐI

Við leitum að metnaðarfullum og öflugum liðsmönnum á umhverfis- og verkfræðisvið Norðuráls. Störfin sem um ræðir fela í sér undirbúning og stjórn á margþættum og krefjandi verkefnum á Grundartanga.

**STARFSSVIÐ:**
- Undirbúningur verkefna og verkefnastýring
- Rekstur og þróun umhverfismála
- Umsjón með gerð og eftirfylgni áætlana
- Kostnaðareftirlit
- Greining og upplýsingagjöf innanhúss og til opinberra aðila

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**
- Meistaragráða í verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sterk öryggis- og umhverfisvitund

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga. Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lifandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

Sótt er um á **www.nordural.is,** umsóknarfrestur er til og með **30. apríl** nk. Upplýsingar veita Einar F. Björnsson, framkvæmdastjóri Umhverfis- og verkfræðisviðs, og Valka Jónsdóttir starfsmannastjóri í síma **430 1000**.

Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli.

OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management | ISO 14001 Environmental Management | ISO 9001 Quality Management

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*



Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

## óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann

## Sérfræðingur í hagspá og greiningum

Hagstofa Íslands leitar að starfsmanni í Rannsóknadeild Hagstofu Íslands. Deildin fylgistmeð afkomu þjóðarbúsins, gerir þjóðhagsspár og birtir opinberlega. Starfsmaðurinn mun vinna við gerð þjóðahagsspár. Áherslur í þessu starfi eru á opinber fjármál og fjármálamarkaði auk vinnu við framþróun á gerð þjóðhagsspár.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- ✓ Háskólagráða í hagfræði, framhaldsmenntun er mikill kostur
- ✓ Þekking á hagrannsóknum
- ✓ Reynsla af greiningarstörfum/hagrannsóknum
- ✓ Mjög góð enskukunnátta
- ✓ Góð kunnátta á gagnavinnsluhugbúnaði (t.d. Excel, Eviews eða sambærilegt)
- ✓ Góð þekking á fjármálum hins opinbera og fjármálamörkuðum er kostur
- ✓ Hlutlægni og fagmennsku
- ✓ Samviskusemi, skipulögð vinnubrögð og frumkvæði
- ✓ Góð samskiptafærni

**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2015.**

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

| | |
|---|---|
| Póstáritun | Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík |
| Netfang | *starfsumsokn@hagstofa.is* |
| Upplýsingar | Ólafur Arnar Þórðarson [*olafur.thordarson@hagstofa.is*] |

## Hótelstjóri óskast á 25 herbergja hótel og veitingastað á Suðurlandi

**Starfssvið**

- Umsjón með daglegri stjórnun og rekstri
- Stjórnun starfsmanna, ráðningar og þjálfun
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Almenn verkefni á hótelinu

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun á sviði reksturs eða hótelstjórnunar
- Reynsla af stjórnunarstarfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

*Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið* ***matti@snerpa.is***

HEILSUGÆSLAN



## Heilsugæslulæknar við Heilsugæsluna Árbæ

Laus eru til umsóknar tvö störf heilsugæslulækna við Heilsugæsluna í Árbæ. Annars vegar er um að ræða ótímabundið starf og hinsvegar sumarafleysingu til þriggja mánaða. Ráðið verður í störfin sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Til greina kemur að ráða aðra sérfræðinga eða almenna lækna ef ekki tekst að ráða lækna með sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum til starfa. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. maí 2015.**

Heilsugæslan Árbæ er hverfisstöð og er fyrst og fremst ætlað að þjóna íbúum Árbæjar, Seláss, Ártúnsholts, Grafarholts og Norðlingaholts. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (*www.heilsugaeslan.is*).

***Hæfnikröfur:***

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum.
- Mikil skipulagshæfni.
- Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.
- Reynsla af teymisvinnu er æskileg.

***Helstu verkefni og ábyrgð:***

- Almennar lækningar og heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Kennsla nema.
- Veita fræðslu og upplýsingar og leiðbeina skjólstæðingum og aðstandendum.
- Virk þátttaka í þróun faggreinar innan starfsstöðvar.

***Frekari upplýsingar um störfin***

Nánari upplýsingar um störfin veitir Gunnar I. Gunnarsson, yfirlæknir Heilsugæslunnar Árbæ í síma 585-7800 eða netfangi: *gunnar.i.gunnarsson@heilsugaeslan.is*

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf, vísinda- og rannsóknarstörf. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í störf. Umsókn gildir í 6 mánuði. Sækja skal um störfin á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (*www.heilsugaeslan.is*) undir laus störf eða á Starfatorgi (*www.starfatorg.is*).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

PORT hönnun

heimkaup.is

# Heimkaup.is óskar eftir **starfsfólki!**

## Grafískur **hönnuður**

**Heimkaup.is** óskar eftir öflugum grafískum hönnuði. Viðkomandi mun vinna náið með vörustjórum og framkvæmdastjóra. Meðal þess sem viðkomandi mun sinna er hönnun tölvupósta sem fyrirtækið sendir út daglega, auglýsingar í dagblöð og vefborðar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur metnað og er tilbúinn að leggja það á sig sem þarf til að skara fram úr.

**Viðkomandi þarf að vera búin(n) eftirfarandi kostum:**

- **Mikil reynsla af auglýsingagerð** og að skila auglýsingum bæði til **prent og vefmiðla.**
- Hafa mikla reynslu af notkun forrita eins og **Adobe InDesign, Illustrator, Photoshop og Edge** (eða öðru sambærilegu).
- Geta **unnið hratt og af öryggi** þegar þess gerist þörf.
- Þarf að hafa skoðanir á hlutunum, **hafa frumkvæði og geta unnið sjálfstætt**
- **Reynsla af notkun samfélagsmiðla** við markaðssetningu æskileg en ekki nauðsynleg.

## Vel skrifandi **(vef)sölumaður!**

Hjá vefverslun mætir viðskiptavininum ekki sölumaður fullur af upplýsingum og áhuga um vörurnar sem hann er að selja. Þess í stað þarf vefurinn að gegna hlutverki sölumanns með greinargóðum og aðgengilegum upplýsingum um vöruna.

Heimkaup leitar að einstaklingi sem mun gegna því mikilvæga hlutverki að sjá til þess að vörulýsingar á vefsvæði Heimkaupa séu á heimsmælikvarða.

**Viðkomandi þarf að vera búin(n) eftirfarandi kostum:**

- Eiga auðvelt með að skrifa vandaðan og **villulausan texta á íslensku.**
- Geta auðveldlega **þýtt texta úr ensku.**
- Bera gott skynbragð á hvaða upplýsingar skipta viðskiptavininn máli og geta miðlað því í **grípandi sölutexta.**
- Hafa gott auga fyrir **smekklegri uppsetningu**

Við leitum að einstaklingi sem getur framkvæmt ofangreint áreynslulaust. Fjöldi vara sem þarf að koma á framfæri fjölgar stöðugt og afköst þurfa að vera í samræmi við það. Starfið er í mótun þannig að viðkomandi mun hafa tækifæri til að móta það með samstarfsfólki sínu.

Áhugasamir skili inn umsóknum til **Guðmundar Magnasonar (gm@heimkaup.is)** fyrir 23.04.2015

Vefverslun fer vaxandi á Íslandi og Heimkaup.is er þar í fararoddi. Heimkaup.is er lifandi og spennandi vinnustaður. Hér er álagið oft mikið en alltaf gaman. Við veitum viðskiptavinum okkar fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum. Metnaður starfsfólks og endurgjöf viðskiptavina skilar skemmtilegum starfsanda.

HEIMKAUP

**Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 5502700 · www.heimkaup.is**







# Má bjóða þér gott starf?

OR Veitur óska eftir öflugum einstaklingum til starfa í góðan hóp starfsmanna. OR Veitur annast rekstur og uppbyggingu rafmagnsveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu. Meginstarfsemi fyrirtækisins er á höfuðborgarsvæðinu en veitusvæðið nær frá Stykkishólmi í vestri til Hellu í austri.

## Fagstjóri fráveitu

Tækniþróun óskar eftir jákvæðum og samskiptaliprum verk- eða tæknifræðingi til starfa við kerfisrannsóknir og hönnun fráveitukerfa fyrirtækisins.

**Starfs– og ábyrgðarsvið:**
- Hönnun og rýni
- Ábyrgð á hönnunarforsendum
- Ábyrgð á kerfisrannsóknum
- Ábyrgð á gerð framtíðarsýnar

**Menntunar– og hæfnikröfur:**
- M.Sc. próf í bygginga– eða vélaverkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af hönnun veitukerfa skilyrði
- Reynsla af hönnun fráveitukerfa, dælu– og hreinsistöðva æskileg
- Mjög góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

## Vélstjóri/vélfræðingur

Viðhaldsþjónusta óskar eftir vélstjóra eða vélfræðingi til starfa við viðhald og endurnýjanir í fráveitukerfum fyrirtækisins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Viðhald og eftirlit með vélbúnaði hreinsi- og dælustöðva
- Upptektir á dælum
- Uppsetning og ástandsgreining vélbúnaðar
- Viðbrögð við bilunum

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Vélstjóri eða vélfræðingur með sveinspróf í málm- og/eða rafiðnaðargrein
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

## Rafvirki/rafveituvirki

Viðhaldsþjónusta óskar eftir rafiðnaðarmenntuðum aðila með ríka þjónustulund og góða samskiptahæfni til starfa við viðhald og endurnýjun á rafbúnaði og lagnakerfum fyrirtækisins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Endurnýjun á búnaði í spenni- og aðveitustöðvum
- Ýmis endurnýjunarverk á lagnakerfum
- Lagning og tenging strengja í skurðum
- Viðbrögð við bilunum

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Sveinspróf í rafvirkjun eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

## Fageftirlit

Verkefnastofa óskar eftir aðila með ríka þjónustulund og góða samskiptahæfni til starfa við eftirlit með framkvæmdum í veitukerfum fyrirtækisins. Viðkomandi vinnur náið með verkefnastjórum og verkstjórum verktaka.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Eftirlit með framkvæmdum í veitukerfum
- Öryggis- og gæðaúttektir
- Efnispantanir

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Iðnmenntun s.s. vél- eða iðnfræði, vélvirkjun eða pípulagnir
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar** um störfin veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.
**Þú sækir um** á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2015.

**Hvetjum bæði karla og konur til að sækja um störfin**

JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

# STÝRÐU MEÐ STÆL!

## AÐSTOÐARVEITINGASTJÓRI ÓSKAST

Við viljum ráða harðduglega og ábyrga manneskju í stöðu aðstoðarveitingastjóra á stað okkar við Dalshraun. Um er að ræða 72% starf í vaktavinnu fyrir konu eða karl.

Ef þú ert 24 ára eða eldri og vilt vinna hjá traustu fyrirtæki með skemmtilegu fólki þá gætum við verið að leita að þér.

umsokn.foodco.is
atvinna@foodco.is




American Style

## Sölumaður á járni óskast.

Sindrason óskar eftir góðum sölumanni á járni starfið felst í því að heimsækja viðskiptavini, sölu á staðnum, taka saman pantanir. Starfsemi fyrirtækisins er að Álhellu 3 Hafnarfirði.

**Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið á valdi@sindrason.is**

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Matráður, afleysing í leikskólann Sólhvörf
- Deildarstjóri í leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennari í leikskólann Sólhvörf
- Leikskólasérkennari eða þroskaþjálfi í leikskólann Baug
- Leikskólakennari í leikskólann Baug

**Grunnskólar**

- Sérkennari í Salaskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stigi í Álfhólsskóla
- Sérkennari í sérdeild fyrir einhverfa í Álfhólsskóla

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

# FJÁRMÁLASTJÓRI

**Reykjavik Excursions - Kynnisferðir óskar eftir að ráða öflugan fjármálastjóra til starfa.**

## Starfssvið

- Dagleg fjármálastjórnun.
- Reikningshald, áhættu- og fjárstýring.
- Rekstraruppgjör samstæðu.
- Áætlanagerð.
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnar og framkvæmdastjórnar.
- Fjárhagsleg greining og eftirlit.
- Samskipti við lánastofnanir og fjárfesta.

## Menntunar- & hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi í viðskiptafræði eða skyldum greinum. Löggiltur endurskoðandi er kostur.
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórn er skilyrði.
- Góð reynsla af uppgjörsvinnu.
- Reynsla af starfi í alþjóðlegu umhverfi.
- Öguð vinnubrögð, framsýni og metnaður til að ná árangri.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tungumálakunnátta.

## REYKJAVIK EXCURSIONS - KYNNISFERÐIR



Reykjavik Excursions-Kynnisferðir er ört vaxandi alhliða ferðaþjónustufyrirtæki með um 200 starfsmenn. Fyrirtækið leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda ferðamenn um Ísland ásamt því að starfrækja Flugrútuna til og frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og bílaleiguna Enterprise.

Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

Upplýsingar veitir:
Katrín S. Óladóttir,
katrin@hagvangur.is.

HAGVANGUR

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl.
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is með ítarlegum upplýsingum um náms- og starfsferil ásamt kynningarbréfi.

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • main@re.is • www.re.is • www.flybus.is

## Malbikunarstöðin Höfði h.f. óskar eftir:

Vélamönnum á hjólaskóflu, malbikunarvélar og við vélar grjótmulningsstöðvar.

**Upplýsingar veitir verkstjóri í síma 693 5870 milli kl. 7.30 og 17.00 virka daga.**

**Malbikunarstöðin Höfði HF**
Sævarhöfða 6-10 • 110 Reykjavík • Sími: 587 5848 • Fax: 587 5576
Pósthólf 10032 • 130 Reykjavík • Kt. 581096-2919 • Vsk: 52200



## GARÐYRKJUFRÆÐINGUR ÓSKAST Í SUMAR- OG HELGARAFLEYSINGAR

**Blómaval í Skútuvogi leitar að garðyrkjufræðingi til starfa í sumar.**

Um er að ræða vinnu virka daga og um helgar

**Ábyrgðarsvið**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Umsækjendur þurfa að hafa starfsreynslu og eða haldgóða þekkingu á sviði garðyrkju.

**Umsóknir berist til Guðrúnar Kristinsdóttur gudrunk@husa.is fyrir 30. apríl n.k.**
**Öllum umsóknum verður svarað.**

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**



blómaval
heillandi heimur



## Móttökuritari á Húðmeðferðarstofu

Húðfegrun

Við leitum að öflugum ritara á húðmeðferðarstofuna Húðfegrun ehf.

**Hæfniskröfur**
- Starfsreynsla í ritarastarfi kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, dugnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Stofan býður upp á heildrænar húðmeðferðir án skurðaðgerða. Fyrirtækið leggur mikinn metnað í að bjóða viðskiptavinum sínum það allra nýjasta og öflugasta á sviði húðmeðferða sem og að veita góða og persónulega þjónustu.

Um er að ræða fullt starf og kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl**
**Umsókn og ferilskrá sendist á hudfegrun@hudfegrun.is**



15-0809 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Lögfræðingur óskast

*Isavia auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á skrifstofu félagsins í Reykjavík*

*Meðal helstu verkefna eru innleiðing reglna á sviði flugvalla og flugleiðsögu, yfirlestur og ráðgjöf vegna samninga og útboðsgagna og yfirferð lagafrumvarpa og reglugerða sem berast félaginu til umsagnar.*

Upplýsingar um starfið veitir Karl Alvarsson lögfræðingur, **karl.alvarsson@isavia.is.**

Umsóknum skal skilað á **www.isavia/atvinna.**

Umsóknarfrestur er til og með **28. apríl 2015.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Umsækjendur skulu hafa lokið embættisprófi og/eða meistaraprófi í lögfræði.
- Þekking og reynsla í Evrópurétti, útboðsrétti, samningarétti og vinnurétti.
- Þekking á evrópskum flugreglum er kostur.

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 940 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

ISAVIA





Sérgreinar í hjartalækningum

LANDSPÍTALI

## SKRIFSTOFUSTJÓRI/ LÆKNARITARI

*Við leitum að kraftmiklum og lausnamiðuðum liðsmanni til starfa á vettvangi sérgreina í hjartalækningum.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón með rekstri skrifstofu sérgreinarinnar
- Umsjón og frágangur sjúkraskráa og læknabréfa
- Upplýsingagjöf og samskipti við t.a.m. sjúklinga og starfsmenn
- Ýmis verkefni fyrir yfirlækni og sérfræðilækna sérgreinarinnar
- Aðstoð við skipulagningu kennslu og vísindastarfa á vegum sérgreinarinnar
- Þátttaka og þróun í upplýsingatækni við ritun í rafræna sjúkraskrá sviðsins
- Ýmis verkefni tengd klínískri skráningu og skjalastjórnun

**Hæfni**

- Sjálfstæði, frumkvæði og faglegur metnaður
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Góð tölvukunnátta, skipulögð, sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Mjög góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Löggiltur læknaritari og haldgóð reynsla af læknaritarastörfum

Vinnutími kl. 8-16 virka daga. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. maí 2015.**

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af starfsleyfi.

Nánari upplýsingar:
Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir (davidar@landspitali.is, 543 1000),
Þórdís Ágústa Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi (thoring@landspitali.is, 543 9106).

*Sótt er um starfið á landspitali.is, undir „Laus störf". Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar.*

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

TÍU DROPAR
CAFÉ & WINE ROOM



**FULLT STARF & HLUTASTARF**

Við hjá Tíu Dropum óskum eftir kaffibarþjóni, starfsmanni í sal og eldhús. Viðkomandi þarf að tala íslensku og hafa náð 20 ára aldri. Vinsamlega sendið okkur umsókn á 10dropar@gmail.com

www.facebook.com/TiuDropar
LAUGAVEGI 27 101 RVK 551-9380
TÍU DROPAR

# controlant *Spennandi tímar framundan*

Controlant er íslenskt hátæknifyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir í rauntímavöktun verðmæta. Lausnir fyrirtækisins hafa náð útbreiðslu á innlendum og erlendum lyfja- og matvælamörkuðum, en þær byggja á þráðlausri tækni, hugbúnaðarlausnum og miðlægu gagnagrunnskerfi sem fyrirtækið hefur þróað á undanförnum árum. Vegna aukinna umsvifa þurfum við að bæta liðsmönnum í teymið okkar.

Fyrirtækið er í mikilli sókn og eru mörg spennandi verkefni framundan sem tengjast hugbúnaðar- og vélbúnaðarvörum fyrirtækisins. Við leitum eftir hressum einstaklingum sem eru til í slaginn og búa yfir aganum til þess að vinna sjálfstætt. Þá þykir áhugi á viðfangsefninu mikill kostur, sem og temmilega mikil hæfni í badminton, borðtennis og foosball.

```
me.match(/(job){1}/i)[0];
```

## Forritari (C#, Java, Python, ASP.NET)

Lausnir Controlant byggja á söfnun gagna, m.a. um hitastig og meðhöndlun vöru, frá skynjurum sem dreift er víðsvegar um heiminn. Viðmótskerfi og þjónustur nýta gögnin til birtingar til notenda með ýmsum hætti og mun viðkomandi taka þátt með virkum hætti í framþróun þessara grunnkerfa.

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af forritun.
- Þekking á vefþjónustum og þjónustuvæðingu innri kerfa er kostur.
- Þekking á MySQL er kostur.
- Þekking á C#, Java og Python er kostur.
- Þekking á helstu hönnunarmynstrum (design patterns) er kostur.
- Þekking á uppbyggingu innviða fyrir dreifða gagnavinnslu, t.d. Hadoop, Spark eða aðrar lausnir er kostur.

## Vélbúnaðarþróun (Rafmagnsverkfræði)

Vélbúnaður fyrirtækisins, m.a. mæli- og staðsetningarbúnaður, er hannaðar frá grunni af þróunarteymi okkar. Viðkomandi einstaklingur mun taka virkan þátt í framþróun á vörum fyrirtækisins á komandi árum.

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf í rafmagnsverkfræði eða sambærileg menntun.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af vinnu með tölvurásir.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af forritun á örtölvum.
- Þekking og reynsla af forritun í C, Python og Matlab er kostur.
- Reynsla í vélbúnaðarprófunum er kostur.
- Reynsla í rásahönnun er kostur.

**Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á job@controlant.com fyrir 29. apríl. Öllum umsóknum verður svarað. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

Controlant ehf. | Grensásvegi 7, 108 Reykjavík | s. 517 0630 | www.controlant.com

## BORG RESTAURANT & NORA MAGASIN

-AUGLÝSA EFTIR FRAMÚRSKARANDI FÓLKI-

### BORG RESTAURANT

Opnar á ný eftir stækkun í maí. Við erum að leita að snillingum til liðs við okkar sístækkandi og frábæra teymi. Við leitum að:

- matreiðslumenn og konur
- matreiðlsumeistara
- aðstoð í eldhús, uppvask og sal
- framleiðslufólk
- framleiðslumeistara
- barþjónum

### NORA MAGASIN

Hin sívinsæla Nóra leitar að auka mannskap fyrir sumarið.
Við leitum að:

- þjónum
- barþjónum
- matreiðslumenn og konur
- aðstoð í eldhús og uppvask

**ERTU TIL?** Hafðu þá samband og láttu ferilskrá fylgja með.
Netfangið er info@borgrestaurant.is

GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR

## Lausar kennarastöður við Grunnskóla Snæfellsbæjar

Snæfellsbæjar Í Grunnskóla Snæfellsbæjar eru lausar eftirfarandi stöður:
Heilar stöður myndmenntakennara, sérkennara, heimilis-fræði- og textílmenntakennara auk 65% stöðu í upplýsinga- og tæknimennt.

Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans www.gsnb.is og á Fésbókarsíðu skólans, https://www.facebook.com/grunnskolisnaefellsbaejar?ref=hl er að finna myndir úr starfi hans og annan fróðleik.

**Nánari upplýsingar veitir Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar í síma 8949903 eða á póstfanginu maggi@gsnb.is.**

**Umsóknarfrestur til og með þriðjudeginum 5. maí.**

Minnt er á eftirfarandi grein í lögum um grunnskóla nr. 91 frá 2008:

„Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla/grunnskóla einstak-ling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavot-torð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá."

NATURA TOURS

**NATURA TOURS** auglýsir eftir leiðsögumönnum með mikla samskiptahæfileika til starfa í sumar. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf fyrir nýtt fyrirtæki með trausta viðskiptavini en Natura Tours er í nánu samstarfi við ferðaskrifstofuna Lebenslust Touristik í Þýskalandi. Starfið felst í utanumhaldi og leiðsögn þýskra ferðamannahópa í dagsferðum á helstu ferðamannastaði í grennd við höfuðborgarsvæðið.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góð kunnátta í þýsku.
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

Tímabilið sem um ræðir er frá 24. maí til 7. sept. 2015. Ráðgert er að leiðsögumaðurinn fylgi hópum sem koma til landsins allt frá komu til brottfarar og er um er að ræða vikugistingu; 4 heilsdagsferðir og 4 hálfsdagsferðir.

Frekari upplýsingar um starfið veitir
Rósa Gísladóttir, framkvæmdastjóri félagsins í
s. 859 8590.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á
netfangið ***naturatours@naturatours.is***
fyrir 27. apríl nk.



## Forstöðumaður greiningardeildar

Arion banki leitar að leiðtoga í starf forstöðumanns greiningardeildar á fjárfestingarbankasviði bankans.

### Helstu verkefni greiningardeildar

- Spá um þróun helstu hagstærða.
- Greiningar á skuldabréfa- og hlutabréfamörkuðum.
- Greiningar á fasteignamarkaði.
- Verðmat og greiningar á fyrirtækjum, sveitarfélögum og öðrum opinberum fyrirtækjum.
- Ýmis verkefni fyrir yfirstjórn og önnur svið bankans.

### Helstu verkefni og ábyrgð forstöðumanns

- Ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð.
- Þátttaka í gerð hagspár og annarra greininga á helstu hagstærðum.
- Kynningar innan og utan bankans á niðurstöðum verkefna deildarinnar.
- Forstöðumaður kemur fram fyrir hönd bankans varðandi umfjöllun um efnahagslíf.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Óskað er eftir starfsmanni með framhaldsmenntun í hagfræði eða aðra menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Góð tjáningarhæfni og reynsla af kynningum.
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi samskiptafærni.

### Nánari upplýsingar um starfið veita

**Halldór Bjarkar Lúðvígsson**
Sími 444 6541, netfang halldor.ludvigsson@arionbanki.is.

**Jónas Hvannberg starfsmannastjóri**
Sími 444 6376, netfang jonas.hvannberg@arionbanki.is.

### Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl 2015

Umsækjendur sæki um störfin á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Arion banki

Bæklunarskurðdeild

LANDSPÍTALI

# HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

*Ert þú metnaðarfullur liðsmaður og vilt dýpka þekkingu þína? Í boði er fjölbreytt, krefjandi vaktavinnustarf í frábæru starfsumhverfi undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga. Bæklunarskurðdeildin í Fossvogi annast sólarhringsþjónustu í tengslum við bæklunaraðgerðir og áverka á stoðkerfi.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ábyrgð á meðferð, skv. starfslýsingu.
- Virk þátttaka í faglegu samstarfi og umbótastarfi deildar

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 60-100%.

**Hæfni**

- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Sjálfstæði í starfi og frumkvæði
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Íslenskt hjúkrunarleyfi skilyrði

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. maí 2015.**

Nánari upplýsingar: Ingibjörg Hauksdóttir, deildarstjóri (ingahauk@landspitali.is, 824 5958).

*Sótt er um starfið á landspitali.is, undir „Laus störf". Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar.*

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

# Tæknimaður

Suðurverk hf óskar eftir að ráða tæknimann til starfa við mælingar og úrvinnslu mæligagna ásamt annarri tæknilegri vinnu.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila á **www.sudurverk.is**
Nánari upplýsingar í síma 577 5700.

SUÐURVERK




OZ is a rapidly growing company backed by international investors. OZ has recently launched a platform which allows creators of video content to create subscription-based video channels for worldwide distribution. We believe in constant innovation in our efforts to make a world-class product. We seek experts in their respective fields who have the desire to join a team focused on excellence.

Now we are searching for a talented Head of Marketing to lead our growth and branding strategy on a global scale.

**JOB SPECIFICATION**

- As part of senior management you will be fully responsible for devising and executing the marketing and communications strategy to attract more creators and subscribers to OZ.
- Budgeting and measuring campaigns to ensure a positive ROI.
- Effective management of a growing team.

**JOB REQUIREMENTS**

- Proven track record of managing integrated marketing and communications campaigns.
- Experience or knowledge of campaigns within the tech sector or media and a deep interest in new and upcoming technology.

SEND YOUR CV & COVER LETTER TO JOBS@OZ.COM BEFORE MAY 2ND 2015
ENQUIRIES: OSVALDUR@OZ.COM.




# FERÐAMÁLASTOFA/VAKINN – SÉRFRÆÐINGUR

VAKINN Quality

**Ferðamálastofa leitar eftir sérfræðingi til starfa sem fyrst. Viðkomandi getur verið með starfsstöð í Reykjavík eða á Akureyri. Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.**

Leitað er að einstaklingi með brennandi áhuga á atvinnugrein í örum vexti og löngun til að takast á við verkefni á sviði **gæðamála** og **alþjóðasamstarfs**. Starfinu geta fylgt töluverð ferðalög, sérstaklega innanlands.

### Nánar um starfið:

- Gæðaúttektir hjá þátttakendum í Vakanum.
- Ráðgjöf og liðsinni við þátttakendur.
- Úrvinnsla úttekta og eftirfylgni.
- Aðkoma að uppfærsla á heimasíðu og Facebook-síðu Vakans, endurskoðun og uppfærsla á hjálpargögnum Vakans o. fl.
- Liðsinni við ferðamálastjóra vegna alþjóðlegra samstarfsverkefna.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- BS í ferðamálafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli og einu norðurlandamáli.
- Reynsla af textaskrifum nauðsynleg.
- Góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga.
- Góðir samskiptahæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.samstarfsverkefna.
- Þekking á störfum innan ferðaþjónustugreina er skilyrði.
- Reynsla af alþjóðasamskiptum er kostur.

### Umsóknarfrestur:

*Umsóknarfrestur er til og með 4. maí 2015.*

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast skrifstofu Ferðamálastofu Hafnarstræti 91, 600 Akureyri eða á netfangið upplysingar@ferdamalastofa.is og vera merktar starfinu.

Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða en öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elías Bj. Gíslason forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs, elias@ferdamalastofa.is. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér starfssemi Ferðamálastofu á vef stofnunarinnar www.ferdamalastofa.is.

PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 535-5510 | Fax 535 5501

## BIFVÉLAVIRKI Á VERKSTÆÐI SUZUKI

Bifvélavirki óskast til starfa á verkstæði Suzuki.
Á verkstæði Suzuki starfar frábær hópur fagmanna,
þar sem margir eru með yfir áratuga reynslu í faginu.

Suzuki er líflegur og skemmtilegur vinnustaður,
vertu með okkur og sæktu um.

Ferilskrá sendist á **verkstaedi@suzuki.is** fyrir 24.april n.k

SUZUKI Way of Life!

Suzuki Þjónustan • Skeifunni 17 • 108 Reykjavík • 568 5100

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Embætti forstjóra Persónuverndar

Embætti forstjóra Persónuverndar er laust til umsóknar. Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd er m.a. falið að hafa eftirlit með því að farið sé að reglum um vinnslu persónuupplýsinga og bætt sé úr annmörkum og mistökum. Þá er verkefni hennar að úrskurða í ágreiningsmálum, að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar; að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu. Persónuvernd ber að tjá sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu reglna er þýðingu hafa í þágu persónuverndar.

Forstjóri Persónuverndar stýrir starfi stofnunarinnar og er ábyrgur gagnvart ráðherra og stjórn á starfsemi hennar.

Forstjóri Persónuverndar skal hafa lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi og að minnsta kosti 5 ára starfsreynslu sem lögfræðingur. Reynsla af stjórnun er æskileg, sem og reynsla í opinberri stjórnsýslu og alþjóðasamstarfi. Auk þess er gerð krafa um mjög gott vald á íslensku og ensku og þekking á einu Norðurlandamáli er æskileg. Áhersla er lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum, sem og frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Innanríkisráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn, sbr. 6. mgr. 36. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, að fenginni tillögu stjórnar Persónuverndar. Gert er ráð fyrir að skipað verði í embættið frá og með 1. ágúst 2015. Um laun og starfskjör forstjóra fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006.

Upplýsingar um starfið veitir Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri í síma 545-9000. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík eða á postur@irr.is. Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl 2015. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

***Innanríkisráðuneyti,***
***28. mars 2015.***

## Smiðir óskast

ÞINGVANGUR

### Þingvangur óskar eftir smiðum til starfa.

Um er að ræða fjölbreytt starf við nýbyggingar og endurbyggingar.

**Upplýsingar veitir Kristján Sveinlaugsson í gegnum netfangið kristjan@thingvangur.is og í síma 698-0088**

**Almenn göngudeild**

LANDSPÍTALI

## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

*Öflugur hjúkrunarfræðingur óskast í 6-12 mánaða afleysingastarf á deild 10E við Hringbraut. Á deildinni eru sérhæfðar teymismóttökur á sviði skurð- og lyflækninga, ásamt innskriftarmiðstöð skurðdeilda við Hringbraut. Í boði er einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og bera ábyrgð á meðferð, samkv. starfslýsingu.
- Störf á innrennslismiðstöð
- Undirbúningur sjúklinga fyrir aðgerðir, eftirlit, fræðsla, sárameðferð
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu

**Hæfni**

- Faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæði í starfi og frumkvæði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslenskt hjúkrunarleyfi skilyrði

Starfshlutfall er 80%.
Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. maí 2015.**

Nánari upplýsingar:
Brynja Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri (brynjagu@landspitali.is, 825 3607).

*Sótt er um starfið á landspitali.is, undir „Laus störf". Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar.*

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

**Endurhæfingardeild Grensási**

LANDSPÍTALI

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Við leitum eftir drífandi hjúkrunarfræðingi til að ganga í lið með okkur. Endurhæfingardeildin veitir sólarhringsþjónustu fyrir fjölbreyttan hóp sjúklinga sem hafa tapað færni vegna slysa eða veikinda. Flestir sjúklingar koma frá öðrum deildum Landspítala.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Skipulagning á einstaklingshæfðri hjúkrunarmeðferð endurhæfingarsjúklinga
- Vinna í þverfaglegri teymisvinnu
- Fræðsla sjúklinga og aðstandenda
- Vinna í þverfaglegum faghópum

Starfið er veitt frá 1. júní 2015 eða eftir nánara samkomulagi. Unnið er á þrískiptum vöktum og starfshlutfall er samkomulagsatriði.

**Hæfni**

- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Hæfni og áhugi á teymis- og verkefnavinnu
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun
Öflugt snjallsjónvarp. Fjöldi tækninýunga er í tækinu þar á meðal Cloud TV & Explorer sem býður upp á að nálgast sjónvarpsstöðvar í gegnum netið eða tengja tækið beint við Dropbox. Multiroom client & server gerir svo mögulegt að senda sjónvarpsefni úr tækinu í önnur Philips tæki með Multiroom möguleikanum.

**PHILIPS**

Philips 47PFS7109S

**TILBOÐ**

**149.995**

FULLT VERÐ 179.995

SmartTV · PixelPreciseHD · FullHD · DIGITAL NATURAL MOTION · 600Hz PERFECT MOTION RATE · DualCore · HD Natural Motion




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




PIPAR\TBWA · SÍA · 151253

**Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum eða ábendingum um bæjarlistamann Kópavogs.** Þeir listamenn koma einir til greina sem eiga lögheimili í Kópavogi.

Bæjarlistamaður Kópavogs skal vera tilbúinn til að vinna með lista- og menningarráði og menningarstofnunum bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun í Kópavogi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Lista- og menningarráð fer yfir umsóknir og gerir tilnefningar til eins árs í senn. **Styrkupphæð nemur einni milljón króna.**

Í umsókninni skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

**Umsókn skal senda fyrir 8. maí á netfangið: arnaschram@kopavogur.is.**

Kópavogsbær

kopavogur.is



**TÓNSKÁLDIÐ** „Auðvitað er ég þakklátur fyrir allt sem er gert fyrir músíkina mína," segir Snorri Sigfús. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Portrett af Snorra

Verk eftir Snorra Sigfús Birgisson verða í aðalhlutverki á 15:15 tónleikum í Norræna húsinu á morgun.

„Jú, þetta er mikill heiður. Reyndar finnst mér meira atriði að það sé gaman. En auðvitað er ég þakklátur fyrir allt sem er gert fyrir músíkina mína," segir hann glaðlega.

Verkin eru Dans, tileinkað Noru Kornblueh (1951-2008), Cantilena, tileinkað Óskari Ingólfssyni (1954-2009), útsetningar á 23 íslensk þjóðlögum og Strengjakvartett nr. 3.

Snorri valdi líka verkið Grave eftir pólska tónskáldið Witold Lutoslawsky sem hann segir hafa haft góð áhrif á s.

Flytjendur eru félagar úr Caput-hópnum. Snorri tekur fram að tónleikarnir séu stuttir, tæpur klukkutími án hlés. - gun



**HELGUR STAÐUR** Sérstakur helgistaður í Póllandi. LJÓSMYND ADAM SZUKALA



**SVEITAKIRKJA** Bænhúsið á Núpsstað. LJÓSMYND JÓNAS HALLGRÍMSSON

# Helgir staðir þriggja landa

**Sérstök sýning verður opnuð í Gerðubergi í dag. Þar er leitast við að gefa fólki færi á að upplifa ólíka helgistaði í Póllandi, Noregi og á Íslandi.**

Vegakapellur í Póllandi, stafkirkjur í Noregi og sveitakirkjur á Íslandi eru myndefni níu ljósmyndara frá sömu löndum á sýningunni Helgir staðir. Þetta sérstaka verkefni á uppruna sinn hjá Þjóðminjasafninu í Gdansk í Póllandi og hefur staðið yfir í nokkur ár. Jónas Hallgrímsson er á meðal þeirra ljósmyndara sem hafa unnið að þessu skemmtilega verkefni á síðustu árum.

„Þetta verkefni hefur verið lengi í gangi en svo kom ég að þessu um 2013. Síðan þá hef ég verið að mynda bæði kirkjur hér á Íslandi og ýmsa helgistaði í Póllandi. Ég segi helgistaði vegna þess að það var minna um að ég væri að mynda kirkjur í Póllandi. Þetta voru fremur litlir helgistaðir sem marga var að finna á óvenjulegum stöðum. Ég myndaði til dæmis einn slíkan sem stóð rétt við bensínstöð svo umhverfið var oft ansi sérstakt og áhugavert. Noregur er líka hluti af þessu skemmtilega verkefni enda eru þar margar sérstakar og fallegar stafkirkjur og margt fleira skemmtilegt að sjá."

Verkefnið hefur það að markmiði að skoða á hvern hátt kirkjubyggingarlist speglar evrópskar hugsjónir lítilla samfélaga ásamt því að leita leiða til að vernda menningarhefð. Það er því forvitnilegt að skoða hvort ólíkir listamenn frá ólíkum löndum nálgist viðfangsefnin með sambærilegum hætti eða ekki.

„Þegar ég spái í það þá er tvímælalaust munur á nálguninni. Það voru Pólverjar að mynda hér og þeir höfðu aðra nálgun á íslenskar kirkjur en ég – líklega listrænni þar sem ég mynda þær frekar svona eins og þær eru þegar komið er að þeim. Svo þegar ég myndaði helgistaðina í Póllandi þá var ég meira í víðari skotum svo umhverfið fylgdi með en þeir tóku þrengri myndir – voru meira í smáatriðunum því staðsetning var þeim auðvitað ekki framandi."



**LJÓSMYNDARINN** Jónas Hallgrímsson ljósmyndari hefur unnið lengi að verkefninu Helgir staðir. LJÓSMYND JÓNATAN GRÉTARSSON

Auk hefðbundinnar ljósmyndunar byggir sýningin á margmiðlun. Gestir geta skoðað ljósmyndir og 360° myndir og hlustað á hljóðupptökur úr völdum byggingum. Flestar ljósmyndirnar eru auk þess settar fram í módelum sem líkjast kapellum, frjálslega uppsettum í sýningarsal. Inni í sérsmíðuðu húsi geta gestir upplifað frið og ró, eins og í alvöru kirkju.

„Aðalsýningin verður svo í Þjóðminjasafninu í Gdansk á næsta ári í gríðarlega stórum og flottum sal og það verður gaman að sjá þetta allt í því rými en fram að því þá er um að gera að koma í Gerðuberg og njóta upplifunarinnar." magnus@frettabladid.is




PIPAR\TBWA · SÍA · 144158

Bambo Nature

Umhverfisvænar og ofnæmisprófaðar bleiur

**Bambo Nature** bleiurnar eru einstaklega mjúkar og þægilegar. Þær eru afar rakadrægar og ofnæmisprófaðar auk þess sem gott snið og teygjur í hliðum gera það að verkum að þær passa barninu fullkomlega.

Bambo Nature – er annt um barnið þitt.




Sölustaðir Bambo Nature: FK FJARÐARKAUP · REKSTRARLAND · VÍÐIR

FORLAGIÐ

www.forlagid.is

*Fyrir sunnan* er þriðja og síðasta æviminningabók Tryggva Emilssonar. Fyrri bækurnar tvær, *Fátækt fólk* og *Baráttan um brauðið*, voru tilnefndar til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

„... ritaðar af alúð og oft og tíðum sjaldgæfri frásagnargáfu og ritsnilld.“
GÍSLI ÁGÚST GUNNLAUGSSON / SAGA




# Einstakur aldarspegill

Fleiri klassískar kiljur frá Forlaginu ...



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
af íslenskri og erlendri klassík
WWW.FORLAGID.IS

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*




Myndlistarsjóður

Opnað verður fyrir umsóknir í Myndlistarsjóð 18.apríl

Veittir verða
- Undirbúningsstyrkir og styrkir til minni sýningar verkefna allt að 500.000 kr.
- Styrkir til stærri sýningarverkefna, útgáfu/rannsóknarstyrkir og aðrir styrkir allt að 2.000.000 kr.

Umsóknarfrestur er 1.júní 2015

Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og leiðbeiningar er að finna á vefsíðu myndlistarráðs www.myndlistarsjodur.is

Úthlutað verður í júlí











FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SJÓNRÆNN MENNINGARARFUR** Á sýningunni gefur víða að líta muni frá ólíkum tíma sem tengjast þó jafnvel með óvæntum hætti.

# Skoðaðu samhengið

Safnahúsið opnar sýningu á sjónrænum menningararfi þjóðarinnar og áherslan er lögð á að ólíkar kynslóðir geti notið þess að skoða sýninguna saman.

Í dag verður Safnahúsið opnað að nýju með sýningu á sjónrænum menningararfi þjóðarinnar. Að sýningunni standa höfuðsöfnin þrjú, Þjóðminjasafn, Listasafn og Náttúruminjasafn, auk Þjóðskjalasafns, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Samstarf þessara sex stofnana býður upp á einstakt tækifæri til að skoða arfleifðina í nýju samhengi og varpa ljósi á ósagða sögu með nýstárlegum hætti.

Sjónrænn menningararfur snýr langt því frá einvörðungu að því sem almennt er litið á sem myndlist. Þarna er að finna muni á borð við íslensku handritin, hönnun og myndlist samtímans, handverk liðinna alda og svo mætti lengi telja. Mikil áhersla er lögð á fræðsluþáttinn fyrir fjölskyldur sem skóla og hefur Hlín Gylfadóttir, safnfræðslufulltrúi Þjóðminjasafnsins, unnið að fræðsluefni ásamt fleirum í aðdraganda opnunarinnar.

„Þetta er búið að vera langt og mikið ferli sem hefur verið ákaflega gaman að taka þátt í. Sýningin verður tækifæri til samverustunda fyrir börn og fullorðna og þannig hugsuð að fólk geti komið saman og notið hennar á sínum forsendum.

Við erum búin að útbúa fræðsluefni sem virkar eins og hjálpartæki þegar sýningin er skoðuð.



**SAFNFRÆÐSLUFULLTRÚI** Hlín Gylfadóttir er á meðal þeirra sem hafa unnið að fræðsluþætti sýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það eru t.d. spil, leikir og þrautir sem leiða fólk áfram í gegnum sýninguna og hvetja það um leið til þess að nota hugmyndaflugið. Þannig verður það sem skoðað er að lifandi munum sem tala með sínum hætti til þeirra sem skoða og njóta. Heimsókn í Safnahúsið er þannig tilvalið tækifæri til samverustundar ólíkra kynslóða. Að auki verður hægt að nálgast sérsniðið efni á vefnum okkar fyrir kennara fyrir skólaheimsóknir.“

Safnahúsið mun einnig bjóða upp á leiðsöguforrit í gegnum síma og leigu á símum. Með því er hægt að þræða sig eftir sýningunni með hvort sem er heldur hljóðleiðsögn eða skjátexta og því er mikið gert til þess að fólk geti notið sýningarinnar til fulls og fengið skemmtilega fræðslu í senn. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson og er rétt að minna á að í næstu viku verður enginn aðgangseyrir að safninu. magnus@frettabladid.is

# Afsprengi aukins jafnréttis

Efnt verður til málþings í Hafnarborg í Hafnarfirði á morgun, laugardag, í tengslum við sýninguna Menn sem þar stendur yfir.

Sýningin MENN beinir sjónum að stöðu karla við upphaf 21. aldar og þeim breytingum sem orðið hafa á högum þeirra í ljósi breyttrar stöðu kvenna. Á sýningunni eru verk eftir þá Curver Thoroddsen, Finn Arnar Arnarson, Hlyn Hallsson og Kristin G. Harðarson. Í verkunum takast þeir á við spurningar um stöðu karla innan fjölskyldu, hugmyndir um þátttöku þeirra í heimilislífi, ábyrgð á afkomu og uppeldi barna.

Málþing í tengslum við sýninguna verður á morgun, laugardag, og hefst klukkan 14. Framsögumenn eru Ingólfur V. Gíslason, Jón Ingvar Kjaran og Árni Matthíasson og auk þeirra taka listamennirnir sem eiga verk á sýningunni þátt í umræðum sem Haukur Ingvarsson rithöfundur stýrir. Eins og framan greinir er Curver Thoroddsen einn þeirra.



**KUNG FU ÞVOTTAHÚS 2015** Curver og Hrafnkell Tími Thoroddsen sinna þvottinum. Stilla úr vídeóverki sem sýnt er í Hafnarborg.

„Þeir eldri munu eflaust velta fyrir sér breyttri stöðu kynjanna eftir að jafnrétti á heimilinu óx fiskur um hrygg en ég er yngstur og eiginlega afsprengi þeirra aðstæðna. Mitt innlegg í umræðuna verður því bara lýsing á lífi ungra fjölskyldumanna nútímans.“ - gun

# SPORTS DIRECT.COM

SONDICO MATCH
MARKMANNSHANSKAR BARNA



MEGA VALUE 1.190 KR.

NIKE MATCH
MARKMANNSHANSKAR BARNA



MEGA VALUE 2.190 KR.

SONDICO FLAIR LEGGHLÍFAR



MEGA VALUE 1.190 KR.

NIKE MERCURIAL LITE
LEGGHLÍFAR



MEGA VALUE 3.990 KR.

SONDICO BASE TREYJA
MEÐ KRAGA BARNA



EINNIG FÁANLEGT Í FULLORÐINSSTÆRÐUM

CRAZY PRICE 1.890 KR.

SONDICO ÆFINGAMÖRK



2 MÖRK Í HVERJUM PAKKA

MEGA VALUE 4.390 KR.

NIKE BTF FÓTBOLTA STUTTBUXUR



EINNIG FÁANLEGAR Í FULLORÐINSSTÆRÐUM

MEGA VALUE 2.190 KR.

SONDICO CORE FÓTBOLTA
STUTTBUXUR



CRAZY PRICE 690 KR.

SONDICO FLAIR TAKKASKÓR BARNA



MEGA VALUE 7.190 KR.

SONDICO STRIKE II
TAKKASKÓR BARNA



MEGA VALUE 4.790 KR.

ADIDAS GOLETTO
TAKKASKÓR BARNA



MEGA VALUE 6.390 KR.

NIKE TIEMPO
TAKKASKÓR BARNA



MEGA VALUE 7.390 KR.

***OPNUM KL. 12 SUNNUDAGINN 19. APRÍL
VEGNA ÁRSHÁTÍÐAR STARFSMANNA***

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.

**SPORTS DIRECT.COM**

Skógarlind 2

***Opnunartími***
*Mán-mið: 10-19*
*Fim: 10-21*
*Fös: 10-20*
*Lau-Sun: 10-18*

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas




Hin
**Fullkomna**
Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com á íslandi!*






# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**18. APRÍL 2015**

### Gjörningar

**20.00** Gjörningakvöld í Mengi, Óðinsgötu 2. Sýningin er hluti af myndlistarhátíðinni Sequences VII.

### Tónleikar

**00.00** Friðrik Dór, Óli Geir, dj Stjáni og dj Johnny Dropp á Center í Keflavík.

**15.00** Lúðrasveitin Svanur heldur upp á 85 ára afmæli sitt með afmælistónleikum í Norðurljósasal Hörpunnar. Miðaverð er 2.900 krónur.

**15.00** Vortónleikar sönghópsins Norðurljósa í Grensáskirkju. Miðaverð er 2.000 krónur en 1.000 krónur fyrir eldri borgara og öryrkja.

**15.00** Karlakórinn Hreimur og hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir flytja alkunn karlakórslög í bland við lög Ljótu hálfvitanna í Háskólabíói í dag. Miðaverð er 5.000 krónur.

**17.00** Tvennir tónleikar í Hofi, Akureyri til heiðurs Vilhjálmi Vilhjálmssyni sem hefði orðið sjötugur á árinu. Friðrik Ómar syngur lög Vilhjálms ásamt hljómsveit. Miðaverð er 7.400 krónar og seinni tónleikarnir hefjast klukkan 21.00.

**19.30** Tvennir tónleikar með Bruna-liðinu í Eldborgarsal Hörpunnar. Maggi Kjartans, Diddú, Pálmi, Maggi Eiríks og Laddi leyfa öllum helstu smellunum að óma. Miðaverð frá 5.990 krónum og seinni tónleikarnir hefjast klukkan 22.30.

**20.30** Gítarleikarinn Eðvarð Lárusson, trommuleikarinn Karl Pétur Smith og bassaleikarinn Pétur Sigurðsson leika lög Neil Young á Kexi Hosteli. Frítt inn.

**21.00** Hljómsveitin Ylja spilar í Stúdentakjallaranum. Frítt inn og allir velkomnir.



**21.00** Tónleikar á Græna Hattinum til heiðurs Rúnari Júlíussyni sem hefði orðið sjötugur á árinu. Valdimar Guðmundsson, Jens Ólafsson og Magni Ásgeirsson flytja öll bestu lög Rúnars ásamt hljómsveit. Miðaverð er 3.500 krónur.

**21.00** Hljómsveitin Momentum heldur upp á útgáfu plötunnar The Reak Is Alive á Gauknum í kvöld. Miðaverð er 1.000 krónur.

**22.00** Babies ball á skemmtistaðnum Húrra í kvöld. Frítt inn.

**22.00** KK Bandið á Café Rósenberg í kvöld. Félagarnir KK, Þorleifur Guðjónsson og Kormákur Geirharðsson koma saman og spila gömlu lögin. Miðaverð er 2.500 krónur.

**23.00** Söngkonan Magnetosphere spilar á Kaffi Zimsen í kvöld. Frítt inn.

**23.00** Hljómsveitin Þausk heldur útgáfutónleika á Dillon í kvöld í tilefni af nýútkominni plötu sinni, Forn Firra. Frítt inn.

**23.00** Sváfnir Sigurðarson og félagar leika og syngja á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Opnanir

**14.00** Sýningin The Forgers Masterclass – Falsanir, stúdíur eftir frægum málverkum fyrri alda í Bókasafni Kópavogs. Verk gerð af nemendum í námskeiðinu Gömlu meistararnir í Myndlistarskóla Kópavogs.

**14.00** Jónborg Sigurðardóttir opnar málverkasýningu í Mjólkurbúðinni á Akureyri. Sýningin ber nafnið JÓNBORG-ELDBORG og tjáir listamaðurinn kraft eldsins og lífsorkunnar í eigin tilfinningum í málverkum.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



Eru fangelsismál í klessu á Íslandi?

Lagadeild Háskólans í Reykjavík stendur fyrir hádegisfundi um fullnustu refsinga.

Miðvikudaginn 22. apríl kl. 12:00-13:30 í Háskólanum í Reykjavík, stofu M101.

**Frummælendur:**

- Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, mun fara yfir stöðu fangelsismála á Íslandi.
- Erla Kristín Árnadóttir, lögfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, flytur erindi sitt: *Ný úrræði – skilvirkari fullnusta refsinga.*
- Þráinn Bj. Farestveit, framkvæmdastjóri Verndar, fjallar um fullnustuúrræði á vegum Verndar.

**Fundarstjóri:**

- Sigurður Tómas Magnússon, prófessor við lagadeild HR.

Á eftir erindum verða almennar umræður og fyrirspurnir.

Fundurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.




MÁLÞING FORVARNA OG STREITUSKÓLANS

Hótel Natura 22. apríl 2015

*Dagskrá*

| | |
|---|---|
| 8:00 | Morgunkaffi |
| 8:30 | **Sálfélagsleg vinnuvernd. Hvað er það?** Kristinn Tómasson, Dr. Med, yfirlæknir hjá Vinnueftirliti ríkisins |
| 9:00 | **Nýjustu rannsóknir á áhrifum streitu á heilsu.** Ólafur Þór Ævarsson, Dr. Med, geðlæknir |
| 9:30 | **Sálfélagslegt áhættumat: Hvaða þættir valda ÞÉR streitu í starfi?** Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir, MS í vinnusálfræði |
| 10:00 | **Þýðing áhættumats við rekstur fyrirtækja.** Ágústa Björg Bjarnadóttir, forstöðumaður mannauðsmála hjá Sjóvá |
| 10:30 | Kaffihlé |
| 11:00 | **Glasið bak við brauðristina.** Sigurður H. Karlsson, fíkniráðgjafi |
| 11:30 | **Slagsmálin í kaffistofunni - Vinnuandinn og samvinnan.** Ólafur Árnason, MA í sálfræði og MBA í alþjóða viðskiptum |
| 12:00 | **Áhrif streitu á samskipti í vinnu og fjölskyldu.** Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, PhD, félagsráðgjafi. |
| 12:30 | Veitt viðurkenning fyrir góða sálfélagslega vinnuvernd 2015 |
| 13:00 | Ráðstefnulok |

**Nánari upplýsingar og skráning á www.stress.is**

**Streituvarnir, góð samskipti, samhæfing starfs og einkalífs og eineltisáætlun** eru dæmi um mikilvæga sálfélagslega þætti sem stjórnendum fyrirtækja ber samkvæmt vinnuverndarlögum að huga að og meta reglulega. Sérfræðingar Forvarna, yfirlæknir Vinnueftirlits ríkisins og mannauðsstjóri Sjóvá fræða um þessa þætti.

**Sérstök kynning verður á framkvæmd sálfélagslegs áhættumats.**

FORVARNIR STRESS.IS Iceland Travel

**16.00** Sýningin Endurbókun verður opnuð í Bókasafni Reykjanesbæjar. Á sýningunni má sjá verk sem unnin eru úr gömlum bókum sem lokið hafa hlutverki sínu en öðlast nýtt líf í listaverkum.

### Örnámskeið

**13.00** Örnámskeið í listmálun á Kjarvalsstöðum fyrir tólf ára og eldri. Þátttakendur fá tækifæri til þess að vinna sín eigin málverk á striga undir handleiðslu Þorvalds Jónssonar. Þátttaka í námskeiðinu er ókeypis.

### Sýningar

**14.00** Útskriftarsýning meistaranema í hönnun og myndlist frá Listaháskóla Íslands opnar í Gerðarsafni. Fjórtán nemendur sýna verk sín.

### Söfn

**14.00** Safnahúsið við Hverfisgötu verður enduropnað með sýningunni Sjónarhorn, veitingastofunni Kapers og Safnbúð.

### Kvikmyndir

**20.00** Huldar Breiðfjörð spjallar við Tuomas Kyrö, höfund bókarinnar The Grump sem samnefnd mynd var gerð eftir, í Norræna húsinu í tengslum við Norræna kvikmyndahátíð.

### Uppákomur

**10.00** Alþjóðlegi plötubúðadagurinn haldinn hátíðlegur í Reykjavík Record Shop.

**14.00** Kínaklúbbur Unnar kynnir Kínaferðir ársins í Kínasafni Unnar, Njálsgötu 33. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

### Málþing

**13.15** Nafnfræðifélagið fagnar fimmtán ára afmæli og efnir til málþings í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Fluttir verða þrír fyrirlestrar um nafnfræði. Málþingið er ókeypis og allir velkomnir.

**14.00** Málþing í tengslum við sýninguna MENN sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Þátttakendur eru Ingólfur V. Gíslason, Jón Ingvar Kjaran og Árni Matthíasson. Haukur Ingvarsson stýrir málþinginu.

### Ljósmyndasýningar

**14.00** Sýningin Helgir staðir verður opnuð í Gerðubergi. Vegakapellur í Póllandi, stafkirkjur í Noregi og sveitakirkjur á Íslandi eru myndefni níu ljósmyndara frá sömu löndum. Sýningarstjóri er Kinga Duda.

### Uppistand

**20.00** Uppistandshópurinn Mið-Ísland í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Miðaverð er 3.500 krónur.

**22.00** Hugleikur Dagsson og Ragnar Hansson með uppistand á 800Bar, Selfossi. Miðaverð er 2.000 krónur og húsið opnað klukkan 21.00

### Tónlist

**11.00** Skúli mennski, Hermigervill og Pink Street Boys ásamt fleirum koma fram á Record Store Day í Lucky Records.

**21.00** Trúbadorinn Birgir heldur uppi stemningunni á American Bar í kvöld.

**22.00** Dj Hunk of a Man a.k.a. Maggi Legó þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

**22.00** Dj Halli Einarss og dj Raggi þeyta skífum á Lebowski Bar í kvöld.

**22.00** Dj Kgb og dj Kári þeyta skífum á Paloma í kvöld.

**22.00** Dj Árni Kocoon þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

**22.00** Dj-dúóið Sexítæm þeytir skífum á Boston í kvöld.

**22.00** Trúbadorarnir Alexander, Guðmann, Eiki og Steini verða á English Pub í kvöld.

**22.00** Dj Styrmir þeytir skífum á BarAnanas í kvöld.

**23.00** BLOKK dj-set á Dolly í kvöld.

### Leiðsögn

**16.00** Sýningarölt og leiðsögn um sýningar Sequences VII í miðbænum. Röltið byrjar í Bíó Paradís, Hverfisgötu 54, og skoðaðar verða sýningar í Kling&Bang, Hverfisgallerí og Núllinu.

### Útivist

**10.15** Hjólreiðaferð frá Hlemmi. Hjólað verður í 1-2 tíma um borgina í rólegri ferð. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Upplýsingar á vef LHM.is

# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**19. APRÍL 2015**

### Tónleikar

**19.30** Baskneska þjóðlagasveitin Oreka TX kemur fram í Salnum Kópavogi ásamt strengjasveit. Miðaverð er 2.900 krónur.

**20.30** Tónlistarmaðurinn Camilo Beltran heldur tónleika á Kexi Hosteli. Frítt inn.

**20.30** Karlakórinn Söngbræður heldur tónleika í Reykholtskirkju til að minnast þess að hundrað ár eru liðin síðan Söngfélagið Bræðurnir var stofnað.

### Söfn

**14.00** Kínasafn Unnar að Njálsgötu 33 er opið til klukkan 16.00. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

### Kvikmyndir

**16.00** Bíómyndin Breaking the Frame with Carolee Schneemann eftir Marielle Nitoslawska í Bíó Paradís, Hverfisgötu 54 og Skaftfelli Herðubreið, Seyðisfirði. Aðgangseyrir 1.000 kr. Sýning myndarinnar er hluti af myndlistarhátíðinni Sequences VII.

**18.00** Sýning á Fuses frá 1965 eftir Carolee Schneemann í Kling&Bang, Hverfisgötu 42 á myndlistarhátíðinni Sequences VII. Á eftir mun Ragnar Kjartansson stýra listamannaspjalli í gegnum Skype við Carolee Schneemann.

**19.30** Vera Sölvadóttir spjallar við Jakob Oftebro um feril hans og myndina Kraftidioten í Norræna húsinu en viðburðurinn er í sambandi við Norræna kvikmyndahátíð sem nú stendur yfir.

### Uppákomur

**13.00** Sigrún Eyrún Friðriksdóttir stýrir stuttu söngleikjanámskeiði fyrir börn á Heimilislegum sunnudögum á Kexi Hosteli. Farið verður yfir grunnatriði í leik og söng og atriði úr Mary Poppins meðal annars tekin fyrir. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### Uppistand

**16.00** Pólski grínhópurinn Kabaret Moralnego Niepokoju heldur uppistand í Háskólabíó.

### Leiðsögn

**14.00** Leiðsögn í safni Ásgríms Jónssonar í tengslum við listahátíðina Sequences VII. Rakel Pétursdóttir fjallar um verk listamannanna Dagrúnar Aðalsteinsdóttur og David Kefford.

**14.00** Sunnudagsleiðsögn um sýninguna A KASSEN – Carnegie Art Award 2014 í Listasafni Íslands. Jón B.K. Ransu fylgir gestum um sýninguna.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*





Háskóli er ekki aðeins hús, ekki aðeins upplýsingar og fræðsla. Háskóli er samfélag.

**Heilbrigðisvísindasvið**

Hjúkrunarfræði
Iðjuþjálfunarfræði

Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum
- MS í heilbrigðisvísindum
- Diplómanám í heilbrigðisvísindum

**Viðskipta- og raunvísindasvið**

Líftækni
Sjávarútvegsfræði
Diplómanám í náttúru- og auðlindafræðum
Viðskiptafræði

MS í auðlindafræði
MS í viðskiptafræði

**Hug- og félagsvísindasvið**

Félagsvísindi
Fjölmiðlafræði
Kennarafræði (leik- og grunnskólastig)
Diplómanám í leikskólafræðum
Lögfræði
Nútímafræði
Sálfræði

Félagsvísindi MA
Menntunarfræði MEd
Menntavísindi MA
Fjölmiðla- og boðskiptafræði MA/Diplóma
Heimskautaréttur, LLM/MA/Diplóma

HA býður einnig upp á allt nám í fjarnámi að undanskilinni lögfræði

unak.is



**FRUMSÝND Í HAUST** Ólafur Darri Ólafsson og Vin Diesel við tökur á myndinni the Last Witch Hunter.

# Velur verkefnin ef hann telur sig geta lagt eitthvað af mörkum

Leikarinn Ólafur Darri Ólafsson heldur áfram að gera það gott í kvikmyndaheiminum. Hann mun leika í kvikmynd í leikstjórn Stevens Spielberg sem verður sýnd á næsta ári. Fréttablaðið fer yfir feril leikarans.



**Kjartan Atli Kjartansson**
kjartanatli@365.is



Í vikunni spurðist út að Ólafur Darri Ólafsson leikari myndi vinna með leikstjóranum heimsfræga, Steven Spielberg, í kvikmynd sem tekin verður upp í Vancouver í Kanada á næstunni. Þetta er enn ein rósin í hnappagat leikarans, sem fær sífellt stærri hlutverk í erlendum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

„Ég hef verið svo heppinn að fá að vinna með mjög góðu fólki allan minn feril,“ segir Ólafur Darri í samtali við Fréttablaðið. Leikarinn getur lítið tjáð sig um hið nýja verkefni. „Ég hlakka auðvitað mikið til þess að vinna með Spielberg,“ segir hann. Ólafur Darri hefur nú komið fram í fjölda af þáttum og kvikmyndum erlendis. Hann lék til að mynda í þáttunum True Detective, sem fengu einróma lof gagnrýnenda. Einnig kom hann fram í hinum vinsælu þáttum Banshee. „Mér finnst ég hafa verið heppinn; oft verið réttur maður á réttum stað einhvern veginn. Bæði í kvikmyndum og í leikhúsi. Ég hef fengið að vinna með fólki sem ég hef lengi vel litið upp til og er þakklátur fyrir það.“

**Vill geta lagt eitthvað af mörkum**

Þegar Ólafur Darri er spurður hvort honum þyki ekki sérstakt að sjá sjálfan sig á hvíta tjaldinu innan um stórleikara hugsar hann sig aðeins um. „Mér hefur í raun alltaf fundist það, alveg frá því að ég byrjaði að leika. En maður velur sér einhverja starfsgrein, eða hún velur mann, eftir því hvernig maður horfir á það. Og þetta er eitt sem fylgir því að vera leikari,“ útskýrir Ólafur Darri.

Hann segist nálgast öll verkefni, sama hversu stór eða smá þau eru, með sama hugarfarinu. „Einn eldri leikari kenndi mér frábæra lexíu sem hefur alltaf nýst mér. Hún er sú að reyna að velja verkefnin sín eftir því hvort manni finnist maður geta lagt eitthvað af mörkum. Getur maður gert verkefnið betra? Getur maður hjálpað til við að segja þá sögu sem áhorfandinn á að upplifa?“ Ólafur segir að svona hugsunarháttur hjálpi leikaranum að útiloka stærð verkefnisins og að nálgast starf sitt af æðruleysi.

**Erfitt að vera frá fjölskyldunni**

Ólafur Darri er í sambandi með Lovísu Ósk Gunnarsdóttur dansara. Saman eiga þau tvær ungar dætur. Ólafur segir að það sé erfitt að vera frá fjölskyldunni vikum saman, sem gjarnan er fylgifiskur leikarastarfsins. „Já, það getur oft verið rosalega erfitt. Til dæmis hef ég verið á Siglufirði bróðurpart vetrar, við tökur á Ófærð. Þetta er einn helsti ókosturinn við starfið, að vera svona lengi frá fjölskyldunni.“

Ólafur Darri hefur tekið þátt í mörgum verkefnum sem áhorfendur geta séð á næstunni. Hann leikur einnig í kvikmyndinni The Last Witch Hunter, með stórleikurunum Vin Diesel og Elijah Wood, sem er væntanleg í haust. Kvikmyndin Austur er frumsýnd um helgina en þar fer Ólafur Darri með stórt hlutverk. Einnig er hann í þáttum Baltasars Kormáks, sem bera titilinn Ófærð og verða sýndir á RÚV auk þess sem sýningarréttur hefur verið seldur víða um Evrópu.

## VERK SEM VAKIÐ HAFA HEIMSATHYGLI

2012 · 2013 · 2014 · 2015 · 2016

**CONTRABAND 2012**

**Kvikmynd í leikstjórn Baltasars Kormáks.**



**Aðrir leikarar** *Mark Wahlberg, Kate Beckinsale, Ben Foster.*

IMDb 6,5

**SECRET LIFE OF WALTER MITTY 2013**



**Kvikmynd í leikstjórn Bens Stiller. Hluti myndarinnar var tekinn upp hér á landi.**

**Aðrir leikarar** *Ben Stiller, Kristen Wiig, Jon Daly.*

IMDb 7,4

**BANSHEE 2014**

**Sjónvarpsþættir skrifaðir af David Schickler og Jonathan Tropper.**



**Aðrir leikarar:** *Antony Starr, Ivana Milicevic.*

IMDb 8,4



**TRUE DETECTIVE 2014**

**Sjónvarpsþáttaröð skrifuð af Nic Pizzolatto.**

**Aðrir leikarar:** *Matthew McConaughey, Woody Harrelson, Michelle Monaghan.*

*Ólafur Darri lék í einum þætti.*

IMDb 9,3

**A WALK AMONG THE TOMBSTONES 2014**

**Kvikmynd í leikstjórn Scotts Frank.**



**Aðrir leikarar:** *Liam Neeson, Dan Stevens, David Harbour.*

IMDb 6,5



**THE LAST WITCH HUNTER 2015**

**Kvikmynd í leikstjórn Brecks Eisner.**

**Aðrir leikarar:** *Vin Diesel, Rose Leslie, Elijah Wood.*

Kemur í bíó 23. október.

**BFG 2016**



**Kvikmynd í leikstjórn Stevens Spielberg**

**Aðrir leikarar:** *Rebecca Hall, Mark Rylance, Jemaine Clement, Bill Hader.*

Myndin er byggð á sögu eftir Roald Dahl og er fyrsta myndin sem Spielberg leikstýrir fyrir Disney.

Ólafur Darri leikur risa í myndinni.


Mikið úrval
af barnafatnaði á
LAGERHREINSUN
í Intersport Bíldshöfða
50-70%
afsláttur*
TAX FREE
DAGAR
AF ÖLLUM
BARNA-
FATNAÐI
TAX FREE JAFNGILDIR 19,36% VERÐLÆKKUN. GILDIR AÐEINS Á BARNAFATNAÐI. DAGANA 18. – 20. APRÍL 2015.
*GILDIR EKKI UM VÖRUR Á ÁÐUR LÆKKUÐU VERÐI.
Gildir
18.-20.
apríl
FULL BÚÐ
AF NÝJUM
VÖRUM!
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT

# Lögfræðinemi reynist aðalspéfugl skólans

Háskólanemar fjölmenntu á lokakvöld frumraunar Stúdentaráðs til að finna fyndnasta nemann innan sinna raða. Ljóst þykir að stemningin var allsráðandi.

Fyndnasti háskólaneminn fannst á sviði Stúdentakjallarans á fimmtudagskvöldið og varð lögfræðineminn Jóhannes Ingi Torfason þar hlutskarpastur.

Stúdentaráð Háskóla Íslands stóð fyrir viðburðinum og segir formaðurinn, Aron Ólafsson, aðsóknina hafa farið algjörlega fram úr björtustu vonum. „Við urðum hreinlega að vísa fólki frá, það var alveg stappað,“ segir hann og bætir við: „Það tók gott korter að komast að barnum, það er ágætis mælistika á stöðuna.“

Segist Aron fullviss um að hér sé lagður grunnur að árlegum viðburði í félagslífi skólans.

Halldóra Kristín Unnarsdóttir varð í öðru sæti og Brynjólfur Jóhann Bjarnason nældi sér í þriðja sætið. „Ég átti ekkert von á þessu, vonaði bara að einhver myndi hlæja smá,“ sagði Jóhannes auðmjúkur.

Hann hlaut hundrað þúsund krónur í verðlaun og liggur beinast við að fá að vita hvað hann hyggist gera við peninginn. „Ég veit það ekki, en það er ágætt að geta notað ávísunina sem sönnun fyrir að brandararnir mínir séu í alvöru góðir, ef einhver efast einhvern tímann aftur um ágæti þeirra.“ gudrun@frettabladid.is

> ➜ Keppnin var sú fyrsta sinnar tegundar innan skólans og þótti takast svo vel að hún verður að árlegum viðburði.


**FYNDNASTUR** Jóhannes grínaði sig að fyrsta sætinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**ÞRJÁR Í KASTI** Ólöf, Helga og Maren í góðu glensi.


**STUÐPÍUR** Arnhildur og Júlía.


**UPPLÍFGANDI** Steiney Skúladóttir var kynnir og fórst það vel úr hendi.











**HRESSIR** Halldór og Leifur skemmtu sér konunglega.


Vísa mér vegu þína, Drottinn, **kenn mér stigu þína...**

www.versdagsins.is


# Ætla að opna nýja stöð í plássi Baðhússins

Mjúkir tímar í 1.400 fermetra lúxuslíkamsræktarstöð sem nú stendur ónotuð en mun brátt fyllast af lífi.

Helga Lind Björgvinsdóttir og Elva Rut Guðlaugsdóttir munu opna svokallaða wellness-stöð í fyrrverandi húsakynnum Baðhúss Lindu í Smáralind.

Fá þær húsnæðið afhent 28. þessa mánaðar og nýta tvo sali þessa fjórtán hundruð fermetra lúxusrýmis undir mjúka tíma.

„Stöðin mun heita Balance og munum við einbeita okkur að mjúkum tímum og koma með nýja tíma eins og barre yoga og hot barre, sem eru það heitasta í Bandaríkjunum um þessar mundir, inn í flóruna hér heima," segir Helga Lind.

Segjast þær Elva ekki hafa áhuga á að auka umsvif sín frekar enda uppteknar við önnur verkefni. „Ég er dagmamma og Elva er með Plié listdansskólann sinn, svo þetta er nóg fyrir okkur í bili."

Helga segist jafnframt fullviss um að ekki líði á löngu þar til einhver aðili taki að sér tækjasalinn, en það verði ekki þær.

Elfa segir spennandi að takast á við þetta verkefni og segist sjá gríðarlega vakningu á meðal almennings um að gæði skuli sett fram yfir magn þegar kemur að líkamsrækt.

„Við munum bjóða upp á gríðarlega krefjandi tíma, en ekki þessi hefðbundnu brjáluðu átök sem þekkjast á líkamsræktarstöðvunum."

Gert er ráð fyrir að Balance verði opnuð þann fjórða maí næstkomandi.



**NÓG AÐ GERA** Helga Lind og Elva Rut opna wellness-stöð 4. maí.


FYRIRLESTRA-MARAÞON HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

**21. apríl**
**Stofa M104**
**10:00-16:00**

Fyrirlestramaraþonið verður nú haldið í sjöunda sinn en tilgangur þess er að draga fram í dagsljósið ótalmargar áhugaverðar rannsóknir og viðfangsefni fræðimanna við háskólann og kynna þær fyrir samstarfsfólki, nemendum og samfélaginu almennt. Hver fyrirlestur er að hámarki sjö mínútna langur. Í hádeginu þennan sama dag verða rannsóknar-, kennslu- og þjónustuverðlaun HR jafnframt afhent.

**10:00 - 11:15**

**Ari Kristinn Jónsson** Setning fyrirlestramaraþons

**Friðrik Már Baldursson** Er hægt að selja sameiginlegar náttúruauðlindir?

**Steinunn Rögnvaldsdóttir** Eru konur að taka völdin? Greining á völdum kvenna í íslensku samfélagi

**Þröstur Olaf Sigurjónsson** Val stjórnarmanna á tímum kynjakvóta

**Arney Einarsdóttir** Alþjóðleg langtímarannsókn á sviði mannauðsstjórnunar - CRANET

**Haukur Freyr Gylfason** Is time effort?

**Páll Ríkharðsson** Developments in Internal Controls in Icelandic Companies since the Crash of 2008

**Valdimar Sigurðsson** Hvað ræður árangri fyrirtækja á samfélagsmiðlum?

**11:15 - 12:00**

**Björn Þór Jónsson** Introduction to Multimedia Analytics / Inngangur að margmiðlunargreiningu

**Anna Ingólfsdóttir** Reasoning logically about knowledge is fun

**Páll Jakob Líndal** The "Cities that Sustain Us" Project

**Helgi Þór Ingason** Afburðaverkefni, hvað er nú það?

**Luca Aceto** Are models logical?

**Henning Úlfarsson** Óvænt gagntæk vörpun milli umraðana og marghyrninga / A surprising bijection between permutations and polygon

**12:00 - 13:00**

**Illugi Gunnarsson,** mennta- og menningarmálaráðherra, afhendir Verðlaun HR

**13:00 - 14:00**

**Ólafur E. Sigurjónsson** Vefjaverkfræðilegar nálganir til endurnýjunar á beini

**Paolo Gargiulo** Prosthetic design for complex Maxilla facial reconstruction: 1st case in Iceland

**Haukur Ingi Jónasson** Stóra myndin: Um heimspeki stjórnunarþekkingar

**Sveinn Þorgeirsson** Framtíð íslensks handbolta - mælingar á ungum leikmönnum. Tillaga að rannsókn og prófum til að bæta og styrkja yngri flokkastarf hér á landi.

**Kristinn Torfason** Simulation of Field Emission in Microscopic Diodes / Tölvulíkan af sviðs losun rafeinda í díóðu á míkroskala

**Charles Goehry** New generation of solar cells based on perovskites

**14:15 - 15:10**

**Jón Ágúst Sigurðsson** Vindorka á hálendi Íslands, raforka úr rokinu

**Sigurður Freyr Hafstein** Orkufelli í hreyfikerfum

**Jack James** Conflict of Interest and the Commercial Culture of Biomedical Research: A Problem Without a Solution?

**Inga Dóra Sigfúsdóttir** Forspárþættir heilsu, líðanar og hegðunar meðal ungs fólks: LIFECOURSE rannsóknin. / Risk and protective factors for health, emotions and behavior among young people: the LIFECOURSE project.

**María Kristín Jónsdóttir** Heilahreysti alla ævi

**Kamilla Rún Jóhannsdóttir** Greining á vinnuálagi flugumferðarstjóra út frá raddmælingum

**Jón Friðrik Sigurðsson** Geðheilsa kvenna á meðgöngu

**15:15 - 16:00**

**Bjarni Már Magnússon** ... önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum...

**Þóra Hallgrímsdóttir** Eru launþegar oftryggðir vegna vinnuslysa?

**Jóna Benný Kristjánsdóttir** Um 7. gr. laga um sjúklingatryggingu og réttarframkvæmd

**Margrét Einarsdóttir** Framkvæmd EES-samningsins – hvernig stendur íslenska ríkið sig?

**Margrét V. Kristjánsdóttir** Stjórnsýsla í þjónustusamningum

**Svala Ísfeld Ólafsdóttir** Er samfélagið vanmáttugt gagnvart heimilisofbeldi?

**Dagskráin er öllum opin og aðgangur ókeypis.**
**hr.is/fyrirlestramarathon**
Dagskráin er sett fram með fyrirvara um breytingar.

@haskolinn
#haskolinnrvk

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

# Stuðlar að sjálfbærri fatahönnun

**Fatahönnuðurinn Fiona Cribben frá Írlandi er meistaranemi í fatahönnun við Listaháskólann og opnar sýninguna Half and half í Gerðarsafni í dag.**

Fiona Cribben sýnir verkið Half and half í Gerðarsafni, en sýningin verður opnuð í dag, laugardag. Það sem er áhugavert við flíkurnar í verkinu er að þær eru allar endurunnar og er tilgangur þess að stuðla að og hvetja til sjálfbærni í fatahönnun og gerð. „Flestallt efni sem ég nota í verkið eru gömul föt sem ég fékk í Rauða krossinum og eitthvað fékk ég gefins,“ segir Fiona.

Eftir að hafa fylgst með og unnið við tísku í sautján ár fannst henni hún hafa þörf fyrir að breyta því hvernig hún nálgaðist föt og tísku. „Mig langaði til þess að hvetja fólk til að endurhanna fötin sín og gefa þeim meiri karakter. Þetta fékk mig líka til þess að hugsa meira út í það hvernig ég nota efni og einnig hvers vegna við endurvinnum ekki meira af fötunum okkar,“ segir hún.

Í bland við fötin úr Rauða krossinum notar hún íslenska ull, en hún fékk eldri konur á Seltjarnarnesi til þess að þæfa fyrir sig ullina í filtkúlur sem hún notaði í verkið. „Mig langaði einmitt með þessu verkefni að hvetja fólk til þess að endurnýta fötin sín. Ég trúi því að fólk hér á Íslandi hafi meira tískuvit en að kaupa bara fjöldaframleitt,“ segir hún.

- asi



**FJÖLBREYTT** Fiona við verkin sín á sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sóley Tómasdóttir

Á íbúafundi í Grafarholti talaði ein kona fyrir hverja átta karla. #6dagsleikinn



AMG

„Já ertu að æfa pole fitness til að geta dansað á súlu fyrir kærastann?“#6dagsleikinn



Heiður Anna

„Það er nú kannski ekki skrýtið að þú kunnir ekki á þessa tölvu, ert nú einu sinni bara kvenmaður“ #6dagsleikinn



Kamilla Ingibergs

Einhleypur karl er bara ekki búinn að finna þá réttu en einhleyp kona er einhleyp vegna þess að hún er örugglega svo erfið #6dagsleikinn



Adda Þ. Smáradóttir

Þegar ég rakaði af mér hárið og fékk „þú veist þú færð ekkert að ríða fyrr en hárið þitt verður aftur sítt“ #6dagsleikinn

# #6DAGSLEIKINN

Í vikunni varð önnur íslensk Twitter-bylting til á skömmum tíma. Í þetta sinn var það kassmerkið #6dagsleikinn sem átti samfélagsmiðilinn. Þar deildu Twitter-notendur sögum af hversdagslegu kynjamisrétti sem þeir höfðu orðið fyrir. Byltingin varð til út frá málþingi kynjafræðinema úr sjö framhaldsskólum alls staðar að af landinu sem haldið var í Menntaskólanum við Hamrahlíð. María Lilja Þrastardóttir stýrði málstofunni þar sem #6dagsleikinn varð til. „Það voru mjög skemmtilegar umræður um kynjamisrétti og okkur langaði til þess að láta eitthvað lifa eftir þessar umræður, að það stæði eitthvað eftir,“ segir hún. Eftir að hafa komið með hugmyndir að kassmerkjum kusu þau um bestu hugmyndina og settu svo öll inn eitt tíst í lok tímans. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og rigndi inn tístum út vikuna. „Við erum rosalega ánægð með viðbrögðin og vonum svo sannarlega að þetta hafi áhrif.“



Salka Sól Eyfeld

Hann er í rokkhljómsveit … hún er í kvennarokkhljómsveit #6dagsleikinn



Björt Ólafsdóttir

Sælir drengir! segir þingmaðurinn við fundargesti af báðum kynjum sem funda um kvóta #6dagsleikinn



Berglind Festival

Þegar textakarlarnir í vinnunni eru allir beðnir um álit á undan mér. #6da gsleikinn



Aslaug Sigurbjornsd

„Lögreglukonur eru alltaf svo leiðinlegar“ eftir að hafa sagst langa að taka mig „aftan frá“ þegar ég var að stöðva hann f brot #6dagsleikinn






**40 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR PLÖTUNNAR SUMAR Á SÝRLANDI**

Í ELDBORGARSAL **HÖRPU**

MIÐAVERÐ FRÁ **KR. 5.900**

5. JÚNÍ **KL. 20 UPPSELT**

5. JÚNÍ **KL. 23 AUKATÓNLEIKAR**

6. JÚNÍ **KL. 20 AUKATÓNLEIKAR**

ÖRFÁ SÆTI LAUS!

**MIÐASALA HAFIN** Á HARPA.IS & MIDI.IS





# Mikilvægasta vinna veraldarsögunnar

**BAKPANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Ekkert starf er mikilvægara í allri veraldarsögunni en skáldskapur. Ég gæti hugsað mér að búa í heimi þar sem ekki væru til læknar, kennarar eða kaupmenn en að búa við tilveru sem ekkert skáld hefur litað með órum skáldagyðjunnar, það væri mér ofviða. Til að taka eitt lítið dæmi um það hvernig skáldin gera lífið léttbærara langar mig að nefna til sögunnar orðið „gluggatjöld.“ Þegar það hrekkur upp úr einhverjum nærri mér sé ég ekki fyrir mér tuskur þessar sem fólk setur fyrir glugga sína heldur fyllist ég póetískum órum, get jafnvel orðið ástfanginn um stundarsakir. Þetta er allt skáldinu Tómasi Guðmundssyni að kenna og ljóðinu hans Frá liðnu vori, þar sem litlar hendur elskunnar bærðu gluggatjöldin og svo er hann var orðinn eldri gekk hann fyrir sama glugga en: En aldrei framar hvítir armar hreyfa gluggatjöldin.

**ÉG** verð kátur við það eitt að sjá prímus, allt út af Jóni Prímusi í Kristnihaldinu hans Halldórs Laxness og meira að segja gjörvallt Snæfellsnesið er hulið dulúð út af þeirri sömu sögu en ekki vegna jóganna sem vappa þar á glóandi kolum og sjá verur frá plánetum úr nágrenninu. Svona hafa skáldin forritað mannsandann frá örófi alda uns tilveran er orðin að þeirri töfraveröld sem hún er fyrir flesta þá sem aldir eru upp meðal bókmenntaþjóðar. Sá sem ekki hefur verið forritaður með þessum hætti væri vís til að vera ónæmur fyrir fegurð náttúrunnar, rómantík, vinarhótum og öldunið og orð eins og frelsi væru hjóm í eyrum hans. Hann hellir ekki viskílögg í glas og setur Miles Davis undir geislann þegar drunga setur að, sem er kannski jákvætt út frá heilsusjónarmiði en þeir sem eru forritaðir vita vel að það er ágætt að hafa bæði súrt og sætt í hinum heilaga bikar. Svona hafa skáldin hjálpað mér að fylla orð eins og Ísland, Evrópa, hugrekki, frelsi, list og ég djúpri merkingu sem síðan gefur lífinu gildi.

**STUNDUM** tala stjórnmálamenn og afundnir hugsuðir um list eins og að réttlæta þurfi tilvist hennar með hagfræðilegum útreikningum. Á degi bókarinnar finnur þetta fólk kjörið tilefni til að líta upp úr Exel-skjölunum og gleyma sér við það sem mestan hag gefur.






# Vissi að hann ætlaði að hætta

## Reyndi að telja Zayn Malik á að halda áfram með One Direction.

Simon Cowell sagði í þætti James Corden, The Late Late Show, á fimmtudag að hann hefði vitað í nokkrar vikur að Zayn Malik vildi hætta í strákasveitinni One Direction. „Ég vissi að þetta myndi gerast, ef ég á að vera hreinskilinn. Við höfðum talað saman og hann sagði mér að hann væri ekki hamingjusamur og vildi hætta. Ég reyndi að biðja hann um að halda áfram, en hann var búinn að fá nóg og þegar fólk er búið að ákveða sig þá er ekki hægt að breyta skoðun þess,“ sagði Cowell, en Malik yfirgaf bandið á miðju tónleikaferðalagi þann 25. mars síðastliðinn. „Ég viss að strákunum myndi bregða að heyra þessar fréttir, svo ég reyndi að gera allt sem í mínu valdi stóð til þess að láta þeim líða vel.“ Þeir fjórir sem eftir eru vinna nú að gerð fimmtu plötu sveitarinnar. „Ég er stoltur af þeim og held að þetta verði besta platan þeirra til þessa,“ sagði Cowell að lokum. - asi



**STOLTUR** Simon Cowell hefur tröllatrú á strákunum í One Direction.





Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP 2 | 1:50, 3:50, 5:50, 8, 10:10 | L |
| ÁSTRÍKUR 2D | 1:50, 4 - ÍSL TAL | L |
| ÁSTRÍKUR 3D | 6 - ÍSL TAL | L |
| AUSTUR | 8, 10 | 16 |
| FAST & FURIOUS 7 | 7, 10 | 12 |
| LOKSINS HEIM 2D | 1:50, 4 - ÍSL TAL | L |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHILD 44 | KL. 2 - 5 - 8 - 10:55 | |
| CHILD 44 VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 10:55 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:30 - 6 | |
| FAST AND FURIOUS 7 | KL. 2 - 5 - 8 - 10:55 | |
| GET HARD | KL. 8 - 10:20 | |
| INSURGENT | KL. 8 - 10:40 | |
| CINDERELLA | KL. 3 - 5:30 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 1:40 - 3:50 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CHILD 44 | KL. 8 - 10:55 | |
| PAUL BLART: MALL COP 2 | KL. 5:50 - 8 | |
| FAST AND FURIOUS 7 | KL. 10:10 | |
| ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA ÍSL TAL | KL. 2 - 4 | |
| LOKSINS HEIM ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 - 3:30 | |
| CINDERELLA | KL. 5:30 | |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| CHILD 44 | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| FAST AND FURIOUS 7 | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | |
| BLÓÐBERG | KL. 3 - 5:30 | |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSL TAL | KL. 3 | |
| GET HARD | KL. 8 - 10:15 | |
| CINDERELLA | KL. 3 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 3 | |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| CHILD 44 | KL. 3 - 6 - 8 - 9 - 10:20 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 10:55 | |
| BLÓÐBERG | KL. 5:40 - 8 | |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSL TAL | KL. 4 - 6 | |
| CINDERELLA | KL. 3:10 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 - 10:20 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 10:55 | |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSL TAL | KL. 3:10 | |
| GET HARD | KL. 8 | |
| CINDERELLA | KL. 5:30 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 | |










BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Antboy: rauða refsinornin | 16.00 | The grump | 18.00 |
| Stuttmyndir 3-7 ÁRA | 16.00 | Treasure island | 20.00 |
| What we do in the shadows | 16.00 | Citizenfour | 20.00 |
| Blind | 18.00 | Black coal, thin ice | 20.00, 22.30 |
| Wild tales | 18.00 | Whiplash | 22.00 |




TOM HARDY
GARY OLDMAN
NOOMI RAPACE
JOEL KINNAMAN
PADDY CONSIDINE
WITH JASON CLARKE
AND VINCENT CASSEL
FROM PRODUCER
RIDLEY SCOTT
A brave, slow-burn of a thriller
Total Film – James Mottram
CHILD 44
BASED ON THE INTERNATIONAL BEST SELLING NOVEL
WORLDVIEW
SCOTT FREE
CATCH THE KILLER EXPOSE THE TRUTH
KOMIN Í BÍÓ
EGILSHÖLL
SAMbio.is
KEFLAVÍK
AKUREYRI
KRINGLAN
ÁLFABAKKI

# Gunnar keppir um titil innan árs

Maðurinn á bak við velgengni Gunnars Nelson og Conors McGregor í UFC-heiminum, John Kavanagh, er ekki hissa á uppgangi lærisveina sinna. Kavanagh segir að Gunnar muni slá í gegn í Bandaríkjunum og byrji á því strax í júlí er hann mætir John Hathaway.

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is



**MMA** „Þetta verður risastórt kvöld fyrir okkur alla," segir írski MMA-þjálfarinn John Kavanagh en hann verður heldur betur í sviðsljósinu í Las Vegas þann 11. júlí er stærsta bardagakvöld ársins í UFC fer fram. Þetta er líklega þess utan stærsta kvöld í sögu UFC.

„Þetta kvöld er þegar búið að setja met í aðgangseyri hjá UFC og ég er ekki í nokkrum vafa um að aldrei eigi fleiri eftir að kaupa aðgang að þessu bardagakvöldi í gegnum sjónvarp. Þetta er alvöru."

Kavanagh er þjálfari Gunnars Nelson og einnig Írans Conors McGregor sem er í aðalbardaga kvöldsins. Kavanagh er búinn að þjálfa þá lengi og er heldur betur að uppskera þessa dagana.

### Árangurinn kemur ekki á óvart

„Mér finnst við vera búnir að vera í þessu lengi. Bæði Conor og Gunni hafa æft hjá mér í að verða tíu ár. Ég er ekki hissa á því að þeir hafi skotist upp á stjörnuhimininn því við höfum æft mikið og strákarnir lagt gríðarlega mikið á sig. Þeir voru báðir vel tilbúnir er þeir fóru í UFC og ég vissi að þess yrði ekki langt að bíða að það yrði talað um titilbardaga hjá þeim báðum þar."

Að æfa og æfa vel er nákvæmlega það sem þeir ætla að gera fyrir kvöldið stóra í Vegas.

„Við förum snemma í maí. Gunnar fer beint til Mexíkó með nokkrum af mínum strákum og mun æfa þar í sex vikur. Meðal annars með Cathal Pendred og fleiri þungum strákum sem hann hefur ekki gert um tíma. Það ætti að undirbúa hann betur. Við förum svo til Las Vegas fjórum vikum fyrir bardagann og æfum þar með Conor McGregor," segir Kavanagh en hann mun vera með Gunnari seinni þrjár vikurnar í Mexíkó og svo að sjálfsögðu allan tímann í Las Vegas.



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Gunnar og Kavanagh æfa saman í Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Gunni hluti af nýrri kynslóð

Kavanagh er handviss um að Conor McGregor vinni heimsmeistaratitil í Las Vegas og hann spáir því einnig að Gunnar muni sýna Bandaríkjamönnum og UFC-heiminum hvað í hann sé spunnið.

„Ég trúi því að Gunni muni sanna í þessum bardaga af hverju talað er um hann sem hluta af nýrri kynslóð bardagamanna í UFC."

Maðurinn sem Gunnar mun berjast við í Las Vegas er 27 ára gamall Englendingur sem heitir John Hathaway. Það hefur ekki farið mikið fyrir honum síðustu ár þar sem hann var að glíma við veikindi.

„Ég er ekki viss um að margir nýir aðdáendur UFC þekki mikið til hans. Ég geri það samt og hann er ótrúlega sterkur andstæðingur sem hefur haft betur gegn stórum nöfnum," segir Kavanagh en Hathaway hefur meðal annars unnið Rick Story sem varð fyrstur til þess að vinna Gunnar í fyrra.

Tom Egan er fyrsti lærisveinn Kavanaghs sem tók þátt í UFC en það var árið 2009. Egan mætti þá Hathaway og Hathaway hafði betur. Kavanagh þekkir því vel til Englendingsins og hefur ekki gleymt honum.

„Þetta er stór og sterkur strákur og ég held að Gunni verði upp á sitt besta gegn honum. Ég tel að Gunni sé sterkari bardagamaður og eigi að geta náð sér aftur á strik í þessum bardaga. Náð Hathaway í gólfið, sem hann gerir manna best, og klárað hann."

Þetta verður í fyrsta skipti sem Gunnar keppir í Bandaríkjunum og ótrúlegt tækifæri sem hann fær að vera með á þessu kvöldi.

„Það er stórkostlegt og ég trúi varla að þetta sé hans fyrsti bardagi í Vegas. Ég trúi því að Gunni eigi eftir að verða stórstjarna í Bandaríkjunum og berjast um heimsmeistaratitil innan tólf mánaða," segir Kavanagh bjartsýnn fyrir hönd okkar manns.

### Sér fyrir sér leið Gunnars

„Hvað er betri auglýsingagluggi fyrir hann en bardagi á stærsta bardagakvöldi ársins með stærsta titilbardaga ársins? Gunni er að fara að horfa á Conor félaga sinn ná í heimsmeistarabelti og það mun bara gera hann hungraðri í að ná í sitt belti."

Það er mikil yfirlýsing hjá Kavanagh að Gunnar berjist um titil innan eins árs. Hvernig sér hann það gerast?

„Það verður þessi bardagi, tveir í viðbót og svo titilbardagi. Þannig sé ég þetta fyrir mér. Ég held að þetta verði frábær bardagi hjá Gunna þar sem hann sýnir sínar bestu hliðar. Svo kemur annar bardagi við mann á topp tuttugu og eftir það bardagi við mann á topp tíu þar sem hann mun sýna að hann eigi skilið að keppa um heimsmeistaratitil. Ég trúi því að Rory MacDonald verði heimsmeistari en hann er af nýju kynslóðinni eins og Gunni. Ég sé því fyrir mér titilbardaga á milli Gunna og Rory MacDonald eftir svona ár."



**FÉLAGAR** Gunnar og Kavanagh eru hér á góðri stund í æfingasal Kavanaghs í Dublin þar sem Gunnar hefur æft lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

> **Ég trúi að Gunnar eigi eftir að verða stórstjarna í Bandaríkjunum og berjast um heimsmeistaratitil innan tólf mánaða.**
>
> *John Kavanagh, þjálfari Gunnars.*




## UFC hefur beðið eftir Conor McGregor

Lærisveinn Kavanaghs orðinn stórstjarna á mettíma.



**MMA** Stjarna kvöldsins í Las Vegas þann 11. júlí er hinn óviðjafnanlegi Íri Conor McGregor.

Hann er búinn að gera allt vitlaust í UFC-heiminum með því að rífa kjaft við allt og alla og standa síðan við stóru orðin. Fólk annaðhvort elskar hinn gífuryrta McGregor eða elskar að hata hann. Hvað svo sem því líður vilja allir horfa á hann.

McGregor er kominn í titilbardaga þar sem hann mun berjast við brasilíska heimsmeistarann Jose Aldo.

UFC fór í stóra auglýsingaherferð um allan heim til þess að auglýsa kvöldið og er heldur betur til í að veðja á Írann kjaftfora og skemmtilega.

„Þessi auglýsingaherferð var frekar klikkuð. Conor naut sín í botn en ég er ekki viss um að Aldo hafi fundist eins gaman," segir John Kavanagh, þjálfari McGregors, og hlær dátt en eins og sjá mátti í þáttum um herferðina þá tókst McGregor að fara verulega í taugarnar á Aldo og ekki síst er hann stal af honum beltinu í Dublin. Conor segist eiga beltið.

„Það þarf engan snilling til þess að sjá af hverju forkólfar UFC eru hrifnir af Conor. Hann er auðvitað mjög góður í að tala sem og að berjast. Hin fullkomna blanda sem UFC hefur beðið eftir."

- hbg






Ecco Mimic
Stærðir: 19-26
Verð: 10.995



Ecco Mimic
Stærðir: 19-26
Verð: 10.995



Nike Flex
Stærðir: 21-27
Verð: 6.995



Nike Flex
Stærðir: 28-35
Verð: 7.995



Viox Sport
Stærðir: 28-35
Verð: 4.995



Hummel Stadil
Stærðir: 26-38
Verð: 9.995



Hummel Stadil
Stærðir: 26-38
Verð: 12.995



Converse All Star
Stærðir: 27-35
Verð: 10.995

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND




**AFTUR Í LANDSLIÐIÐ** Ólafur kvaddi landsliðið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Ólafur í teymi landsliðsins

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson tekur sæti í þjálfarateymi íslenska landsliðsins fyrir næstu verkefni liðsins en fram undan eru leikir gegn Serbíu í undankeppni EM 2016.

Ólafur var síðast þjálfari Vals en lét af starfinu í haust. Hann tók svo óvænt fram skóna þegar hann spilaði með KIF Kolding København í Meistaradeild Evrópu fyrir fáeinum vikum. Þar lék hann undir stjórn Arons Kristjánssonar landsliðsþjálfara.

Landsliðshópurinn fyrir leikina gegn Serbíu var tilkynntur í dag. Allir þeir sem voru með liðinu á HM í Katar eru með í hópnum fyrir utan Sigurberg Sveinsson. Ólafur Guðmundsson var hins vegar tekinn í hópinn auk tveggja nýliða – Péturs Júníussonar hjá Aftureldingu og Stjörnumannsins Egils Magnússonar. - esá

**MAYWEATHER – PACQUIAO**

### Í beinni á Stöð 2 Sport

Stöð 2 Sport hefur tryggt sér sýningarréttinn á bardaga Floyds Mayweather og Mannys Pacquiao sem fer fram í Las Vegas þann 2. maí. Er þetta dýrasti bardagi sögunnar en Stöð 2 Sport er eina áskriftarstöð heimsins sem sýnir bardagann. Bubbi Morthens og Ómar Ragnarsson verða lýsendur kvöldsins.

# Fékk að klára páskaeggið

**Eygló Ósk Gústafsdóttir stórbætti Íslandsmetin sín á ÍM og bætti Norðurlandamet sitt í 200 metra baksundi í annað skiptið á aðeins 11 dögum. „Ég var rosalega grönn á ÓL," segir Eygló sem hefur styrkt sig mikið.**

**SUND** Eygló Ósk Gústafsdóttir er ekki lengur unga og granna sundkonan sem keppti 17 ára gömul á Ólympíuleikunum í London 2012. Þá var hún að ná markmiði sem hún hafði sett sér átta ára gömul en nú þremur árum síðar er hún komin í fremstu röð í heimi.

Eygló Ósk bætti eigið Íslands- og Norðurlandamet um hálfa sekúndu í 200 metra baksundi á ÍM 50 um síðustu helgi og daginn eftir bætti hún eigið met í 100 metra baksundi um rúma sekúndu.

### Þriggja ára bið á enda

„Ég er búin að æfa vel og það er farið að skila sér núna. Ég var búin að bíða eftir því í þrjú ár að bæta þetta Norðurlandamet," segir Eygló. Það er ógrynni æfinga sem liggur að baki árangri hennar. „Við erum með svona tíu til ellefu æfingar í viku. Við fáum alltaf frí á sunnudögun þannig að það eru æfingar á morgnana og á kvöldin á öllum virkum dögum. Svo er líka æfing á laugardagsmorgnum," segir Eygló sem kvartar aðeins yfir morgunæfingunum.

„Það er stundum dálítið erfitt að vakna klukkan fimm á morgnana en maður verður að reyna að rífa sig fram úr. Ég er komin með aðeins meiri reynslu á stórmótum og þegar maður fer á þessi stóru mót þá eru allar þessar morgunæfingar þess virði. Þegar maður nær þessum metum og öllum markmiðunum sínum þá er þetta þess virði," segir Eygló og hún hefur greinilega bætt á sig vöðvamassa.

### Var rosalega grönn og vöðvalítil

„Við höfum verið að lyfta meira og þjálfarinn breytti aðeins sundæfingaprógramminu líka og það er að spila inn í. Ég var rosalega grönn og vöðvalítil þegar ég var á Ólympíuleikunum en ég er búin að bæta það. Ég er nokkrum kílóum þyngri en ég var á Ólympíuleikunum, og ég var alveg rosalega grönn alla mína æsku," segir Eygló Ósk.

„Það er eins erfitt að byggja kílóin upp og að losna við þau. Þetta er ekkert sem gerist á stuttum tíma heldur eitthvað sem maður er búinn að vera að vinna að lengi," segir Eygló sem er að klára stúdentinn.

„Ég er búin að taka menntaskólann í rólegheitunum. Ég hef ekki verið að flýta mér of mikið og mér finnst það fínt því þá get ég einbeitt mér meira að sundinu," segir Eygló en hún er ekki búin að ákveða að fara út í skóla þrátt fyrir tilboð.

### Tekur sér eins árs frí frá skóla

„Ég ætla að taka ár í frí frá skóla fyrir Ólympíuleikana. Ég ætla bara að vera að vinna fimmtíu prósent og æfa svo á fullu," segir Eygló sem er ekkert búin að ákveða um framtíðina nema að hún ætlar sér stóra hluti á Ólympíuleikunum í Ríó 2016.

Eygló segir að það hafi tekið tíma að endurstilla sig eftir ævintýrið á leikunum í London 2012. „Ég var þá búin að ná markmiðunum mínum og þá var ég minna ákveðin og svona. Núna er þetta allt að koma aftur." Árangurinn um helgina var magnaður og sundkonan sjálf er líka sátt. „Ég var í skýjunum eftir helgina sem og eftir danska mótið um daginn. Þetta er alveg geðveikt gaman. Ég er mjög sátt með stöðuna eins og er," segir Eygló en verðlaunaði hún sjálfa sig ekkert eftir svona magnaða frammistöðu?

„Ég er að fara í sumarbústað um helgina með fjölskyldunni minni og fæ að slaka á. Ég fékk líka að klára páskaeggið sem ég fékk ekki að klára um síðustu helgi," segir hún hlæjandi. „Stærstu verðlaunin eru samt að hafa náð þessu meti. Það er líka alltaf jafn gaman að fá svona hlýlegar kveðjur frá öllum," segir Eygló að lokum.

ooj@frettabladid.is




**MEÐ SKÝR MARKMIÐ** „Ég verð að standa mig og æfa eins og manneskja og reyna að bæta mig enn þá meira. Ég er með sömu væntingar og allir aðrir, held ég," segir Eygló Ósk Gústafsdóttir. Hér er hún eftir eitt sundið sitt á ÍM. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Sala fasteigna frá 1957

Elsta starfandi fasteignasala landsins

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

# Fullbúnar íbúðir við Lindargötu 28 komnar í sölu

Vel skipulagðar íbúðir á frábærum stað á bilinu 45-55 fermetrar að stærð.
Íbúðir sem henta vel fyrir þá sem kjósa nýjar minni íbúðir í miðborg Reykjavíkur þar sem stutt er í verslun, þjónustu og afþreyingu.

| Íbúð | herb | fm | Söluverð |
|---|---|---|---|
| 101 | 1 | 47,1 | 29.500.000 |
| 102 | 2 | 51,2 | 31.500.000 |
| 103 | 2 | 55,4 | 33.300.000 |
| 104 | 2 | 61,5 | 35.200.000 |
| 105 | 3 | 84,3 | 47.500.000 |
| 201 | 3 | 85,1 | 48.200.000 |
| 202 | 2 | 54,5 | 31.900.000 |
| 203 | 2 | 53,8 | 31.900.000 |
| 204 | 2 | 53,5 | 31.900.000 |
| 205 | 2 | 49,9 | 31.500.000 |
| 206 | 2 | 58,0 | 35.500.000 |
| 301 | 3 | 85,1 | 48.900.000 |
| 302 | 2 | 54,2 | 32.900.000 |
| 303 | 2 | 54,5 | 32.900.000 |
| 304 | 2 | 54,6 | 32.900.000 |
| 305 | 2 | 49,9 | 32.500.000 |
| 306 | 2 | 58,0 | 35.900.000 |
| 401 | 3 | 91,4 | 51.900.000 |
| 402 | 2 | 60,6 | 37.500.000 |
| 403 | 2 | 65,6 | 39.500.000 |
| 404 | 1 | 47,8 | 31.900.000 |



**Hafðu samband við sölumenn Eignamiðlunar í síma 588 9090.**


Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali. sverrir@eignamidlun.is


Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteingasali hilmar@eignamidlun.is


Guðlaugur I. Guðlaugsson, sölumaður gudlaugur@eignamidlun.is


Brynjar Þ. Sumarliðason sölumaður brynjar@eignamidlun.is


weber
Vnr. 50650021
WEBER Q3200
gasgrill, grátt.
Fæst í BYKO Breidd.
84.995 kr.
NAPOLEON
HÁGÆÐA GRILL FRÁ KANADA
Vnr. 506600032
NAPOLEON TRIUMPH gasgrill
með 4 brennurum, 14,4
kW. Innbyggður upptakari,
niðurfellanleg hliðarborð.
Gashella í hliðarborði.
NAPOLEON
FÆST
EINGÖNGU
Í BYKO
109.995 kr.
69.995 kr.
NAPOLEON
49.995 kr.
Vnr. 506600012
NAPOLEON TRAVELQ ferða-
gasgrill með vagni, 4,1 kW.
Frábær hönnun. Fellur vel
saman og tekur lítið pláss í
geymslu. Tvöfaldur brennari úr
ryðfríu stáli.
Broil King
Vnr. 50657518
BROIL KING gasgrill
GEM SUPER, 11,5 kW.
26”
SUMARIÐ
ER KOMIÐ
Gasgrill og reiðhjól
í miklu úrvali
Vnr. 49620230
Reiðhjól 26" grænt.
32.995 kr.
20”
12”
26”
Hönnun og umbrot: VERT-markaðsstofa
KENT
Vnr. 49620064-5
Reiðhjól 20" FULL TILT
eða LUCKY STAR.
28.995 kr.
KENT
Vnr. 49620060-1
Reiðhjól 12" STREET
RACER eða TWINKLE.
22.695 kr.
Vnr. 49620231
Reiðhjól 26" 6 gíra,
appelsínugult.
36.995 kr.
24”
28”
Vnr. 55092110
SYPRUS
1.995 kr.
26”
KENT
Vnr. 49620076-7
Reiðhjól TRAIL
BLASTER 24".
41.995 kr.
Vnr. 49620200-1
28" götureiðhjól, karla, 6 gíra
með brettum og bögglabera
eða 26" kvenhjól með körfu.
29.695 kr.
Grænland
BYKO BREIDD
55092142
PRIMULA
595 kr.
ÚRVAL AF
POTTAPLÖNTUM
Í GRÆNLANDI
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

# DAGSKRÁ

## SUNNUDAGUR

**Stöð 2 kl. 22.10**

**BETTER CALL SAUL**

Glæný og fersk þáttaröð um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad.



## Í KVÖLD



### MAD MEN

**STÖÐ 2 KL. 21.20** Sjöunda þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.



### SJÁLFSTÆTT FÓLK

**STÖÐ 2 KL. 19.10** Vandaður íslenskur þáttur, sem er orðinn einn sá langlífasti af innlendum þáttum, í umsjá Jóns Ársæls en hann heldur áfram að heimsækja áhugaverða Íslendinga sem hafa sögur að segja.



### THE BIG BANG THEORY

**GULLSTÖÐIN KL. 19.50** Stórskemmtilegur gamanþáttur um Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.

**Bylgjan kl. 10.00**

**Sprengisandur**

Fanney Birna fær til sín góða gesti í fjarveru Sigurjóns en það eru Arna Guðmundsdóttir læknir, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson dósent, Árni Helgason lögmaður og Katrín Júlíusdóttir.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** Algjör Sveppi
**09.15** Tommi og Jenni
**10.00** Kalli kanína og félagar
**10.10** Scooby-Doo! Leynifélagið
**10.30** Young Justice
**10.50** iCarly
**11.15** Ninja-skjaldbökurnar
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** Krækiberjablús
**14.40** Fókus
**15.05** Margra barna mæður
**15.35** Matargleði Evu
**16.05** ET Weekend
**16.50** 60 mínútur
**17.35** Eyjan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Sjálfstætt fólk
**19.45** Hið blómlega bú 3
**20.15** Britain's Got Talent
**21.20** Mad Men
**22.10** Better Call Saul
**23.00** 60 mínútur
**23.45** Eyjan
**00.30** Brestir
**01.00** Game of Thrones
**01.55** Vice
**02.25** Daily Show. Global Edition
**02.50** Transparent.
**03.20** Backstrom
**04.05** One Fine Day
**05.50** Fréttir

## SPORT *besta sætið*

**08.20** Barcelona - Valencia
**10.00** Real Madrid - Malaga
**11.40** FA Cup - Preview Show 2015
**12.10** Reading - Arsenal
**13.50** Aston Villa - Liverpool BEINT
**16.05** Evrópudeildarmörkin
**16.55** Golden State - New Orleans
**18.35** Centers of the Universe
**19.00** Cleveland - Boston BEINT
**22.00** Formúla 1 2015 - Barein
**00.20** Aston Villa - Liverpool

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.30** Premier League World 2014
**09.00** Crystal Palace - WBA
**10.40** Leicester - Swansea
**12.20** Man. City - West Ham BEINT
**14.50** Newcastle - Tottenham BEINT
**17.00** Man. City - West Ham
**18.40** Newcastle - Tottenham
**20.20** Chelsea - Man. Utd.
**22.00** Stoke - Southampton
**23.40** Everton - Burnley

## ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Panorama **15.00** Fyrirtækjaheimsóknir **15.30** Stormað **16.00** Hrafnaþing **17.00** 433 **17.30** Gönguferðir **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur og tækni **19.00** ABC barnahjálp **19.30** Frá Haga í maga **20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín **22.00** Hrafnaþing **23.00** Kling Klang **23.30** Eldhús meistaranna

## STÖÐ 3

**16.40** The Amazing Race
**17.25** One Born Every Minute UK
**18.15** Hot in Cleveland
**18.35** Last Man Standing
**19.00** Bob's Burgers
**19.25** Amercian Dad
**19.50** Cleveland Show 4, The
**20.15** The Bill Engvall Show
**20.40** Saving Grace
**21.25** The League
**21.55** The Finder
**22.35** Bob's Burgers
**23.00** Amercian Dad
**23.20** Cleveland Show 4, The
**23.45** The Bill Engvall Show
**00.05** The League.
**00.30** Saving Grace
**01.15** The Finder
**01.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Ævintýri Tinna **07.47** Töfrahetjurnar **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Kalli á þakinu **10.22** Brunabílarnir **10.47** Víkingurinn Vic **11.00** Strumparnir **11.25** Ævintýri Tinna **11.47** Töfrahetjurnar **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Kalli á þakinu **14.22** Brunabílarnir **14.47** Víkingurinn Vic **15.00** Strumparnir **15.25** Ævintýri Tinna **15.47** Töfrahetjurnar **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Kalli á þakinu **18.22** Brunabílarnir **18.47** Víkingurinn Vic **19.00** Artúr og Mínímóarnir

## GULLSTÖÐIN

**18.40** Friends
**19.05** Modern Family
**19.25** New Girl
**19.50** The Big Bang Theory
**20.15** Viltu vinna milljón?
**21.00** Twenty Four
**21.45** Covert Affairs
**22.35** Rita
**23.20** Sisters.
**00.05** Viltu vinna milljón?
**00.45** Twenty Four
**01.30** Covert Affairs
**02.15** Rita
**03.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**09.20** 10 Years
**11.00** Thunderstruck
**12.35** Cheerful Weather for the Wedding
**14.10** Of Two Minds
**15.40** 10 Years
**17.20** Thunderstruck
**18.55** Cheerful Weather for the Wedding
**20.30** Of Two Minds
**22.00** The Da Vinci Code
**00.50** Lawless
**02.45** Killer Joe
**04.30** The Da Vinci Code

## RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**10.25** Bækur og staðir
**10.30** Alla leið
**11.35** Erfðarbreytt matvæli
**12.20** Gyðingar og múslimar
**13.15** Matador
**14.15** Kiljan
**14.55** Útúrdúr
**15.50** Jerúsalem á diskinn
**16.50** Melissa og Joey
**17.10** Táknmálsfréttir
**17.20** Kalli og Lóla
**17.32** Sebbi
**17.44** Ævintýri Berta og Árna
**17.49** Tillý og vinir
**18.00** Stundin okkar
**18.25** Kökugerð í konungsríkinu
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.35** Veðurfréttir
**19.40** Landinn
**20.10** Öldin hennar
**20.15** Þú ert hér
**20.40** Sjónvarpsleikhúsið – Að eilífu
Chloe og amma hennar fara til Reykjavíkur eftir að þeim berst tilkynning um að lík hafi fundist vel varðveitt á íslenskum jökli. Aðalhlutverk: Tom Ainsley, Cara Delevingne, Jaye Griffiths
**21.05** Heiðvirða konan
**22.00** Kleópatra
**01.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**12.10** The Talk
**12.48** The Talk
**13.28** Dr. Phil
**14.09** Dr. Phil
**14.51** Cheers
**15.16** The Biggest Loser
**16.01** The Biggest Loser
**16.44** Royal Pains
**17.26** My Kitchen Rules
**18.12** Parks & Recreation
**18.35** The Office
**19.00** Top Gear
**19.51** Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking
**20.16** Scorpion
**21.00** Law & Order
**21.48** Allegiance
**22.31** The Walking Dead
**23.15** Hawaii Five-0
**00.01** CSI: Cyber
**00.48** Law & Order
**01.35** Allegiance
**02.18** The Walking Dead
**03.10** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**13.00** 2015 Augusta Masters
**15.45** This Is the Presidents Cup
**16.10** Golfing World 2015
**17.00** PGA Tour 2015
**22.00** Inside the PGA Tour 2015
**22.25** PGA Tour 2015

## HRINGBRAUT

**12.00** Þjóðbraut **12.30** 433.is **17.30** Helgin **18.00** Kvennaráð **18.30** Lífsstíll **19.00** Hringtorg **19.30** Atvinnulífið **20.00** Neytendavaktin **20.30** Mannamál **21.00** Heimsljós **21.30** Helgin **22.00** Kvennaráð **22.30** Lífsstíll **23.00** Hringtorg **23.30** Atvinnulífið **00.00** Neytendavaktin **00.30** Mannamál **01.00** Heimsljós

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




20 ára afmæli Ford

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Viltu vita meira um Ford Focus?
Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO2 losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

## Julia Roberts

Ég er bara venjuleg manneskja með óvenjulegt starf.

*Leikkonan Julia Roberts fer með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndini Ocean's Eleven sem sýnd verður á stöð 2 í kvöld.*



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

### HARALDUR EINARSSON, ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS

**Ég er alltaf mjög slakur** þegar ég horfi á sjónvarpsefni, hvort sem það er drama, skemmtun, spenna eða annað. En það sem fær mig til að stökkva upp úr sófanum og garga er þegar Arsenal kemst yfir á móti einhverju stórliði. Eða þegar dómarinn dæmir vitlaust eða harkalega brotið á einhverjum úr íslenska landsliðinu í fótbolta eða handbolta.





1 **How to Get Away with Murder**
Ég horfi svolítið á þessa. Þeir eru svo nýir, öðruvísi og spennandi.



2 **Fight Club**
Þessi mynd nær mér einhvern veginn alltaf. Edward Norton er einnitt einn af mínum uppáhaldsleikurum.



3 **fótboltinn**
Ég horfi helst á Arsenal-leiki eða Meistaradeildina svona þegar ég er ekki upptekinn á löngum þingfundum.

## FM 957 kl. 16.00

### Íslenski listinn

Íslenski listinn færir þér 20 vinsælustu lög landsins, lög líkleg til vinsælda, lög sem voru á toppnum fyrir 10 árum og fleira skemmtilegt. Ósk Gunnars stýrir Íslenska listanum.





**Stöð 2 | 19:10**

### SJÁLFSTÆTT FÓLK

Einn umdeildasti en um leið áhrifamesti bæjarstjóri Íslandssögunnar, Gunnar Ingi Birgisson, nú bæjarstjóri í Fjallabyggð segir sögu sína og dregur ekkert undan hjá Jóni Ársæli í Sjálfstæðu fólki.


MEIRIHÁTTAR
SUNNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365





**Stöð 2 | 19:45**

### HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Árni Ólafur, kokkur og örbóndi í Árdal, Borgarfirðinum er mættur á ný í vandaðri og fróðlegri þáttaröð um lífið í sveitinni. Árni stækkar bústofninn og leitar um allt vesturland að spennandi hráefni úr sjó og landi.

**Stöð 2 | 20:15**

### BRITAIN'S GOT TALENT

Glæný þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum. Dómarar eru þau Amanda Holden, Alesha Dixon, David Walliams og Simon Cowell.





Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnaefni Stöðvar 2
**08.05** Mæja býfluga
**08.15** Stóri og Litli
**08.25** Kai Lan
**08.45** Kalli á þakinu
**09.10** Ljóti andarunginn og ég
**09.30** Villingarnir
**09.55** Kalli kanína og félagar
**10.20** Tommi og Jenni
**10.45** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga
**11.10** Teen Titans Go
**11.35** Victourious
**12.00** Bold and the Beautiful
**13.20** Bold and the Beautiful
**13.45** Ísland Got Talent
**15.45** Spurningabomban
**16.35** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**17.05** Íslenski listinn
**17.35** Sjáðu.
**18.00** Latibær
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Lottó
**19.15** Stelpurnar
**19.40** Fókus
**20.00** Ocean's Eleven
**22.00** Joe
**00.00** The Wolf of Wall Street
**03.00** Deadgirl
**04.40** Fargo

## SPORT *besta sætið*

**08.10** PSG - Barcelona
**09.55** Meistarad. - Meistaramörk
**10.25** KR - Njarðvík
**11.55** Barein - Æfing 3 BEINT
**13.00** FA Cup - Preview Show
**13.30** La Liga Report
**13.55** Barcelona - Valencia BEINT
**16.10** Reading - Arsenal BEINT
**18.10** Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur
**18.40** Shaqtin a Fool: Old School
**19.05** Bballography: Guerin
**19.30** Golden State - New Orleans BEINT
**22.30** Barein
**00.00** UFC 182. Jones vs. Cormier BEINT
**02.00** UFC Now 2015

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.15** Man. Utd. - Man. City
**09.00** Norwich - Middlesbrough
**10.40** Match Pack
**11.10** Enska úrvalsdeildin - upphitun
**11.40** Messan
**12.10** Liverpool - Newcastle
**13.50** Leicester - Swansea BEINT
**16.00** Markasyrpa
**16.20** Chelsea - Man. Utd. BEINT
**18.30** Stoke - Southampton
**20.10** Everton - Burnley
**21.50** Crystal Palace - WBA
**23.30** Leicester - Swansea
**01.10** Chelsea - Man. Utd.

## ÍNN

**17.00** Kling Klang **17.30** Eldhús meistaranna **18.00** Hrafnaþing **19.00** Kling Klang **19.30** Eldhús meistaranna **20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur og tækni **23.00** ABC barnahjálp **23.30** Frá Haga í maga **00.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum

## STÖÐ 3

**15.15** Junior Masterchef Australia
**16.05** The Bill Engvall Show
**16.30** Wipeout
**17.15** One Born Every Minute UK
**18.05** Bob's Burgers
**18.30** Amercian Dad
**18.50** Cleveland Show 4, The
**19.20** American Idol
**20.35** Raising Hope
**21.00** Trust Me
**21.50** Revolution
**22.30** The League
**22.55** American Idol
**00.15** Raising Hope
**00.35** Trust Me
**01.20** Revolution
**02.00** The League
**02.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Kalli á þakinu **08.22** Brunabílarnir **08.47** Víkingurinn Vic **09.00** Strumparnir **09.25** Ævintýri Tinna **09.47** Töfrahetjurnar **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Kalli á þakinu **12.22** Brunabílarnir **12.47** Víkingurinn Vic **13.00** Strumparnir **13.25** Ævintýri Tinna **13.47** Töfrahetjurnar **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Kalli á þakinu **16.22** Brunabílarnir **16.47** Víkingurinn Vic **17.00** Strumparnir **17.25** Ævintýri Tinna **17.47** Töfrahetjurnar **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Epic

## GULLSTÖÐIN

**18.30** Friends
**18.55** New Girl
**19.20** Modern Family
**19.45** The Big Bang Theory
**20.05** Gulli byggir
**20.45** Hreinn Skjöldur
**21.10** Without a Trace
**22.00** The Secret Circle
**22.45** Rita
**23.30** Covert Affairs
**00.15** Gulli byggir
**00.50** Hreinn Skjöldur
**01.15** Without a Trace
**02.00** The Secret Circle
**02.45** Rita
**03.30** Covert Affairs
**04.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**08.50** Men in Black 3
**10.35** Night at the Museum
**12.20** Robot and Frank
**13.50** The Rebound
**15.25** Men in Black 3
**18.55** Robot and Frank
**20.25** The Rebound
**22.00** Anchorman 2. The Legend Continues
**00.00** Bless Me, Ultima
**01.45** Special Forces
**03.35** Anchorman 2. The Legend Continues

## RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**09.38** Hrúturinn Hreinn
**09.45** Drekar
**10.09** Undraveröld Gúnda
**10.20** Vísindahorn Ævars
**10.25** Skólahreysti
**11.00** Djöflaeyjan
**11.30** Landinn
**12.00** Melissa og Joey
**12.20** Kvöldstund með Jools Holland
**13.20** Landsmót UMFÍ 50+
**13.50** Íslandsmótið í áhaldafimleikum
**14.15** Sterkasti maður Íslands
**15.05** Ástin grípur unglinginn
**15.50** Úrslitakeppni karla í handbolta
**17.10** Táknmálsfréttir
**17.20** Franklín og vinir hans
**17.44** Unnar og vinur
**18.10** Vinur í raun
**18.30** Hraðfréttir
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.35** Veðurfréttir
**19.45** Handboltalið Íslands
**21.50** Hrói höttur
**00.10** Allt um Steve
**01.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**11.35** The Talk
**12.13** The Talk
**12.53** Dr. Phil
**13.33** Dr. Phil
**14.16** Dr. Phil
**14.58** Cheers
**15.23** Psych
**16.05** Royal Pains
**16.47** Scorpion
**17.28** The Voice
**19.02** The Voice
**19.46** Red Band Society
**20.30** Sylvia
**22.06** Faster
**23.42** Unforgettable
**00.25** CSI
**01.07** Law & Order: UK
**01.52** Faster
**03.30** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.15** Golfing World 2015
**09.05** PGA Tour 2015
**12.05** Golfing World 2015
**12.55** Inside the PGA Tour 2015
**13.20** PGA Tour 2015
**16.20** This Is the Presidents Cup 201
**16.45** PGA Tour Latinoamerica
**17.10** Golfing World 2015
**18.00** PGA Tour 2015
**23.00** This Is the Presidents Cup

## HRINGBRAUT

**11.00** Þjóðbraut *(e)* **12.00** 433.is *(e)*
**17.00** Helgin *(e)* **17.30** Kvennaráð *(e)*
**18.00** Lífsstíll *(e)* **18.30** Hringtorg *(e)*
**19.00** Atvinnulífið *(e)* **19.30** Neytendavaktin *(e)*
**20.00** Mannamál *(e)* **20.30** Heimsljós *(e)*
**21.00** Helgin *(e)* **21.30** Kvennaráð *(e)*
**22.00** Lífsstíll *(e)* **22.30** Hringtorg *(e)*
**23.00** Atvinnulífið *(e)* **23.30** Neytendavaktin *(e)*

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LAGER SALA

Við erum á Facebook!

NORTH ROCK

staðreynd GLÆNÝ og flott vara - TOPPgæði - hugsað fyrir íslenska veðráttu



100% fisléttir

DÚNJAKKAR - DÖMU & HERRA 15.500 KR
3.000 MM VATNSHELDNI 100% ANDARDÚNN



KULDAÚLPUR DÖMU & HERRA
10.000 KR BARNAÚLPUR 9.000 KR



frábærir í ALLA útivist!

VATNS- & VINDHELDIR GALLAR - DÖMU & HERRA
10.000 MM VATNSHELDNI 15.000 KR



mjúk, hlý og ALLTAF eins!

FLÍSPEYSA 4.000 KR
DÖMU-HERRA & BARNA



GRI-SPORT GÖNGUSKÓR
LEÐUR & GRITEX
12.000 KR



liprir...

POLLAGALLAR - ST.1-8 ÁRA
7.000 KR



VATNS- & VINDHELDIR GALLAR -ST.2-14 ÁRA
8.000 MM VATNSHELDNI 9.500 KR



fisléttar

LÉTTAR ÚLPUR/JAKKAR -ST.3-12 ÁRA
6.000 KR

MERINOULL UNDIRFATNAÐUR - POLLAGALLAR Á FULLORÐNA - VETRARÚLPUR - FLÍSJAKKAR - FLÍSPEYSUR
HLAUPAFATNAÐUR - FATNAÐUR Í RÆKTINA - GÖNGUSKÓR - KULDASKÓR - ÚTIVISTARBUXUR - VINDJAKKAR

**OPNUNAR TÍMI**

18.apríl laugard. frá kl.12-17
19.apríl sunnud. frá kl.13-17

Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

## GERA ÞÆTTI UM REIMLEIKA



Þær Bryndís Björgvinsdóttir og Rakel Garðarsdóttir vinna nú að sex þátta röð um reimleika á Íslandi. Verkefnið er unnið af Vesturporti og verða þættirnir sýndir á RÚV með haustinu. Þættirnir munu fjalla um hinar ýmsu hliðar reimleika og verður einn þátturinn meðal annars um sögur af draugum sem eru á vegum og fara inn í bíla; draugum sem eru á ferð og flugi. - kak



„Allt líf mitt hefur verið undirbúningur fyrir þetta.“

**BRUCE JENNER**
UM AÐ HEFJA KYNSKIPTAFERLI, SEM HANN MUN RÆÐA Í EINKAVIÐTALI VIÐ DIANE SAWYER Í NÆSTU VIKU.

## AÐDÁANDI NAFNA SÍNS



**Gísli Marteinn Baldursson**, fyrrverandi borgarfulltrúi, er aðdáandi rapparans Gísla Pálma. Gísli Marteinn staðfesti þetta á Twitter í gær, skömmu eftir að plata Gísla Pálma kom út. „Er með nokkur járn í eldinum til að fá diskinn með flugvél hingað á næstu dögum,“ tísti borgarfulltrúinn fyrrverandi sem er búsettur í Boston, þar sem hann er við nám. Plata Gísla Pálma kom út í gær og hlaut góðar móttökur. Hún setti sölumet í Smekkleysu og er vinsælasta platan í sögu verslunarinnar, ásamt plötunni Kveikur með Sigur Rós. - kak

## ÁNÆGÐUR MEÐ VIGDÍSI



**Grínistinn Þorsteinn Guðmundsson** deildi á Facebook-síðu sinni eftirminnilegri sögu í tilefni af 85 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur. Þorsteinn hafði verið að skemmta á árshátíð Verkfræðingafélagsins fyrir um tíu árum. Uppistandið féll í grýttan jarðveg og fór það svo að Þorsteinn var klappaður af sviðinu honum til lítillar gleði. Daginn eftir fékk hann símtal frá Vigdísi sem hafði verið heiðursgestur samkomunnar, sem hrósaði honum og stappaði í hann stálinu. - vh




# Í Balmain-pilsi í höllinni

**Dorrit Moussaieff klæddist pilsi frá Balmain, bar skartgripi frá Moussaieff og var með sjal keypt á markaði í Indlandi í afmæli Danadrottningar á dögunum.**

Dorrit Moussaieff forsetafrú var svo sannarlega glæsileg í sjötíu og fimm ára afmæli Margrétar Þórhildar Danadrottningar í Kaupmannahöfn á miðvikudaginn.

Dorrit er þekkt fyrir smekklegan klæðaburð og var svo sannarlega engin undantekning á því í afmæli drottningarinnar.

Samkvæmt heimildum frá skrifstofu forseta Íslands rekur ljósbleika pilsið uppruna sinn til franska tískuhússins Pierre Balmain og við pilsið klæddist Dorrit útsaumuðum topp. Yfir axlirnar bar forsetafrúin blómaskreytt sjal sem keypt var á markaði á Indlandi. Skartgripirnir voru ekki af verri endanum en eyrnalokkarnir og hálsmenið, sem skreytt eru dökkgrænum og hvítum demantssteinum, koma frá skartgripamerkinu Moussaieff. Skartgripamerkið er í eigu fjölskyldu Dorritar og reka þau verslanir í London, Hong Kong, Genf og Frakklandi.

Mikið var um dýrðir í afmælinu sem fór fram í Kristjánsborgarhöll og sat Dorrit í einu besta sætinu við hlið danska krónprinsins Friðriks, en gaf honum ekkert eftir í glæsileika er hann flutti ræðu til heiðurs móður sinnar á þremur tungumálum. Fjöldi kóngafólks og þjóðarleiðtoga var viðstaddur afmælið.

gydaloa@frettabladid.is



**TIGNARLEG** Anne-Marie Grikklandsdrottning, Friðrik krónprins og Dorrit Moussaieff sitja hér saman til borðs í Kristjánsborgarhöll. Krónprinsinn er hér í miðri ræðu. NORDICPHOTOS/GETTY



**GLÆSILEG** Dorrit og Ólafur tóku sig afar vel út. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tískusendiherra Íslands

Heiðar Jónsson, sem margir kannast við sem Heiðar snyrti, var hrifinn af klæðaburði Dorritar.

„Mér finnst þeir setja myndavélarnar svolítið í gang þegar hún birtist, þetta klæddi hana alveg svakalega vel, bæði litur og stíll,“ segir Heiðar.

„Alveg eins og það átti að vera að halda upp á afmæli vina, hún kann þetta allt saman. Ef einhver kann það þá er það hún,“ segir hann og hlær.

Hann segir litavalið hafa heppnast vel en Dorrit var klædd í konunglega liti sem samkvæmt Heiðari klæða hana sérstaklega vel. „Þetta eru alveg hennar bestu litir.“

„Mér finnst hún vera tískusendiherra Íslands par excellence,“ segir Heiðar glaður í bragði að lokum.

# Verður berfætt í bleikum kjól

**Verið er að sauma kjólinn sem María Ólafsdóttir mun klæðast í keppninni.**

„Kjóllinn minn verður verður gylltur og antíkbleikur með pallíettum og tjulli,“ segir María Ólafsdóttir, fulltrúi Íslands í Eurovision 2015.

Það er Sunna Dögg Ásgeirsdóttir, systir Ásgeirs sem samdi lagið, sem hannar og saumar kjólinn. „Hún gerði líka kjólinn fyrir undankeppnina. Hún er að gera fleiri kjóla á mig sem ég tek með mér, en ég þarf að hafa tvö dress á dag,“ segir hún og hlær. María ætlar að vera berfætt á sviðinu, líkt og í undankeppninni. „Það er svo þægilegt og ég er miklu stöðugri á sviðinu. Ég mun hreyfa mig mun meira núna, þannig að það er enn þá þægilegra að ég sé á tánum.“ Þessa dagana er María á fullu að undirbúa atriðið. Henni til halds og trausts eru Eurovision-reynsluboltarnir Selma Björnsdóttir og Hera Björk Þórhallsdóttir.

„Hera er með mig á söngæfingum, en þar sem hún er úti í Síle þá æfum við í gegnum Skype.“ Selma aðstoðar Maríu við sviðsframkomuna, en hún lítur mikið upp til Selmu. „Hún var idolið mitt þegar hún var að keppa. Það er rosalega gott að hafa þær, en þær munu báðar koma með mér út. Ætli Eurovision-liðið úti tryllist ekki þegar þær mæta báðar?“ segir María og hlær.

Á næstu vikum kemur armband frá Jóni & Óskari í verslanir, sem Sunna Dögg hannaði einnig, og er sams konar og armbandið sem María mun bera í keppninni. Hún segist ekki finna fyrir stressi, en hún mun keppa á seinna kvöldinu. „Ég var smá skeptísk fyrst, þar sem við höfum alltaf verið á fyrra kvöldinu, en það er víst bara betra að þurfa þá ekki að bíða nema í tvo daga fram að stóru keppninni.“ - asi



**EKKERT STRESSUÐ** María segist ekki vera farin að finna fyrir stressi, enda sé hún með gott fólk í kringum sig.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.com

# Fullbúinn
# Fullorðins
# Fullkominn
## Nýr Kia Sorento




Brandenburg

SORENTO

KIA

The Power to Surprise

## Upplifðu nýjan og glæsilegan Kia Sorento

Við kynnum 3. kynslóð Sorento. Glæsileiki að utan jafnt sem innan og ekkert er til sparað í efnisvali. Bíllinn er betur búinn en áður og státar m.a. af 200 hestafla sparneytinni dísilvél, sex þrepa sjálfskiptingu, íslensku leiðsögukerfi og bakkmyndavél. Kia Sorento fylgir 7 ára ábyrgð.

**Kia Sorento bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

Verð frá **7.590.777** kr.

Kia Sorento Classic 2,2 — dísil

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

